

BLACK FRIDAY

44. TÖLUBLAÐ 3. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 29. NÓVEMBER 2019

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn

THULE ÚTIVISTARBAKPOKAR

50% AFSLÁTTUR

FÖSTUDAG - MÁNUDAGS EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



THULE
SWEDEN

THULE STIR 18L

Frábær í stuttar dagsgöngur
Mjög léttur

KR. 7.450

VERÐ ÁÐUR KR. 14.900



THULE STIR 28L

Frábær í lengri dagsgöngur
Góð öndun á bakhlið
Mjög léttur

KR. 9.450

VERÐ ÁÐUR KR. 18.900

KÍKTU Á
BLACK FRIDAY
TILBOÐIN
OKKAR Á
MARGTOGMÍKID.IS

MARGT & MÍKID

MARGT & MIKIÐ

HOLTASMÁRA 1 • MARGTOGMIKID.IS



PANIC TOWER

👤 2-8 • ⌚ ±20 • 👤 6+

kr. 4.790

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Markmið spilsins er einfalt! Dragðu spil og leggðu kubb á leikborðið.
Byrð þú yfir nægum stöðugleika til að færa kubba á milli stæða án þess að turninn hrynji?
Getur þú lagt kubb ofan á annan kubb með næmnina að vopni?
Passaðu þig að fella ekki kubba því þá færðu refsispjald.

SPIIUM SAMAN OG NJÓTUM SAMVERUNNAR



PARTNERS+

👤 6 • ⌚ ±45-60 • 👤 8+

kr. 7.900



PARTNERS

👤 4 • ⌚ ±60 • 👤 8+

kr. 6.800



FULLKOMIÐ PARASPII!

Frábær borðspil spiluð í tveggja manna liðum. Nokkurs konar lúðó með spilum í stað teninga sem eru notuð til að ná forskoti eða klekkja á andstæðingunum, því markmiðið er að koma öllum þeim á endareit. Mikilvægast er að vinna saman og beita réttu herkænskubrögðunum.

OPIÐ
ALLA DAGA

VIRKA DAGA

11-18

HELGAR

11-17

PANTAÐU Á
margtogmikid.is
OG FÁÐU SENT



„Konur deyja ekki af völdum grófs kynlífs“ **Erlent 4**

Aðgerðarsinnar segja málsvörminna „gróft kynlíf sem fór illa“ nýjustu útgáfu þess að kenna konum um þegar þær eru beittar ofbeldi.



Banki sem vill ekki lána peninga **Fréttaskýring 6**

Arion banki er á fullu að draga úr umsvifum sínum og greiða út eigið fé til eigenda sinna.



„Við mæðgur ætlum heim saman“ **Viðtal 22**

Þórunn Alda Gylfadóttir vakir yfir dóttur sinni sem liggur á sjúkrahúsi í Svipjóð eftir alvarlegan bruna. Hún er staðráðin í að koma heim með barnið sitt.



Geta allir dansað? **Séð og Heyrt 62**

Einvalalið 10 þekktra einstaklinga keppir með dansfélögum sínum í þáttunum Allir geta dansað, sem hefja göngu sína í kvöld.

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn



VIÐTALID

Bragi Valdimar Skúlason
& Karl Sigurðsson

„Má ekki gera grín að öllu við alla“

Baggalútsmennirnir **Bragi Valdimar Skúlason** og **Karl Sigurðsson** eru komnir í jólagírinn og undirbúa árlega jólatónleika hljómsveitarinnar. Þeir viðurkenna að það að verða feður hafi dregið úr glæfrægri orðanotkun í textum en harðneita því að vera orðnir minna beinskeyttir og krítískir.

Erlent
LEIGUBIFREIÐAR

Umdeildar breytingar í farvatninu á Íslandi



Á Íslandi er í smíðum nýtt frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur en starfshópur á vegum samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins komst að þeirri niðurstöðu að breytingar á íslensku regluverki um leigubifreiðar væru óhjákvæmilegar, í kjölfar athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Tillögur starfshópsins fólu m.a. í sér afnám fjöldatakmarkana og afnám skyldunnar til að vera tengdur við leigubifreiðastöð til að selja þjónustu.

„Að mati stjórnar Hreyfils er nauðsynlegt að leggja ríkar kröfur á herðar þeirra sem óska eftir að fá úthlutuðum atvinnu- eða rekstarleyfum svo tryggt sé að notendum sé tryggð örugg og fagleg þjónusta.“

Meðal þeirra sem skiluðu inn umsögn um frumvarpsdrögin voru Bandalag íslenskra leigubílstjóra og Bifreiðastjórafélagið Frami (sameiginleg umsögn) og Hreyfill. Í báðum umsögnum var m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að horft yrði til sakaferils umsækjenda þegar kæmi að veitingu atvinnuleysis og að gerðar yrðu kröfur um lágmarks íslenskukunnáttu.

Að mati stjórnar Hreyfils er nauðsynlegt að leggja ríkar kröfur á herðar þeirra sem óska eftir að fá úthlutuðum atvinnu- eða rekstarleyfum svo tryggt sé að notendum sé tryggð örugg og fagleg þjónusta,“ segir m.a. í umsögn Hreyfils. „Mjög mikilvægt er að eftirlitsaðilar hafi uppi virkt eftirlit og gerist leigubifreiðastjórar brotlegir við lög um leigubifreiðar komi til sviptingar á atvinnuréttindum.“

Í umsögn sinni lagðist Bandalag íslenskra leigubílstjóra alfarið gegn afnámi stöðvarskyldunnar. „Með tilkomu leigubifreiðastöðva er skattaundanskotum haldið í skefjum og allt eftirlit reynist stjórnvöldum aðgengilegra en ella,“ segir í umsögninni. Í umsögn Hreyfils var stöðvarskyldan m.a. sögð veita notendum þjónustunnar mikið öryggi, þar sem þeir gætu hvenær sem er haft samband við stöðina til að fá úrlausn sinna mála og þar væri sömuleiðis haldin gagnagrunnur um alla bíla stöðvarinnar og allar ferðir.

KRÓNAN



Finnurðu lyktina?

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Engar Uber-leigubifreiðar í Lundúnum?

Ökumenn leigubifreiðapjónustunnar Uber í Lundúnum eru um 45 þúsund talsins en þeir kunna að þurfa að finna sér annað að gera eftir að samgönguyfirvöld ákváðu að endurnýja ekki tímabundið starfsleyfi fyrirtækisins í borginni.

Leigubifreiðapjónustan Uber hefur verið svipt starfsleyfi í Lundúnum. Samgönguyfirvöld segja fyrirtækið ekki hæft til að reka leigubifreiðapjónustu í borginni, þrátt fyrir að það hafi gripið til ýmissa jákvæðra ráðstafana til að mæta gagnrýni. Uber missti starfsleyfi sitt í borginni upphaflega árið 2017 en voru veittar tvær framlengingar. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa ákveðið að áfrýja niðurstöðunni og verður Uber heimilt að starfa áfram þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir. Ökumenn Uber í Lundúnum telja 45 þúsund en heildarfjöldi leigubifreiða í höfuðborginni er talinn vera um 126 þúsund.

Samgönguyfirvöld segja að fyrirtækið hafi ítrekað stofnað farþegum í hættu, m.a. með kerfisbreytingu sem gerði leyfislausum bílstjórum kleift að hlaða myndum sínum upp á notandaögang annarra bílstjóra. Breytingin varð til þess að 14 þúsund óheimilar ferðir voru farnar 2018 til 2019. Þá leiddi rannsókn í ljós að bílstjórar sem Uber hafði bannað að keyra gátu þrátt fyrir það búið til notandaögang og ekið með farþega. Í einu tilviki tókst bílstjóra að halda áfram að keyra fyrir Uber þrátt fyrir að leyfi hans hefði verið fellt úr gildi í kjölfar þess að hann fékk viðvörðun fyrir að deila „ósamilegum“ myndum af börnum.

„Samkvæmt fyrirtækinu koma 24% tekna þess frá fimm stórborgum; Lundúnum, Los Angeles, New York, San Francisco og Sao Paulo.“

Uber ekki eitt um að sæta gagnrýni

BBC hefur eftir Helen Chapman, sem er yfir leyfismálum hjá samgönguyfirvöldum, að þrátt fyrir úrbætur væri ósættanlegt að Uber hefði orðið til þess að farþegar ferðuðust með bílstjórum sem væru mögulega leyfislausir og ótryggðir. „Ég veit að þessi ákvörðun kann að verða óvinsæl meðal notenda Uber en öryggi þeirra er í fyrirrúmi. Reglugerðum er ætlað að tryggja öryggi Lundúnarbúa,“ sagði borgarstjórinn Sadiq Khan.

Forsvarsmenn Uber hafa fordæmt ákvörðunina og segja hana ósanngjarna. Það verður undir dómstólum komið hvort hún er endanleg. Samkvæmt fyrirtækinu koma 24% tekna þess frá fimm stórborgum; Lundúnum, Los Angeles, New York, San Francisco og Sao Paulo. Félag þeirra leigubifreiðastjóra sem aka svokölluðum „black cabs“ hefur hins vegar fagnað ákvörðuninni en þeir hafa sakað Uber um að keyra niður gæði og staðla leigubifreiðapjónustunnar. Sótt hefur verið að fyrirtækinu víðar, m.a. í Danmörku, Búlgaríu og Ungverjalandi, þar sem Uber hefur hætt starfsemi.

Fleiri leigubifreiðapjónustufyrirtæki á borð við Uber hafa sætt gagnrýni síðustu misseri, t.d. Lyft, en á annan tug kvenna í San Francisco hefur kært fyrirtækið vegna meintra kynferðisbrota eða nauðgana af hendi bílstjóra. Segja þær að fyrirtækið hafi gert þekktum kynferðisbrotamönnum kleift að gerast bílstjórar og að það hafi hylmt yfir kvartanir um kynferðisofbeldi á fjölda starfsstöðva.

„Ég veit að þessi ákvörðun kann að verða óvinsæl meðal notenda Uber en öryggi þeirra er í fyrirrúmi.“

**BIRTINGUR EHF**

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500

**Lumar þú á frétt?**Sendu ábendingu á ritstjorn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - Framkvæmdastjóri: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - Fréttastjóri: Hólmfríður Gísladóttir - Ritstjórar tímarita: Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - Blaðamenn: Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir
Umbrot og hönnun: Ivan Burkni - Forsíða Mannlífs: Unnur Magna - Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is
Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing



Í miðborginni eru **yfir 220 veitingastaðir og kaffihús** með góðgæti frá öllum heimshornum. Þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum og þeir dreifast um stærra svæði en nokkru sinni fyrr. Frá Hlemmi og niður á Granda eru flestir bestu og skemmtilegustu veitingastaðir landsins tilbúnir með mat og drykk í öllum verðflokkum.

Velkomin í bæinn!

Með uppbyggingu í miðborginni og straumi ferðafólks til landsins hefur fjölbreytni veitingastaða stóraukist síðustu ár.

Veitingastaðir	225
Verslanir	275

Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar 2019.

Erlent
DÓMSMÁL

Myrti hana „óvart“ en gróf í ferðatösku



Grace Millane, 21 árs, var í heimsreiðu þegar hún kom til Nýja-Sjálands í nóvember í fyrra. Hún hafði kynnst manni á Tinder og átti stefnumót við hann í Auckland þann 1. desember. Líkamsleifar hennar fundust átta dögum síðar, í ferðatösku sem hafði verið grafin fyrir utan borgina. Jesse Kempson, 27 ára, var í síðustu viku fundinn sekur um að hafa myrt Millane en við réttarhöldin sögðu verjendur hans að hann hefði „óvart“ þrengt að hálsi hennar með þeim afleiðingum að hún lést.

Sérfræðingur sagði við réttarhöldin að það hefði tekið Millane fimm til tíu mínútur að deyja og að hún hefði misst meðvitund áður.

„Þú getur ekki gefið samþykki fyrir eigin morði.“

Vitni sem kynntist Millane í gegnum BDSM-stefnumótasiðu, sagði hana hafa verið „saklausa“ en fyrirverandi kærasti sagði Millane þvert á móti hafa haft reynslu af BDSM og þekkt vel til öryggisráðstafana. Hann staðfesti að hún hefði leyft honum að þrengja að hálsi hennar þegar þau stunduðu kynlíf en sagði þau hafa notað öryggisorð og snertingar til að gefa til kynna að þau vildu stoppa.

„Þú getur ekki gefið samþykki fyrir eigin morði,“ sagði saksóknarinn í málinu en verjendur Kempson sögðu að um slys hefði verið að ræða, sem mætti m.a. rekja til áfengisneyslu og reynsluleysis.

Við réttarhöldin var Kempson sagður hafa farið á annað Tinder-stefnumót sama dag og hann losaði sig við líkamsleifar Millane, og aðrar konur höfðu hætt samskiptum við hann vegna framkomu hans. Þá var hann sagður eiga sögu um að segja ósatt og hafði m.a. logið því til að hann hefði greinst með krabba-mein, að hann væri atvinnuþrótta- maður og að hann væri yfirmaður á olúborðspalli.

Er BDSM vandamálið?



Sumir hafa viljað kenna auknum sýnileika BDSM, m.a. *Fifty Shades of Grey*, um auknið ofbeldi í kynlífi en þeir sem þekkja til segja fáa meðvitaðri um samþykki og öryggi en þá sem stunda BDSM. Þeir benda á að iðkendur BDSM-kynlífs notist við öryggisorð og aðrar öryggisráðstafanir, neyti fæstir áfengis í bland við kynlífið og hlaupi ekki burtu frá aðstæðum.

„Ég held ekki áfram ef einhver bregst ekki við eða missir meðvitund,“ hefur Huffington Post eftir iðkanda. „Að gera eitthvað annað er vanræksla, ekki með samþykki og afar hættulegt. Það rúmast ekki innan minnar skilgreiningar á BDSM; það er hrein og bein misnotkun á annarri manneskju.“

Breskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu árið 1994 að þegar um væri að ræða alvarlega áverka gæti gerandinn ekki borið fyrir sig að þolandinn hefði verið samþykktur. Þingmaðurinn Harriet Harman berst nú fyrir því að niðurstaðan verði fest í lög.

Kynferðisofbeldi

„Gróft kynlíf sem fór illa“

Mál manns sem var dæmdur fyrir að hafa myrt unga breska ferðakonu í Nýja-Sjálandi hefur vakið upp umræðu um „gróft kynlíf“ sem málsvörn. Gagnrýnendur segja afsökunina nýjustu útgáfu þess að kenna konum um þegar þær eru beittar ofbeldi en þeim málum fer fjölgandi þar sem henni er beitt í dómssal.



Ekki liggur fyrir hvort kyrkingum hefur fjölgað eða hvort málsvörninni er einfaldlega beitt oftar nú en áður.

Breskir lögmennt og kvenréttinda-samtök hafa kallað eftir lagabreytingu til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem hafa verið ásakaðir um morð geti notað það sem vörn að dauða fórnarlambins hafi borið að þegar gróft kynlíf fór illa. Sérfræðingar segja fjölda slíkra málsvarna hafa tífaldað síðustu áratugi en samkvæmt samtökunum We Can't Consent to This létust 30 konur og stúlkur á síðustu 10 árum við það sem gerandinn vildi meina að hefði verið gróft kynlíf með samþykki beggja. Í 17 málum var sakborningurinn dæmdur fyrir morð, í níu málum var niðurstaðan manndráp af gáleysi en sýknað var í tveimur málum.

Árið 1996 komu upp tvö mál þar sem dauði og áverkar kvenna voru sagðir afleiðing grófs kynlífs en árið 2016 hafði fjöldinn náð 20. Vandamálið er ekki bundið við Bretland en komst aftur í hámaili



„Konur deyja ekki af völdum grófs kynlífs. Þær deyja af því að menn beita þær ofbeldi.“

eftir að bresk stúlka var myrt á Nýja-Sjálandi í fyrra en lögmaður morðingjans vildi meina að um slys hefði verið að ræða, við ástundun „hefðbundinnar“ kynlífsiðkunar. Sakborningurinn í málinu var fundinn sekur í síðustu viku.

Kyrking dánarorsök í þriðjungi heimilisofbeldismála

We Can't Consent to This-samtökin voru sett á fót þegar John Broadhurst var dæmdur fyrir manndráp af gáleysi eftir að hann varð Natalie Connolly að bana árið 2016. Broadhurst hlaut aðeins þriggja ára og átta mánaða fangelsisdóm þrátt fyrir að 40

áverkar hefðu fundist á líkamsleifum Connolly, þeirra á meðal alvarlegar innvortis blæðingar og brotin augntóft. Þá var hún með leifar af klór í andlitinu. „Samþykki“ sem kemur oft við sögu í nauðgunarmálum, er hvorki afsökun fyrir meiðslum né dauða í breskum lögum. Aðgerðasinnar segja „gróft kynlíf sem fór illa“ sem vörn í



Broadhurst hlaut aðeins þriggja ára og átta mánaða fangelsisdóm þrátt fyrir að 40 áverkar hefðu fundist á líkamsleifum Connolly, þeirra á meðal alvarlegar innvortis blæðingar og brotin augntóft.



sakamálum þó geta orðið til þess að menn séu frekar dæmdir fyrir manndráp af gáleysi en morð og að þeir fá vægari dóma.

Susan Edwards, prófessor við lagadeild University of Buckingham, bendir á að kyrking sé dánarorsök í þriðjungi tilvika þar sem einstaklingur verður maka sínum að bana. Hún sagði í samtali við Guardian að það færðist í aukana að menn bæru fyrir sig grófu kynlífi sem vörn þar sem BDSM þætti nú ásættanlegur þáttur í kynlífsiðkun fólks. Fyrir þrjátíu árum hefðu ofbeldismennirnir heldur borið fyrir sig að þeim hefði verið ögrað eða að þeir hefðu misst stjórn á sér.

Óhugnanleg þróun

„Konur deyja ekki af völdum grófs kynlífs. Þær deyja af því að menn beita þær ofbeldi,“ segir Karen Ingala-Smith, framkvæmdastjóri góðgerðasamtakanna Nia, sem berjast gegn heimilisofbeldi. Hún sagði klám hluta vandans, þar sem ungir menn hefðu ranghugmyndir um kynlíf og konur upplifðu þrýsting um að setta sig við ofbeldi sem þátt í kynlífinu.

Fiona MacKenzie, stofnandi We Can't Consent to This, sagði í samtali við Sky News að þróunin væri óhugnanleg; að í málum þar sem konur væru beittar ofbeldi neyddust þær til að mæta fyrir dóm og verjast afsökunum um að hafa verið viljugir þátttakendur í ofbeldinu. „Það er ekkert sem bendir til þess að þessar konur hafi gefið samþykki sitt. Þessir menn beita hræðilegu, sadísku ofbeldi og nota þessa vörn til að koma sér undan þyngri dómum.“

Morð verður að manndrápi



Að bera við grófu kynlífi sem málsvörn komst fyrst í fréttirnar árið 1986, þegar Robert Chambers var ákærður fyrir að hafa myrt Jennifer Levin. Bæði tilheyrðu elítu New York-borgar og höfðu verið kynnt af vinnu. Að kvöldi 26. ágúst fóru þau út á lífið en ákváðu að rölta um í Central Park eftir stutt rífrildi. Tveimur tímum síðar fann lögregla líkamsleifar Jennifer. Hún hafði verið beitt ofbeldi svo sá á líkinu, og kyrkt.

Chambers var handtekinn og ákærður fyrir morð. Í fyrstu neitaði hann að hafa átt hlut að máli en við réttarhöldin héldu verjendur hans því fram að dauða Jennifer hefði borið að þegar gróft kynlíf fór úrskeiðis. Málsvörnin varð til þess að kvíðdómurinn gat ekki komist að einróma niðurstöðu og ákærvaldið neyddist til að samþykkja að Chambers yrði sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi.

Gróft kynlíf var mögulega notað sem málsvörn í fyrsta sinn fyrr sama ár þegar Dennis Bulloch sagðist hafa kæft eiginkonu sína óvart meðan á kynlífsleikjum þeirra stóð. Líkamsleifar konunnar fundust í brunarústum bílskúrs hjónanna, sem Bulloch viðurkendi að hafa kveikt í. Bulloch var fundinn sekur um manndráp af gáleysi og hlaut sjö ára fangelsisdóm.

BYKO

Pú mátt ekki missa af þessu!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 2. desember eða á meðan birgðir endast.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

frá fimmtudegi til mánudags!

30% afsláttur

Jólaseriur og jólas kraut • Lemax Matar- og kaffistell • Glös • Luktir & kósývara • Búsáhöld • Pottar & pönnur • Leikföng • Barnabílstólar Mottur & dreglar • Föndurvörur Járnhillur • Háprýstidælur • Allur Dovre ullarnærfatnaður

Frjár Kópál líta-prufur

Málning ekki viðarvörn

20% afsláttur

25% afsláttur

Gæludýrafóður • Harðparket • Baðinnréttingar Skil rafmagnsverkfæri • Blá Bosch verkfærasett Allar Cat vörur • Bílafylgihlutir • Bílahreinsivörur

Valdar Snickers vörur

25-70% afsláttur



Viltu vinna?

Skráðu þig á facebook viðburðinn okkar og þú gætir unnið **svarta KitchenAid hrærivél** að verðmæti 79.995. Vinningshafi dreginn út mánudaginn 2. desember

Valin **BOSCH, Einhell og Ryobi** rafmagnsverkfæri

25-40% afsláttur

Nýtt í BYKO

100stk í boði

Tilboðsverð

Rafmagns-hlaupahjól XZ1200

29.995

41036746

Almennt verð: 39.995



Þú finnur jólagjöfina hjá okkur

Skoðaðu á byko.is



Fjöldi gjafa-hugmynda á svörtum föstudags-verðum

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

ARION BANKI

Á BREYTINGASKEIÐINU

Einn kerfislægt mikilvægur banki, samkvæmt formlegri skilgreiningu stjórnvalda, er í einkaeigu. Það er Arion banki.

Á sama tíma og rætt er um mikilvægi þess að bankar styðji við vöxt í efnahagslífinu, eftir áfall með falli WOW air, er Arion banki að endurskipuleggja rekstur og draga saman seglin. Tilgangurinn virðist meðal annars vera sá að geta greitt eins mikið eigið fé út úr bankanum og mögulegt er til hluthafa hans.

Við hrúnið voru þrjú bankar endur-reistir. Tilgangurinn var að verja hagsmuni íslensks almennings og íslenskra fyrirtækja enda allir bankarnir þrjú kerfislega mikilvægir. Í dag, ellefu árum eftir að Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki fengu nýjar kennitölur, eru þeir enn taldir til kerfislega mikilvægra aðila af Fjármálastöðugleikaráði.

Það eru aðilar sem vegna „stærðar og eðlis starfsemi sinnar geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á raunhagkerfið ef þeir lenda í erfiðleikum“.

Einn kerfislægt mikilvægur banki, samkvæmt formlegri skilgreiningu stjórnvalda, er í einkaeigu. Það er Arion banki. Hann er á fullu við að endurskipuleggja rekstur sinn og draga verulega úr umsvifum sínum. Í því felst að takmarka verulega útlán sín, fækka starfsfólki hratt og borga út eins mikið af eigin fé sínu til eigenda og hann kemst upp með, á sem skemmstum tíma.

Hófst allt með stöðugleikasamningunum

Allir íslensku bankarnir þrjú eru á meðal tíu stærstu fyrirtækja landsins. Arion banki er þeirra minnstur með 77,5 milljarða króna í veltu í fyrra. Athygli vekur að á meðan að bæði Landsbankinn og Íslandsbanki juku veltu sína á árinu 2018 dróst hún verulega saman hjá Arion banka, eða um 18 prósent.

Þessi þróun er hluti af áætlun sem hefur verið lengi í bígerð. Nánar tiltekið frá því að stöðugleikasamningarnir svokölluðu tóku gildi þegar Arion banki fékk undanþágu frá fjármagnshöftunum snemma árs 2016. Þá var eignarhaldi bankans þannig háttáð að íslenska ríkið átti 13 prósent hlut en Kaupþing, félag utan um eftirstandandi eignir kröfuhafa þess banka, átti 87 prósent.

Í samningunum sem undirritaðir voru 13. janúar 2016 var meðal annars sagt til um að Kaupþing ætti að gefa út skuldabréf upp á 84 milljarða króna sem væri tryggt með veði í öllum hlut

”

„Arion banki er á fullu við að endurskipuleggja rekstur sinn og draga verulega úr umsvifum sínum.“

félagsins í Arion banka. Skuldabréfið bar vexti og einungis mátti greiða inn á það með því að selja hluta í Arion banka á gengi sem væri yfir 0,8 krónur fyrir hverja bókfærða krónu af eigin fé bankans. Ef viðskipti færu fram undir því gengi myndi virkjust forkaupsréttur sem ríkið samdi um að fá. Kaupþing þurfti að greiða upp skuldabréfið, og þar með selja Arion banka, fyrir árslok 2018.

Samandregið snerist þetta samkomulag um að ef Kaupþing seldi Arion banka myndi stór hluti af ágóðanum fara í ríkissjóð. Í dag hefur ríkissjóður fengið um 90 milljarða króna vegna sölu Kaupþings á hlutum sínum í Arion banka, sem hófst í mars 2017, auk vaxta. Skuldabréfið sem var með veði í hlutum í Arion banka var svo greitt upp að fullu á árinu 2018.



BLACK FRIDAY

20% AFSLÁTTUR AF NÆR ÖLLUM VÖRUM
10% AFSLÁTTUR AF VOLUSPA
GILDIR AÐEINS Í VERSLUN 29.11.19



Glam hliðarborð
kr. 36.600
Black Friday tilboð
kr. 29.280



Lena L ljós
kr. 14.400
Black Friday tilboð
kr. 11.520

Lena M ljós
kr. 12.900
Black Friday tilboð
kr. 10.320



ALDREI MEIRA ÚRVAL AF
VOLUSPA



Bar Lounge stóll á snúningsfæti
kr. 103.200
Black Friday tilboð
kr. 82.560



Blink motta
170x240 kr. 84.900
Black Friday tilboð
kr. 67.920



ÆVINTÝRALEGT ÚRVAL AF
FLOTTUM PÚÐUM

Recast svefnsófi
kr. 149.900
Black Friday tilboð
kr. 119.920



Hari Vasar
kr. 5.800 stk.
Black Friday tilboð
kr. 4.640 stk.



Tripod gólf lampi kr. 37.900
Black Friday tilboð
kr. 30.320

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f / linanehf](#) [t / linan.is](#)
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



kjarninn

FRÉTTASKYRING



Kírstín Þ. Flygering.

Skammtímasjóðir með skammtíamarkmið

Erlendu eigendur Kaupþings, og þar með Arion banka á þessum tíma, voru, og eru, að uppistöðu skammtímasjóðir. Það þýðir að þeir ætla sér ekki að eiga bankann til lengri tíma, heldur að hámarka virði eigna sinna á nokkrum árum. Svo verður sjóðnum slitið og þeir sem eiga hlut í honum, sem ekki er opinbert hverjir eru, fá greitt út ágóðann af fjárfestingunni.

Þessir sjóðir þurftu að finna aðrar leiðir til að ná út hámarksverðmætum úr Arion banka en að láta Kaupþing selja hann.

Leiðin sem var valin var ekki flókin, þeir keyptu bankann að mestu af sjálfum sér.

Á árinu 2017 keyptu fjórir af stærstu eigendum Kaupþings, Taconic Capital, Och-Ziff Capital Management Group, sjóðir í stýringu Attestor Capital og Goldman Sachs, samtals 29,6 prósent hlut í Arion banka.

Tveir þeirra, Attestor og Goldman Sachs, bættu við sig 2,8 prósent hlut 13. febrúar 2018. Sama dag var kaupréttur Kaupþings á 13 prósent hlut ríkisins í Arion banka virkjaður. Sá kaupréttur var formgerður í samningi frá árinu 2009, var fortakslaus og einhliða. Ríkið mátti því ekki hafna tilboðinu án þess að gerast brotlegt við gerða samninga.

Gengið var formlega frá sölu hlutarins 26. febrúar 2018. Kaupverðið var 23,4 milljarðar króna og ekkert opið né gagnsætt söluferli fór fram. Um eina stærstu eignasölu ríkisins frá upphafi er að ræða.

Ein helsta ástæða þess að vogunarsjóðirnir sem áttu, og eiga, Kaupþing, vildu kaupa hlut ríkisins var, samkvæmt heimildum Kjarnans, að losna við fulltrúa Banksýslu ríkisins, Kírstínu Þ. Flygering, úr stjórn Arion banka áður en að ráðist yrði í skráningu bankans á markað og frekari breytingar á starfsemi hans.

15. febrúar 2018 var samþykkt að Arion banki myndi kaupa 9,5 prósent hlut í sjálfum sér af Kaupþingi, stærsta eiganda bankans. Um var að kaup á eigin bréfum í samræmi við ákvörðun hluthafafundar. Til viðbótar var greidd arðgreiðsla upp á 7,9 milljarða króna.

Eigendahópur Kaupþings hafði kúvenst á nokkrum vikum. Og í kjölfarið var ráðist í skráningu á markað. Henni lauk sumarið 2018.



„Erlendu eigendur Kaupþings, og þar með Arion banka á þessum tíma, voru, og eru, að uppistöðu skammtímasjóðir. Það þýðir að þeir ætla sér ekki að eiga bankann til lengri tíma, heldur að hámarka virði eigna sinna á nokkrum árum. Svo verður sjóðnum slitið og þeir sem eiga hlut í honum, sem ekki er opinbert hverjir eru, fá greitt út ágóðann af fjárfestingunni.“

Stefnt að því að ná út tugum milljarða

Í aðdraganda skráningar var farið víða til að reyna að telja nýja fjárfesta á að koma í þá vegferð sem var fram undan með erlendu skammtímasjóðunum. Í henni fólst fyrst og síðast að fullnýta allar leiðir til að greiða út eigið fé út úr Arion banka, og til hluthafa. Íslenska ríkið hafði enda ekkert tillit til þeirra fjármuna. Í fjárfestakynningu sem Kvika banki vann fyrir Kaupþing var því haldið fram að svigrúm væri til að greiða allt að 80 milljarða króna út úr Arion banka á tiltölulega skömmum tíma, eða þriðjung þess. Þær greiðslur myndu fara fram í gegnum endurkaup á bréfum og arðgreiðslur, eftir að aðgerðaáætlun yrði hrint í framkvæmd.

Aðgerðirnar sem þurftu að grípa til voru eftirfarandi: Breyta fjármögnun bankans þannig að hægt væri að greiða út mikið af því eigin fé sem var að finna í honum, fækka starfsfólki verulega og minnka þannig rekstrarkostnað, selja undirliggjandi eignir sem væru ekki hluti af kjarna-starfsemi og taka svo til í útlánunum.

Samhliða hefur verið skipt um fólk í brúnni. Benedikt Gíslason var ráðinn nýr bankastjóri í stað Höskuldar H. Ólafssonar og hóf störf í byrjun júlí. Kjarninn hafði greint frá því rúmum tveimur mánuðum áður en að tilkynnt var um ráðningu Benedikts, að hann væri efstur á blaði stjórnar í starfið. Hann hafði unnið mikið fyrir Kaupþing og stærstu eigendur þess félags árin á undan, í kjölfar þess að hann færði sig þangað eftir að hafa unnið fyrir stjórnvöld við að semja við kröfuhafa. Hann sat áður í stjórn Arion banka og nýtur trausts erlendu sjóðanna sem eiga þar enn stóran hlut. Benedikt hefur hreinsað til í framkvæmdastjórn Arion banka og réð auk þess Ásgeir Helga Reykjörð Gylfason sem aðstoðarbankastjóra.

Kerfislega mikilvægur banki á breytingarskeiði

Nýju stjórnendurnir hafa látið hendur standa fram úr ermum við að breyta bankanum síðustu mánuði, þótt breytingarnar séu mislangt komnar. Þær áttu líka, til viðbótar við að bæta getu Arion banka til að greiða út fjármagn sem er að finna í bankanum, að skila því að bankinn nái markmiði um tíu prósent arðsemi eiginfjár. Það er enda auðveldara að ná slíku markmiði ef eigið féð er minna. Þá átti að ná því markmiði að rekstrarkostnaður nemi um 50 prósent af rekstrartekjum.

Þetta er háleitt markmið, sé horft til þess hvernig rekstur bankans hefur gengið að undanfögnu. Arðsemin hefur verið lítil sem engin, eða á bilinu 1,6 til þrjú prósent, en það telst lágt í alþjóðlegum samanburði. Kostnaðarhlutfallið – það er rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrarartekjum – hefur einnig verið langt fyrir ofan fyrrnefnt

markmið og hefur verið á bilinu 60 til 78 prósent sé horft yfir tímabilið frá því bankinn var skráður á markað 15. júní í fyrra.

Fækka starfsfólki og minnka útlán um 20 prósent

Starfsfólki bankans hefur fækkað hratt. Samstæðan var með 933 starfsmenn í lok þriðja ársfjórðungs í fyrra en ári síðar voru þeir orðnir 802 og hafði fækkað um 14 prósent. Fjármögnun bankans hefur verið kúvent með útgáfu víkjandi skuldabréfa. Arion banki hefur minnkað heildarumfang útlána sinna til að minnka greiðslur í sérstakan bankaskatt og til að reyna að breyta samsetningu eigna sinna svo bankinn þurfi ekki að uppfylla jafnströng eiginfjárviðmið og hann gerir í dag. Í nýlegri fjárfestakynningu, sem aðstoðarbankastjóri Arion banka kynnti á markaðsdegi hans í London 12.

nóvember síðastliðinn, kom fram að bankinn ætli sér að minnka fyrirtækjautlán sín um 20 prósent til viðbótar fyrir lok næsta árs. Áhersla Arion banka verður þá á viðskiptavini sem þurfa á bilinu 500 milljóna til 10 milljarða króna fjármögnun. Stærri kúnum verði beint í skuldbréfaútboð þar sem Arion banki hyggst verða milliliður og taka þóknar fyrir, en lánin sjálf verða ekki hluti af efnahagsreikningi bankans.

Þegar afkoma bankans fyrir þriðja ársfjórðung var kynnt var haft eftir bankastjóra bankans í tilkynningu að ákveðin áherslubreyting væri til

Benedikt Gíslason var ráðinn bankastjóri Arion banka í sumar. Áður starfaði hann fyrir Kaupþing og var hluti af því mengi starfsmanna og stjórnenda félagsins sem fékk greiðslur upp á milljarða samtals á síðasta ári.

ILVA

LITRÍKUR

SVARTUR FÖSTUDAGUR

29. NÓVEMBER - 2. DESEMBER
GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Sparaðu allt að

70%

AF VÖLDUM VÖRUM



Lotus
49.950

SPARAÐU 49.950

ALLIR LOTUS
SÓFAR
50%

LOTUS SÓFI. 3ja sæta sófi með bláu eða ljósgráu áklæði.
L217 cm. 99.900 kr. **NÚ 49.950 kr. SPARAÐU 49.950 kr.**

RELIEF
GLÖS

Sparaðu
60%

NÚ **14.950** **50%**



RELIEF
Whisky glös - 4 í pk. 2.995 kr. **Nú 1.198 kr.**
Glös með handfangi - 4 í pk. 2.995 kr. **Nú 1.198 kr.**
Kampavinsglös - 4 í pk. 2.995 kr. **Nú 1.198 kr.**
Karafla 0,7L. 7.995 kr. **Nú 3.198 kr.**



HYPE STÓLL. Blátt eða vínrautt velúr.
29.900 kr. **Nú 14.950 kr.**

ÖLL
JÓLAVARA

Sparaðu
40%

ÖLL
UMAGE LJÓS

Sparaðu
30%



PASSION
MATARSTELL

Sparaðu
70%



PASSION MATARSTELL
Matardiskur Ø28 cm. 1.695 kr. **Nú 508 kr.**
Hliðardiskur Ø23 cm. 1.295 kr. **Nú 388 kr.**
Kanna með handfangi. 995 kr. **Nú 298 kr.**

NÚ **2.970**

70%



STOOL KOLLUR. Natur með brúnu Suede sæti eða svartur bambusstóll. 9.900 kr. **Nú 2.970 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



kjarninn

FRÉTTASKYRING

„Virði Valitor í bókum Arion banka hefur samhliða dregist verulega saman og dótturfélagið er nú verðmetið á 11,7 milljarða króna, eða 4,1 milljörðum króna minna en í upphafi árs.“



staðar þegar kæmi að fjármögnun fyrirtækja. „Vegna hárra skatta og mikilla eiginfjárvæðinga á fjármálafyrirtæki getur verið hagstæðara fyrir sum fyrirtæki að fjármagna sig með öðrum hætti en hefðbundnum bankalánum. Arion banki ætlar að efla þjónustu við þessi fyrirtæki, vera ráðgefandi um hagstæðustu fjármögnun hverju sinni og vera öflugur samstarfsaðili með heildarhagsmunum þeirra í fyrirrúmi.“

Eigið féð minnkað um 30 milljarða

Í kynningu fjármálastjóra bankans á sama fundi í London kom fram að tækifæri væru til að endurskipuleggja fjármögnun tryggingafélagsins Varðar og losa þannig um fé til útgreiðslu. Þá hefur lengi staðið til að selja greiðslumiðunarfyrirtækið Valitor, en hörmuleg rekstrarframmistaða þess – Valitor hefur tapað sex milljörðum króna frá upphafi árs 2018 – hefur leitt til þess að áhuginn á kaupum hefur ekki verið mikill. Virði Valitor í bókum Arion banka

Innrás eða útrás?

■ Viðmælendur Kjarnans á fjármálamarkaði sögðu umræðu um íslenska bankakerfið nokkuð einsleita þessi misserin. Flestir ræddu um slakan rekstrargrunn og ofmönnum – eins og „þið blaðasnáparnir“, svo vitnað sé beint í einn viðmælendann – en of fáir ræddu um hvað væri fram undan. Sú sýn væri ekki spennandi fyrir íslenskt fjármálakerfi, að það geti ekki þjónustað útflutningshlið fjármálakerfisins af nægilegum metnaði. Þótt útrásarhugtakið væri ekki beint í tísku þá væri það samt spurning hvornig bankakerfið ætti að geta stutt við íslenskt efnahagslíf til framtíðar án góðra tenginga við alþjóðlega fjármálamarkaði. Staðan í dag er þannig að allt íslenska bankakerfið er með um 89 prósent eigna sinna í íslenskum eignum en ellefu prósent í erlendum.

Annar möguleiki er líka alveg fyrir hendi, og raunar farið að sjást glittra í hann. Það er að innreið tæknifyrirtækja inn á fjármálamarkaði muni verða verulega umfangsmikil á næstu misserum, og Ísland muni ekki geta undanskilið sig frá þessu.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, hefur sagt að bankinn hafi metnað til þess að efla enn frekar fjártækni sína, til að vera samkeppnishæfur á þessu sviði. Bæði Íslandsbanki og Landsbankinn hafa einnig haft þessar áherslur.

En spurningarnar hvað þessa þróun varðar, eru mun frekar tengdar heildarmynd fjármálakerfisins á Íslandi og hvornig það muni þróast. Hvernig munu okkar kerfislægt mikilvægu bankar – og Arion banki þar meðtalin – takast á við það þegar greiðslumiðlun opnast upp á gátt, tæknifyrirtæki fara að bjóða upp á þjónustu, eins og lán og nútímalega bankaþjónustu, þvert á landamæri. Það má líkja því sem nú á sér stað við hálfgerða innrás, í þessu samhengi. Lítið fjármálakerfi, sem styðst við eitt minnsta myntkerfi í heimi, gæti átt erfitt með að aðlagast þessum breytingum. Áherslur fyrirtækja eins og Amazon og Apple hafa birst neytendum á undanförunni ári, en bæði fyrirtækin hafa boðið sérstök greiðslukort og hafa farið beint inn á fjármálamarkað í Bandaríkjunum með þeim, og þannig komist inn í greiðslumatskerfi (Credit Score) fjármálageirans.

Flestar spár gera ráð fyrir að tæknirísarnir í heiminum muni fara hratt og örugglega inn á neytendamarkað með fjármálaþjónustu, og hefur Amazon nú þegar sýnt á spilin með innbyggðu afsláttarkerfi sínu fyrir alla korthafa Amazon-greiðslukorts. Líklega líður ekki á löngu þar til lán og tryggingar fara að bjóðast frá tæknifyrirtækjunum, enda eru þau með fulla vasa fjár og búa yfir ítarlegum gögnum um neytendur, sem hjálpar til við að greina áhættu.

Þrátt fyrir að þetta virðist langt í burtu, frá íslenskum veruleika, þá þarf það ekki að vera raunin. Innan fárra ára gætu tæknifyrirtækin hafið innreið á íhaldssaman fjármálamarkað af miklu meiri krafti en þau hafa nú þegar gert.

hefur samhliða dregist verulega saman og dótturfélagið er nú verðmetið á 11,7 milljarða króna, eða 4,1 milljörðum króna minna en í upphafi árs.

Arion hefur líka reynt að selja kisilmálmverksmiðju United Silicon í Helgubólum, sem bankinn hefur setið með í fanginu frá því að slökkt var á henni fyrir rúmum þremur árum. Verðmiðinn á henni hefur hríðfallið undanfarið, en hún er nú bókfærð á 5,5 milljarða króna. Það er 20 prósent lægri verðmiði en var á verksmiðjunni í lok mars 2019.

Afleiðing allra ofangreindra aðgerða sem þegar búið er að framkvæma er sú að eigið fé Arion banka hefur lækkað úr 225,7 milljörðum króna í lok árs 2017 í 196 milljarða króna í lok september síðastliðins. Eða um 30 milljarða króna. Ljóst er að stefnt er að því að minnka það enn frekar í nánustu framtíð.

Hröð breyting á eignarhaldi

Erlendu skammtímasjóðirnir sem komu til Íslands eftir hrunið hafa flestir dregið verulega úr starfsemi sinni hérlandis eftir að höftum var lyft. Þeir hafa sérstaklega dregið

Benedikt Gíslason var ráðinn nýr bankastjóri í stað Höskuldar H. Ólafssonar og hóf störf í byrjun júlí. Kjarninn hafði greint frá því rúmum tveimur mánuðum áður en að tilkynnt var um ráðningu Benedikts, að hann væri efstur á blaði stjórnar í starfið.



SVÖRT HELGI
20%
afsláttur af öllum
vörum alla helgina

*Gildir aðeins í verslunum Lindex
ekki á lindex.is út sunnud. 1.des.

LINDEX

*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

síg út úr eignarhaldi á skráðum hlutabréfum og í dag má finna erlenda fjárfestingu sem einhverju nemur í tveimur skráðum íslenskum félögum.

Annað er Marel, langverðmætasta félagið í íslensku kauphöllinni sem var tvískráð í ár og hyggur á mikinn viðbótarvöxt alþjóðlega næsta áratuginn. Hitt er Arion banki.

Á því er þó að verða breyting samhliða því að greiðslur út úr bankanum hafa aukist. Frá þeim tíma þegar íslenska ríkið seldi hlut sinn í bankanum, í febrúar í fyrra, þá hefur verið mikil hreyfing á hlutabréfum í honum. Markaðsvirði bankans var um 150 milljarðar þegar ríkið seldi, en um þessar mundir er það 140,5 milljarðar króna. Á tæplega tveimur árum hefur því markaðsvirði bankans lækkað um tæpa tíu milljarða.

En ólíkt því sem var við skráningu, þá er bankinn nú kominn með allt annað eignarhald. Uppi-standan í upphafi voru sjóðir sem tengdust gamla kröfuhafahópi Kaupþings. Innlendir hluthafar eru samtals með 43,5 prósent hlutfjár en erlendir 56,5 prósent. Stærsti hluthafinn er Taconic Capital með 23,5 prósent hlut og sjóður tengdur Och-Ziff með 9,3 prósent hlut. Samanlagt fara þessir tveir sjóðir með um þriðjungshlut.

Hlutar íslenskra lífeyrissjóða hefur smátt og smátt verið að aukast, ef horft er til tímans frá því bankinn var skráður á markað. Gildi lífeyrissjóður á stærstan hlut íslenskra lífeyrissjóða, eða 7,49 prósent hlut. Markaðsvirði hlutarins er um 10,5 milljarðar króna.

Stærstu íslensku einkafjárfestarnir í hluthafahópnum eru Stoðir hf. með tæplega 5 prósent hlut og Hvalur hf., þar sem Kristján Loftsson er stærsti hluthafinn, með 1,45 prósent hlut. Þriðju stærstu íslensku einkafjárfestarnir eru hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson. Íslandsbanki, sem íslenska ríkið á að öllu leyti, er með 1,7 prósent eignarhlut í bankanum, samkvæmt yfirliti yfir 20 stærstu hluthafa.

Eignarhlutur Stoða er því um sjö milljarða króna virði og Hvals tveggja milljarða virði. Virði hlutar Svanhildar Nönnu og Guðmundar Arnar er um 800 milljónir.

”

„Markaðsvirði bankans var um 150 milljarðar þegar ríkið seldi, en um þessar mundir er það 140,5 milljarðar króna. Á tæplega tveimur árum hefur því markaðsvirði bankans lækkað um tæpa tíu milljarða.“

Sá hluti neyðarlánsins sem var endurgreiddur fór til eigenda og stjórnenda Kaupþings



■ Þótt stöðugleikasamningar hafi verið undirritaðir og höftum lyft voru enn tækifæri til staðar hérlendis fyrir skammtímasjóðina sem sóttust eftir ágóða á Íslandi. Nauðasamningarnir hleyptu þeim beint að eignum sínum. Það gerði þeim kleift að vinna enn betur úr þeim og auka hagnað sinn umtalsvert frá því sem áður var áætlað. Í

nýlegri bók eftir Norðmanninn Svein Harald Øygard, sem var seðlabankastjóri á Íslandi frá febrúarlokum 2009 og fram til 20. ágúst sama ár, sem ber heitið „Í vöglínu íslenskra fjármála“ kom fram að hægt væri að auka þann hagnað um allt að 65 prósent. Það útskýrir að þessir aðilar voru enn að bæta við nýjum sjóðum á Íslandi á árinu 2017, tæpum tveimur árum eftir að nauðasamningar voru handsalaðir. Í bókinni er rætt við umsjónarmann eins sjóðanna sem vildi ekki láta nafns síns getið né fyrir hvaða sjóð hann starfaði. Hann segir þar: „Við keyptum svoltíð síðla árs 2011 og sóttum í okkur veðrið í ársbyrjun 2012 [...] Árið 2012 keyptum við í nafni aðalsjóðsins okkar. Árið 2013, stofnuðum við sjóð þar sem fjárfestar gátu fjárfest beint í þrotabúum Glitnis og Kaupþings. Árið 2016 bættist við sjóður sem átti hluta af ábatanum af uppgjörinu. Árið 2017 bættum við enn einum sjóði við, hann átti einn nýju bankanna að hluta.“ Sami viðmælandi sagði síðar í bókinni að hans sjóður hafi ráðið um 40 prósent í einu þrotabúanna snemma árs 2018. Líklegt verður að telja að sjóðstjórnirinn sem um ræðir starfi hjá Taconic Capital, sem átti 46 prósent í Kaupþingi ehf. í byrjun árs í fyrra og 47,7 prósent í byrjun yfirstandandi árs.

Deutsche Bank endurgreiddi hluta neyðarlánsins

Dæmi um það hvernig var hægt að vinna úr eignum er málarekstur sem Kaupþing stóð í gagnvart þýska stórbankanum Deutsche Bank vegna fjármuna sem höfðu runnið frá Kaupþingi til Deutsche Bank síðustu vikurnar fyrir fall íslenska bankans vegna hins svokallaða CLN-strúktúrs. Alls nam heildarupphæð þeirra fjármuna sem fóru frá Kaupþingi til þýska bankans vegna þessa 510 milljónum evra. Ekki hafði verið reiknað með að hægt yrði að endurheimta féð, sem rann frá Kaupþingi á tímabilinu 22. september til 7. október 2008. Síðustu greiðslurnar fóru því til Deutsche Bank eftir að Seðlabanki Íslands hafði veitt Kaupþingi neyðarlán, og tveimur dögum áður en að bankinn fór á hausinn.

Nánast níu árum upp á dag frá því að Kaupþing féll, eða snemma í október 2016, náðist skyndilega samkomulag, sem síðar var formgert í desember sama ár þegar dómstólar staðfestu það. Deutsche Bank vildi greiða stóran hluta þeirrar upphæðar sem Kaupþing hafði beint og óbeint falast eftir að fá greidda, eða 425 milljónir evra.

Því fékk Kaupþing stóran hluta neyðarlánsins endurgreiddan frá Deutsche Bank. Sú upphæð rann þó ekki til Seðlabanka Íslands, heldur til eigenda Kaupþings ehf., og að mestu áðurnefndra skammtímasjóða.

Fámennur hópur fékk svimandi háa bónusa fyrir innheimtu

Greint var frá því fyrir þremur árum síðan að um 20 manna hópur lykilstarfsmanna Kaupþings gæti fengið allt að 1,5 milljarð króna til að skipta á milli sín ef háværkun á virði eigna Kaupþings myndi nást.

Næðust markmiðin átti að greiða út bónusgreiðslurnar eigi síðar en í apríl 2018.

Kjarninn greindi frá því í október síðastliðnum að greiðslur til starfsmanna félagsins, sem voru 17 talsins, hefðu í heild numið rúmlega 3,5 milljörðum króna á árinu 2018 og hækkuðu um 900 milljónir króna þrátt fyrir að starfsfólki hefði fækkað. Frá árinu 2016 hafa greiðslur til starfsfólks Kaupþings aukist um 1,9 milljarða króna en starfsfólkinu sjálfu fækkað úr 30 í 17.

Stjórn og forstjóri Kaupþings ehf., félags utan um eftirstandandi eignir þrotabús hins fallna banka Kaupþings, voru samtals með 1.216 milljónir króna í laun í fyrra. Í stjórn Kaupþings sitja Allan Jeffrey Carr, Paul Copley, Óttar Pálsson og Piergiorgio Lo Greco. Copley er einnig forstjóri Kaupþings. Það fækkaði um einn í stjórn félagsins á milli ára, en Benedikt Gíslason hætti í henni í ágúst 2018 og tók þess í stað sæti í stjórn Arion banka, sem þá var að stóru leyti enn í eigu Kaupþings. Benedikt var svo ráðinn bankastjóri Arion banka í sumar. Því verður að gera ráð fyrir að greiðslur til Benedikts fram að þeim tíma sem hann hætti hjá Kaupþingi teljist með í heildarupphæð launagreiðslna til stjórnar.

Launagreiðslur til stjórnar jukust úr 544 milljónum króna í 1.216 milljónir króna á árinu 2018, eða um 672 milljónir króna.

Eini Íslendingurinn sem var eftir í stjórn Kaupþings, lögmaðurinn Óttar Pálsson, hefur setið þar frá árinu 2016, að ósk helstu eigenda Kaupþings sem eru bandarískir vogunar- og áhættusjóðir. Hann starfaði áður sem ráðgjafi fyrir þá.





BLACK FRIDAY

TILBOÐ!

OPIÐ
LAUGARDAG
12-16

FORD FOCUS ST-LINE

-895.000 KR.

VERÐMÆTI
TILBOÐS

FORD FOCUS ST-LINE EDITION

1,5i bensín, 150hó, 5 dyra og sjálfsk.

Aukabúnaður umfram ríkulegan staðalbúnað:
Málmlitur, upphitanleg framrúða og stýri,
nálægðarskynjarar að framan og aftan,
rafdrifin aðfelling útispegla og varadekk á stálfelgu.

Verð með aukabúnaði:
4.475.000 kr.

BLACK FRIDAY TILBOÐ:
3.680.000 kr.

**VETRARDEKK
FYLGJA MEÐ!**



FORD FOCUS TREND EDITION

-715.000 KR.

VERÐMÆTI
TILBOÐS

FORD FOCUS TREND EDITION

1,0i bensín, 125 hó, 5 dyra og 6 gíra

Aukabúnaður umfram ríkulegan staðalbúnað:
Málmlitur og varadekk á stálfelgu.

Verð með aukabúnaði:
3.575.000 kr.

BLACK FRIDAY TILBOÐ:
2.960.000 kr.

**VETRARDEKK
FYLGJA MEÐ!**



**TRYGGÐU ÞÉR STRAX FORD FOCUS
Á ÞESSU GEGGJADA TILBOÐI
Í VEFSÝNINGARSAL Á BRIMBORG.IS**

brimborg

Öruggur staður til að vera á



Viðtalið

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON
& KARL SIGURÐSSON



”

„Það hefur ýmislegt gengið á en það er engin alvörudramatík í gangi hjá okkur. Við erum orðnir svo ráðsettir og þroskaðir.“

„Við erum orðnir svo miklir

jólaálfar“

Jólatónleikar Baggalúts eru ómissandi hluti aðventunnar hjá mörgum og hljómsveitin mun ekki bregðast aðdáendum sínum í ár, frekar en vanalega. Liðsmenn Baggalúts, þeir Bragi Valdimar Skúlason og Karl Sigurðsson, eru komnir í jólagírinn og ætla að fitja upp á alls kyns nýjungum á tónleikunum í desember með félögum sínum. Þeir vilja ekki gangast við því að vera orðnir minna beittir í textaskrifum með árunum, þótt vissulega séu þeir orðnir ráðsettir heimilisfeður og farnir að velta meira fyrir sér orðvali og áhrifum textanna á börnin sín. En hvernig líður Baggalútsmönnum í upphafi jólatónleikavertíðar, eru þeir ekkert orðnir leiðir á þessu?

**Texti / Friðrika Benónýsdóttir
Myndir / Unnur Magna**

Bragi: „Ja, ég held við höfum farið yfir hundrað tónleika markið í hitteðfyrri, þannig að þetta er orðið ansi mikið. En ég er samt merkilega lítið leiður á þessu. Þetta er svo ótrúlega skemmtilegt. Annars værum við nú varla að böðlast í þessu ár eftir ár.“

Karl: „Nei, þetta er alltaf jafngaman, það er alveg ótrúlegt. Ég skil það ekki sjálfur hvað maður hefur gaman að þessu. Mig hefði ekki órað fyrir því áður en þetta byrjaði að ég myndi hafa svona gaman að þessu. Við vorum til dæmis að koma af fyrstu æfingunni með öllu bandinu núna áðan og maður fuðraði upp af tilhlökkun. Stemningin í þessum hópi er bara svo stórkostleg.“

Sumir segja nú að þið séuð bara að þessu fyrir peningana, að þið lifið á þessum tónleikum allt árið um kring, er það sem sagt ekki sannleikanum samkvæmt?

Bragi: „Ef það væri nú alveg svo gott þá héldum við væntanlega tónleika einhvers staðar annars staðar, held ég.“

Karl: „Nei, vá! Ef maður væri að reyna að ná sér í pening þá myndi maður nú gera eitthvað annað. Þetta er aðeins of mikil vinna til að það sé ástæðan.“

Ægilega fundið að breyta þungarokki í jólalög

Hvernig stóð upphaflega á því að Baggalútur fór að taka vinsæl dægurlög, semja við þau jólatexta og gera að jólalögum?

Bragi: „Við byrjuðum náttúrulega á því að gera grín að þessari jólahéð með því að taka sárasklaus popplög og snúa út úr þeim. Við stunduðum þann ósið eitthvað fram eftir öldinni, en svo hættum við því og fórum að búa til okkar eigin tónlist. En það eimir eftir af þessum jólagír hjá okkur enn þá.“



Viðtalið

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON
& KARL SIGURÐSSON

Hvert var fyrsta jólagið ykkar?

Bragi: „Við byrjuðum á þessu árið 2001, ef ég man rétt. Þá tókum við einhver Kiss-lög, en við höfum nú ekkert spilað þau á jólatónleikumum. Það var svona það fátalasta sem okkur datt í hug, að taka einhver þungarokkslög og breyta þeim í jólalög. Það fannst okkur alveg ægilega myndið.“

Erfitt að finna jólavinkil á Samherjamálið

Baggalútur hefur undanfarin ár sent frá sér nýtt jólaglag fyrir hver jól, verður það sama upp á teningnum í ár?

Bragi: „Já, við ætlum að hnoða saman einu lagi um kökubaksturinn og það kemur út í næstu viku.“

Ykkur hefur ekki dottið í hug að skella í jólaglag um Samherjamálið?

Bragi: „Nei, það er ansi erfitt að finna jólavinkilinn á því. Jólamaþrállinn? Ég veit það ekki. Kannski Helgi Seljan verði leynigestur hjá okkur á tónleikumum í ár, mæti á sviðið og taki okkur í yfirheyrslu. Maður veit aldrei.“

Eruð þið að verða minna beittir og krítískir með aldrinum?

Bragi: „Já, við erum náttúrulega orðnir óttalega værukærir og mjúkir með árunum. En það detta nú samt alltaf einhver skot inn öðru hverju.“

Karl: „Nei, ég myndi nú ekki segja það. Ég held að við séum nú enn þá að benda á eitt og annað sem aflaga fer. Meira svona almennt heldur en einstök tilvik eins og við gerðum í fyrra með laginu Sorri með mig. Það er almennt skot á ákveðna hegðun og hugsunarhátt en það vildi svo til að stuttu eftir að lagið kom út kom upp sérstætt atvik sem mátti dálítið heimfæra upp á þetta lag, þótt það væri ekki samið beinlínis til höfuðs því.“



Bragi Valdimar Skúlason.



„Við byrjuðum náttúrulega á því að gera grín að þessari jólahefð með því að taka sárasaklaus popplög og snúa út úr þeim. Við stunduðum þann ósið eitt-hvað fram eftir öldinni.“

Þannig að þið eruð ekkert orðnir mjúkir og varfærnir?

Karl: „Nei, en ádeilan er kannski meira undir yfirborðið. Orðfærið er orðið vandaðra. Árið 2006 notuðum við kannski einhver orð sem við myndum ekki endilega nota í dag. En það kraumar enn þá alveg sami broddur undir yfirborðinu.“

Baggalútur hefur verið óragur við að gera grín að ýmsum hitamálum í samfélaginu í gegnum tíðina. Má gera grín að öllu?

Bragi: „Tja, já, á réttan hátt. Það má hins vegar ekki gera grín að öllu við alla. Við erum sennilega bara orðnir miklu hræddari í seinni tíð. Við létum nú ýmislegt flakka með þeim formerkjum að það væri fulli kallinn að tala. Þá var skotið í ýmsar áttir. Ef maður les gamlar fréttir á baggalutur.is krossbregður manni stundum. Við vorum að væna menn um mannát og ýmislegt miður fallett. En það hefur eitthvað aðeins minnkað. Þótt við séum náttúrulega ekkert á móti mannáti, þannig.“

Bragi Valdimar er einn af eigendum aughlýsingastofunnar Brandenburg, er það ekki í andstöðu við það sem hann hefur verið að yrkja um í textum Baggalúts í gegnum tíðina að vinna við það að hvetja til neysluhyggju?

„Jú, jú, ég er náttúrulega afskaplega tvöfaldur í roðinu,“ segir hann og skellir upp úr. „En þetta hentar mér ágætlega og er svona hæfilega kreatíft á köflum.“

Karl vinnur sem tölvunarfræðingur hjá Arion banka, er það ekki hræðilega ósexí og lítið rokk-aralegt starf?

„Það fer eftir því hvernig þú lítur á það,“ segir hann. „Ég er tölvunarfræðingur og hef alla mína hunds- og kattartíð verið að vinna sem slíkur. Þannig að þessi misserin vinn ég sem verktaki í hugbúnaðarbransanum og vinnuveitandi minn þessa stundina er Arion banki. Ég held að það skaði ímyndina nú afskaplega lítið.“

Internetið var opinn leikvöllur

Talandi um vefsíðuna baggalutur.is, er hún dáin?

Bragi: „Hún er ekki dáin, en í dái, já. Það er ekki mikið að gerast þar. Ég reyndi lengi vel að halda henni á floti, en það hefur lítið verið að fréttar undanfarið. Hún er þarna samt enn þá og það er hægt að gramsa þar ef manni leiðist mikið á síðkvöldum. Svo er aldrei að vita hvenær eitthvað kviknar.“

Sást þú alveg um hana, Bragi?

Bragi: „Við vorum nú allir að skrifa þarna á tímabili en ég var í helstu lífgunartilraununum síðustu árin. Nú fær maður útrás á ýmsum öðrum sviðum. Svo er umhverfið líka mjög breytt. Þegar við vorum að byrja var Internetið aðeins meira opinn leikvöllur, það mátti einhvern veginn allt. Maður gat gramsað í myndasöfnum úr þýskum grillveislum án þess að hafa áhyggjur. En maður er ekkert mikið að taka hluti í leyfisleysi í dag.“

Langaði þig aldrei til að leggja skriftir fyrir þig, Karl?

Karl: „Nei, það hefur aldrei kallað beinlínis á mig. Ég hef tilkallaður skrifað eitthvað smávegis, en ekki af neinu viti. Þegar við vorum að byrja með Baggalútssíðuna átti Gummi það kannski til að hnippa í mig og skipa mér að skrifa eitthvað inn á þennan vef og þá kannski drullaðist maður til að láta sér detta eitthvað sniðugt í hug og skrifa það. En Gummi og Bragi eru báðir miklu meiri skribentar en ég, svo það var eðlilegt að þeir sæju mest um þetta.“

Er hljómsveitin Baggalútur líka í dái? Eruð þið hættir að gera neitt annað saman en halda jólatónleika?

Bragi (skellihlær): „Við erum orðnir svo miklir jólaálfar. En, jú, jú, við spilum saman allt árið, en jólatónleikarnir eru hátíðarútgáfan. Ég held það verði þrjátíu manns í allt, upp og niður af sviðinu, en minni útgáfan af Baggalúti er samt spriklandi allt árið um kring.“

Karl: „Jólavertíðin er það bessi tími og orðinn svo fastur punktur hjá okkur að það er alveg sjálfsagt fyrir okkur í dag að fara í þann pakka. Og þá þurfum við kannski að beita okkur aðeins meira hörðu til að gefa eitthvað út yfir árið, vera duglegir að spila og svoleiðis. En við erum duglegir að búa okkur til verkefni og það hefur gengið mjög vel síðasta árið, til dæmis.“

Eruð þið að pæla í plötuútgáfu á nýju ári?

Bragi: „Við erum alltaf að pæla, svo bara gerist ekki neitt.“

Fannst Bragi ægilegur lúði

Hljómsveitarmeðlimirnir kynntust í Menntaskólanum við Hamrahlíð fyrir langa löngu og stofnuðu klíku, en eru þeir enn þá vinir? Hittast þeir utan sviðsins og gera hluti saman?

Bragi: „Já, já, við erum vinir. Kalli dró mig til dæmis í eitthvert brúðkaup á Ítalíu í sumar. Maður gerir nú ýmislegt fyrir hann Kalla sinn. Og við erum allir mjög góðir vinir og höfum verið í öll þessi ár.“

Karl: „Já, það er mesta furða. Það hefur ýmislegt gengið á en það er engin alvörudramatik í gangi hjá okkur. Við erum orðnir svo ráðsettir og þroskaðir.“

Hvað fannst ykkur hvor um annan þegar þið hittust fyrst? Hvað fannst þér um Kalla þegar þú kynntist honum, Bragi?

„Ég held mér hafi bara litist ágætlega á hann,“ segir Bragi hugsí. „Hann var náttúrulega mikill félagsmálamaður, og þeir allir, þannig að maður leit töluvert upp til þessara gaura. Þeir eru sko allir aðeins eldri en ég, ég er bara litla kvikindi í hópnum.“

En hvað fannst þér um Braga, Karl? Var hann lúði?

„Sko ...“ segir Karl en kemst svo ekki lengra fyrir hlátri. „Bragi er þremur árum yngri en ég og hann



Karl Sigurðsson.

-30%

-30%

SVARTUR FÖSTUDAGUR 30% AFSLÁTTUR*

KOMDU Í DAG OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

-30%



HÚSGÖGN | RÚM | HÆGINDASTÓLAR
GJAFAVARA | SÆNGURFATNAÐUR

-30%

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

*Afsláttur á ekki við um harðar gardífulausnir, smávöru vefnaðarvöru og valdar Fatboy vörur



Viðtalið

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON
& KARL SIGURÐSSON

er utan af landi og hann kom með þungarokks-
bakgrunn utan af landi inn í MH, síðhærður. Og,
já, ég verð bara að segja að mér þótti hann alveg
ofboðslega lúðalegur. Maður var náttúrulega sjálfur
af mölinni, með stutt hár sleikt aftur, rosa töff. En
það tók ekki langan tíma að kynnast honum aðeins
betur og sjá að það væri nú eitthvað spunið í þetta
fyrirbæri.“

Konan virðir mörkin

*Talandi um brúðkaupið á Ítalíu í sumar; hvernig er
að vera orðinn löggiltur herra Tobba Marinós, Karl?*

„Það er bara mjög ánægjuleg og góð tilfinning.“
svarar hann strax. „Okkur var bent á það á heim-
leiðinni úr brúðkaupinu að nú bærum við fimmtíu
prósent ábyrgð á gerðum hvort annars og það
þýddi ekkert að reyna að benda á hitt þegar eitt-
hvað kæmi upp á. Það er mjög góður punktur.“

*Tobba er oft ansi opinská um líf ykkar í bloggi og á
samfélagsmiðlum, hefur þér aldrei brugðið við
það sem hún skrifar?*

„Nei, nei,“ segir Karl sallarólegur. „Ég þekki mína
konu og veit að hún fer ekkert lengra en ég myndi
setta mig við. Hún ber það líka stundum undir mig
hvort það sé í lagi að hún segi frá þessu eða hinu,
þannig að hún virðir alltaf mín mörk.“

*Þið eruð á fullu á alls kyns vígstöðvum, hvað
finnst konunum ykkar og fjölskyldum um þetta
stanslausa brölt á ykkur? Eru þau ekkert orðin
þreytt á því að þið haldið bara til í Háskólabíói
allan desember, til dæmis?*

Bragi: „Konan mín, Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, er
alveg gjörsamlega búin að fá nóg af þessu. (Skelli-
hlátur). En í alvöru þá bjargast þetta nú allt. Það
er ekki eins og við gröfum okkur í fönn í heilan
mánuð. Við eigum þrjár dætur og það mætir bara
öll fjölskyldan í fjörið baksviðs, þannig að þetta er
eiginlega okkar annað heimili í desember.“

Karl: „Já, það má eiginlega segja það sama um mína
fjölskyldu. Maður flytur bara með búningafjöld og
alls konar dót inn í Háskólabíói í byrjun desember
og síðan bara er maður þar. Þannig að þetta leggst
svoltið þungt á fjölskyldurnar, en sem betur fer
erum við duglegir að vinkla þau inn í þetta og fá
þau til að kíkja á okkur og vera á tónleikum.“

Táknmálstónleikar og jólaspil

*Jólatónleikar Baggalúts hafa verið á föstudags-,
laugardags- og sunnudagskvöldum undanfarnir
ár og í ár hafa þeir bætt við fimmtudagstónleikum
þar sem boðið verður upp á þá nýjung að text-
arnir verða túlkaðir á táknmáli.*

Bragi: „Við prófuðum þetta í fyrra og stelpurnar
sem túlka fyrir okkur eru algjörlega frábærar. Þær
kalla sig Hraðar hendur og fara með alla þessa
misgáfulegu jólatexta og bæta við nýrri vídd. Ég
dáið endalaust að þeim fyrir að fara í gegnum allan
þennan orðavaðal.“

*Markaðsdeild Baggalúts er alltaf með augun opin
og þróar hugmyndir að ýmsum vörum sem seldar
eru í „Litlu Baggalútsbúðinni“ eins og Bragi
kallar hana með vísun í Litlu hryllingsbúðina.
Aðaltrompið í ár er nýtt jólaspil sem kemur á
markað innan skamms.*

Bragi: „Við erum búnir að vera tíu ár að reyna að
koma þessu spili saman og nú er það loksins orðið
að veruleika. Það heitir Gott í skóinn og snýst um
það að koma gjöfum eða kartöflum í skó andstæð-
ingsins. Ég held það séu um áttatíu jólasveinar sem
eru mættir þarna. Við fórum bara í gömlu þulurnar
og tíndum upp alla þessa gömlu sveina og meyjar
sem komust ekki í þrettán manna úrtakið hjá
Jóhannesi úr Kötlu.“

*Hvað er skemmtilegast við þennan jólaundirbún-
ing sem felst í tónleikahaldinu?*

Bragi: „Við leggjum rosalega mikið upp úr því að
hafa góðan fíling hjá öllum hópnum. Þetta er svona



**„Við erum með
alls konar rugl
baksviðs, það
eru alls kyns
kræsingar og
spilakassar og
við keyptum
meira að segja
arin í Costco
eitt árið og
vorum með
kojur í fyrra.
Þetta eru alveg
„kósiheit par
exelans“ hjá
okkur.“**

hálfgerð árshátíð hjá okkur. Við erum með alls
konar rugl baksviðs, það eru alls kyns kræsingar
og spilakassar og við keyptum meira að segja arin
í Costco eitt árið og vorum með kojur í fyrra. Þetta
eru alveg „kósiheit par exelans“ hjá okkur.“

Yrði erfitt að neita Jóni Gnarr

*Karl var á lista Besta flokksins í borgarstjórnar-
kosningum um árið og sat í borgarstjórn, er hann
alveg hættur við pólitíkina, eða kannski á leið í
framboð aftur með Jóni Gnarr?*

Karl: „Ég er ekkert virkur í pólitíkinni núna, nei.
Ég vann með Bjartri framtíð tvö tímabil eftir Besta
flokkinn, en síðan 2018 hef ég alveg látið þetta eiga
sig. En ég viðurkenni að þegar Jón byrjar að tala
um Leiðinlega flokkinn þá er það mjög freistandi
pæling að gefa kost á sér. Og ég veit það að ef Jón
myndi leita til mín yrði rosaerfitt að segja nei.“

Langar þig kannski að komast á þing?

Karl: „Nei, þangað langar mig ekki. Ég held að ég sé
ekki nógu mikill lögfræðingur til að hafa áhuga á því
að skrifa lög, nema náttúrulega Baggalútslögin.“

*En þú, Bragi, hefur þig aldrei langað að hella þér
út í pólitík?*

„Nei, það get ég ekki ímyndað mér að henti mér
sérstaklega vel,“ segir Bragi og hristir höfuðið ákaft.

*En hvað finnst Braga um þjóðfélagsástandið
þessa dagana, er ekki nóg af brýnum yrkisefnum
úr umræðunni?*

„Æ, er ekki alltaf ástand á einhverjum?“ segir hann
og andvarpar. „Maður getur pirrað sig í drep yfir
þessu. En það er líka alltaf hægt að horfa á jákvæðu
hliðarnar.“

Hefði átt að nota „fokk“ minna

*Bragi hefur samið mest af textum hljómsveitar-
innar í gegnum árin og rífið kjaft um nánast
alla skapaða hluti, hefur hann aldrei orðið fyrir
aðkasti utan úr bæ fyrir kjaftátt?*

Bragi: „Nei, það hefur verið óttalega lítið. Ég efast
ekki um að margir hafa oft verið mjög pirraðir á
mér, en þeir hafa haldið því fyrir sig. Mesta furða
hvað fólk umber mig, enn sem komið er.“

*Dætur Braga eru á aldrinum sex til fjórtán ára,
skammast þær sín fyrir kveðskap föður síns?*

„Það er stundum erfitt þegar við erum að syngja
suma textana,“ viðurkennir hann. „Svona eftir

á að hyggja hefði ég til dæmis getað notað orðið
„fokk“ aðeins minna.“

Karl: „Ég held það sé óhjákvæmilegt að maður fer
að vanda orðavalið þegar það eru börn í spilinu.
Ég man til dæmis að þegar Gamlárspartí, sem við
Gummi syngjum, kom út fann hann fyrir því á
heimili sínu að börnunum fannst ekkert þægilegt
að hlusta á suma frasana í textanum. Þá fórum við
í fyrsta skipti að velta því fyrir okkur að vanda
orðavalið aðeins meira. Það er hægt að segja
hlutina á mismunandi vegu.“

*Dætur Karls eru fimm og hálfis árs og eins árs
þannig að þær eru kannski ekki farnar að velta
textum Baggalúts mikið fyrir sér, eða hvað?*

„Það er alveg mesta furða hvað sú eldri er mikið að
pæla í orðum og því sem hún heyrir,“ segir Karl.
„Það er alveg svakalegt. Ég kvíði svoltið fyrir þegar
hún byrjar að hlusta á gamla stöfina með Baggalút.“

*Á það kannski þátt í því hvað þið eruð orðnir
minna beittir upp á síðkastið?*

Bragi: „Nei, ég held ekki. Maður er alltaf að láta
eitthvað frá sér fara núna í seinni tíð og það virðist
stuða alltaf færri og færri. Ég held það borgi sig
ekki að vera eitthvað að reyna að móðga fólk ekki.
Ég er alla vega ekkert í því.“

Tómleikatilfinning eftir vertíðina

*Svo lýkur tónleikavertíðinni og jólin koma, hvað
finnst þeim félögum best við jólin? Eru þeir ekki
algjörlega búnir „að“ þegar þau loksins koma?*

Karl: „Jú, maður er svoltið búinn. Maður klárar
síðustu orkudropana á lokametrum tónleika-
haldsins. En maður heldur sér gangandi með því
að hugsa hvað það verði geggið þegar þessu lýkur
og maður getur farið að slaka á og njóta jólanna.
En þegar að því kemur er maður hálfótum og veit
eiginlega ekkert hvað maður á af sér að gera, fullur
af tómleikatilfinningu. Eins krefjandi og þetta er
þá er það líka gefandi og það er líka svoltið erfitt
þegar þetta er búð. Maður gírar sig smám saman
niður og nýtur bara jólanna. Stundum er gott að
skreppa eitthvert, út á land eða til útlanda, og
halda jólin annars staðar til að brjóta þetta upp. Við
höfum stundum gert það.“

Bragi: „Bara að slaka á, held ég. Við erum mikil
jólafélöskylda og leggjum mikið upp úr því að hafa
það notalegt. Spilum mikið og njótum þess að vera
saman. Um það eru jólin.“



SVARTUR FÖSTUDAGUR

OPNUM KL 08:00

-50%

FYRIR 5 FYRSTU SEM
KAUPA WIZAR

5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa Wizar hægindastólinn fá hann með **50% afslætti**.

30% afsláttur af Wizar í allan dag. Fyrir lífsins ljúfu stundir. Hægindastólinn sem slegið hefur í gegn.

Komdu strax og gerðu frábær kaup.

-30%

AF ÖLLUM WIZAR
HÆGINDASTÓLNUM
Í DAG

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Kjaftatífur og kvikindi

Eftir / Steingerði Steinarsdóttur

Engum er vel við klöguskjóðu. Rætur vandlættingarinnar og andstygðarinnar á þeim liggja djúpt í bernskunni. Þegar við gerðum hvert skammarstrikið á fætur öðru, stundum í algeru hugsunarleysi, þess á milli af þeirri einföldu ástæðu að við vorum sannfærð um að við kæmumst upp með það. Við völdum af fullkomnu samviskuleysi að brjóta reglurnar. Þegar ég var barn var yngri systir mín í hlutverki uppljóstrarans. Rétt í þann mund að ég taldi mig sloppna, fór hún til mömmu og sagði til mín. Bláeyg og heilög af innrætingu sunnudagsskólans horfði hún á mig og sagði: „Ég vildi bara vera heiðarleg.“



„Hvort sem brotið er stórt eða smátt er kjarni málsins ávallt sá sami, klöguskjóðan er ekki aðalatriðið, heldur afbrotið og brotamaðurinn. Alveg sama þótt klöguskjóðan hafi líka gerst sek um sömu háttsemi.“

Mikið skelfing fannst mér hún ömurlega leiðinleg. En það versta var að hún var fullkomlega einlæg. Boðskapurinn um hreinskiptni og heiðarleika hafði einfaldlega náð til hennar. En frá mínum bæjar- dyrum séð var það ekki heppilegt. Ég þurfti að axla ábyrgð á gerðum sem voru skipulagðar með það í huga að enginn kæmist að því hver stæði að baki. Að auki þótti mér systir mín gróflega svikja okkar systralag, enda hún gjarnan þátttakandi í afbrotunum. En sjaldnast náði ég samt að rækta reiðina gagnvart henni. Einkum vegna þess að ég vissi upp á mig skömmina þótt mér þætti óþolandi að henni var metið til refsilækkunar að hún hafði sagt sannleikann.

Syndir okkar systra voru vissulega ekki mjög alvarlegar og þó, stórfelldur jólakökustuldur sem ég átti upptökin að og náði að gera hana samseka með nokkrum ómótstæðilegum bóndakökum, talsverðu magni af leikföngum og fötum sópað undir rúm á tiltekta degi, stígvél leiðindaskjóðunnar í næsta húsi fyllt af drullu og vel falin vasaljós til að geta lesið fram eftir á kvöldin þegar við áttum að vera sofnaðar. Ekki má gleyma deginum þegar ég efndi til keppni milli okkar frændsystkinananna í stökki yfir skítaskurðinn í sveitinni hjá afa og ömmu og ríflega þriðjungur lenti í honum miðjum. Vissulega hefði ég þegið að systir mín hefði kosið að halda kjafti yfir því hvaða snillingur taldi þennan viðburð tilvalinn til að efla andann í hópnum. En hvort sem brotið er stórt eða smátt er kjarni málsins ávallt sá sami, klöguskjóðan er ekki aðalatriðið, heldur afbrotið og brotamaðurinn. Alveg sama þótt klöguskjóðan hafi líka gerst sek um sömu háttsemi.

Vissulega var stundum freistandi að álykta sem svo að systir mín hafi sagt frá uppátækum mínum til að koma mér í vandræði, hefna sín á mér fyrir margs konar stríðni og kúgun í krafti þess að ég var eldri. En þegar upp er staðið, skiptir það þá nokkru máli hver ástæðan að baki uppljóstruninni var? Ég hafði gert nákvæmlega og akkúrat það sem upp á mig var borið. Þjófur er jú þjófur sama hvort og hvernig upp um hann kemst. Klöguskjóðan kann að hafa sínar ástæður fyrir að gera upp málin og kannski iðrast hún raunverulega að hafa tekið þátt í óknyttunum. Mergurinn málsins er alltaf sá að hver og einn er ábyrgur fyrir að halda sínu fjósi hreinu og takist honum það, er ekkert upp á hann að klagja.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON



Eftir / Dóru Björt Guðjónsdóttur

Miskunnsamir Samherjar

■ Fyrir borgarstjórnarkosningarnar sögðumst við Píratar ekki vilja vinna með Sjálfstæðisflokknum því við treystum honum ekki. Þetta fannst fulltrúum flokksins ósmekklegt og kröfðust rökstuðnings. En ég hló nú bara enda veit það hvert mannsbarn að Sjálfstæðisflokkurinn og fulltrúar hans eru frægir fyrir spillingu og sérhagsmunagæslu. Það er orðið daglegt brauð að sýnt sé fram á spillingu kjörinna fulltrúa stærsta flokks landsins án þess að það hafi neinar afleiðingar. Þælið í því hvað það er klinkuð staðreynd.

Hverjum datt í hug að næsta útspil Sjálfstæðisflokksins væri að tengjast félagi sem hefur stundað það að múta stjórnmalafólki fátækrar þjóðar til þess að eiga auðveldara með að arðræna hana og neita svo að borga af arðráninu skatta? Flokkurinn þekkir það vel að fela peninga í aflandsfélögum til þess að þurfa ekki að borga réttláta skatta. Ég hélt að sjálfstæðismenn létu sér duga að arðræna okkur Íslendinga. En nei, betur má ef duga skal til þess að fódra þessa ómettandi græðgismaskínu sem þekkir engin takmörk.

Sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins virðist eiga að fá

að sitja áfram þar sem risaspillingarmál er rannsakað og vinur ráðherrans er höfuðpaur málsins í félagi sem ráðherrann tengist beinum hætti. Eyþór Arnalds, oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, hefur verið margsaga. Hann hefur hvorki komið heiðarlega fram né lagt spilin á borðið og þó hefur hann fengið fjölmörg tækifæri til þess. Svo mikið er honum í mun að svara ekki eðlilegum spurningum að hann rauk af borgarstjórnarfundum þegar ég vakti máls á Samherjamálinu í ræðu minni og sást svo ekki meir á fundinum. Oddviti

Sjálfstæðisflokksins í stærsta sveitarfélagi landsins virðist eiga að fá að komast upp með að fá að gjöf hundruðir milljóna frá félagi sem allt bendir til að hafi mútað stjórnmalafólki án þess að hann þurfi að svara fyrir það. Þá hlýtur bara allt að vera leyfilegt í Sjálfstæðisflokknum. Svo

- gera sjálfstæðismenn lítið úr okkur
- þrötum fyrir að ljá máls á þeirri einföldu staðreynd fyrir kosningar að þeim sé ekki treystandi.
- Klassísk varnarviðbrögð Sjálfstæðisflokksins er að gera lítið úr gagnrýni og sýna af sér hneykslun og móðgunargirni. Markmiðið er að almenn-ingur venjist spillingu sem ósköp

„Klassísk varnarviðbrögð Sjálfstæðisflokksins er að gera lítið úr gagnrýni og sýna af sér hneykslun og móðgunargirni.“

- eðlilegum hluta af stjórnmalunum. Það nýjasta í vopnabúri Sjálfstæðisflokksins sem fer að verða kunnuglegt stef er að segja þá sem benda á spillingu og ósiðlegt athæfi hafa brotið siðareglur. Eyþór Arnalds lýsti því yfir að mig skyldi draga fyrir forsætisnefnd því ég hafi brotið siðareglur með því að benda á staðreyndir. En siðareglur eru ekki, eins og Sjálfstæðisflokkurinn virðist halda, samkomulag stjórnmalastéttar um samtryggingu sem hægt er að nota til að þagga niður í gagnrýni og eðlilegum spurningum.
- Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur sérhagsmuna, spillingar og yfirgengilegrar græðgi. Fulltrúarnir svífast einskis. Við lofuðum að vinna ekki með Sjálfstæðisflokknum fyrir kosningar og höfum aldrei séð eftir þeirri ákvörðun. Allra síst undanfarna daga.


Höfundur er oddviti Pírata í borgarstjórn og formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur.

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarkslengd texta er 450 orð.

Njótum og nærumst um hátíðirnar

Probi Mage mjólkursýrugerlar fyrir parmaflóruna, meltinguna og varnir líkamans.

abel heilsuvörur



Sleggjan



„Hann er sérstök blaðsíða. Án þess að hans ferill hafi verið kannaður sérstaklega mætti auðveldlega ætla að hann hefði átt erfða æsku.“

Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hæðist að Ágústi Ólafi Ágústssyni, þingmanni Samfylkingarinnar, í leiðara sínum. Tilefnið er uppnám sem varð á Alþingi fyrr í vikunni þegar Bjarni Benediktsson fjarmálaráðherra rauk út úr þingsal eftir ásakani um að hafa brotið lög um opinber fjármál.



„Við keyptan ritstjóra, vil ég segja. Það er betra að vera sérstök blaðsíða sem tekur á slöppum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar í Samherjamálinu en að vera lélegur pappír sem er ætlað að afvegaleiða þá mikilvægu umræðu.“

Ágúst Ólafur Ágústsson svarar fyrir sig.



„Ætjum við að vera viðföng í sögu sem firrt fólk skrifar, lygasögu ritaðri af alkemistum auðræðisins, þeim sem leggja nótt við nýtan dag að standa vörð um óbreytt ástand til þess eins að hin ríku verði ríkari á kostnað allra annara?“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, í ræðu í tilefni af mótmælunum á Austurvelli um síðustu helgi.



„Þeir senda Elliða og Sigríði Andersen í sjónvarpsþætti til að leggja fyrir okkur einhvers konar siðferðislegan ramma, eins og þessir gjörspilltu fúskarar geti sett okkur einhvers konar línu.“

Atli Þór Fanndal blaðamaður.




„Sagði þessi maður í alvöru – og það í ræðu á Austurvelli – að ég (og Sigríður Á. Andersen) væri „gjörspilltur fúskari“? Að ég væri sem sagt sekur um alvarleg brot svo sem spillingu? Og klappaði fólkíð sem gagnrýndi fyllerisraus á Klausturbar fyrir þessari orðræðu?“

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi.




„Kjarabarátta BÍ félklega í sögubækurnar fyrir að vera ein sú misheppnaðasta.“

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans, gagnrýnir frétt á vef Blaðamannafélagsins þar sem fyrirsögnin er þá leið að meðallaun hjá Árvakri, sem gefur út Morgunblaðið og heldur úti mbl.is, hafi hækkað um 10 prósent í fyrra. Þórður finnur að því að félagið birti frétt þar sem enginn greinarmunur er gerður á almennum launum blaðamanna og stjórnenda, en ritstjórar Árvakurs eru með samtals 110 millónir á ári í laun.



„Stéttarfélag birtir áróður gegn félagsmönnum sínum. You can't make this shit upp.“

Atli Fannar Bjarkason, verkefnastjóri samfélagsmiðla og vefmiðlunar á RÚV.



„Umræðan um Samherja hér á Akureyri er svona eins og að eiga nákominn frænda sem er dópsali og ofbeldismaður en hann á lítið barn þannig að við skulum gefa honum séns ... Þetta heitir meðvirkni á þeirri íslensku sem mér var kennd.“

Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Akureyri og fyrrverandi starfsmaður Samherja.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Tónskáldið **Hildur Guðnadóttir** og söngvarinn og sjarmörinn **Raggi Bjarna** áttu heldur betur góða viku. Hildur heldur áfram að slá í gegn vestanhafs og vann á dögunum Hollywood Music in Media-verðlaunin í flokknum Besta frumsamda tónlist í kvikmynd fyrir tónlistina í Joker, á meðan Raggi fær heiðurslaun listamanna. Með hliðsjón af því að síðarnefndu verðlaunin eru meðal annars veitt þeim sem hafa varið starfsævi sinni til listar, er óhætt að segja að Raggi sé vel að þeim kominn, enda búinn að vera í framvarðarsveit íslenskrar tónlistar síðustu 70 ár.

Icelandair Group hafði líka ástæðu til að skála því samkvæmt lista Frjálsrar verslunar, 300 stærstu, er það stærsta fyrirtæki landsins. Og ef **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** hefur einhvern tíma haft ástæðu til að opna kampavínsflösku þá er það nú, þökk sé gullfiskaminni þjóðarinnar, því Miðflokkurinn mælist næststærsti flokkur landsins samkvæmt nýjustu skoðanakönnun MMR. Ekki amalegt það fyrir flokk sem fyrir aðeins ári var að sumra mati búinn að vera eftir fíaskóið á Klausturbar.



Samherji



Óhætt er að segja að samfélagsmiðlastjórnur hafi átt betri daga því í vikunni sló Neytendastofa á puttana á **Sólrúnu Diego** og **Tinnu Alavisdóttur** fyrir að birta duldar auglýsingar á Instagram. Sólrún brást illa við og segir Neytendastofu vera leiksopp í höndum óvina sinna. Ófær íslenskra áhrifavalda eru þó litlar samanborið við raunir **Samherjamanna**. Því var spáð að þeir yrðu tíðir gestir hér eftir umfjöllun fjölmiðla um viðskipti þeirra í Namibíu og með tilliti til umræðunnar undanfarið hefur sú spá gengið eftir. Þannig kom í ljós í vikunni að Sainsbury's kaupir ekki lengur fisk af Samherja (það er þó ótengt Namibíumálinu) og önnur verslunarkeðja, Marks and Spencer íhugar stöðuna. Þá er **Þorsteinn Már Baldvinsson** hættur í stjórn 14 fyrirtækja og eftirmaður hans Björgólfur Jóhannsson hefur fengið bágt fyrir yfirlýsingu fyrirtækisins þess efnis að Helgi Seljan hafi logið þegar hann sagði að „yfir þúsund störf“ hafi tapast í namibískum sjávarútvegi vegna Samherja. Nei, það sér ekki fyrir endann á raunum Samherjamanna sem verða líklega áfram fyrirferðamiklir í þessum dálki.

„EINN AF GULLMOLUM JÓLABÓKAFLÓÐSINS“

smartland.is



Áleitin og sterk saga dóttur um móður sína, Ástu Bjarnadóttur, sem ætíð fór sínar eigin leiðir.

„Ég hef fengið rosalega sterk viðbrögð, jafnvel frá bláókunnugu fólki, sem segir að eftir lesturinn skilji það sína eigin foreldra og sjálft sig betur. Ég geng mjög nærri mömmu í bókinni en líka sjálfri mér.“

ÚR VIÐTALI VIÐ HÖFUNDINN

„Skemmtileg, einlæg og hugrökk frásögn af áhugaverðri konu ...“

HLÍN RAFNSDÓTTIR



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla daga í desember; sjá nánar á www.forlagid.is



„VIÐ MÆÐGUR ÆTLUM HEIM SAMAN“

Sólrún Alda Waldorff og Rahmon Anvarov slösuðust alvarlega í bruna í kjallaraíbúð í Mávahlíð í Reykjavík aðfaranótt miðvikudagins 23. október. Sú ákvörðun var tekin vegna áverka Sólrúnar Öldu að flytja hana á sjúkrahús erlendis og er ljóst að langt bataferli er fram undan hjá unga parinu.

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Aðsendar

Þórunn Alda Gylfadóttir, móðir Sólrúnar Öldu, hefur verið hjá dóttur sinni undanfarinn mánuð. Í viðtali við Mannlíf segir Þórunn Alda að reykskynjari hefði getað bjargað öllu við þessar aðstæður, sem eru þær erfiðustu sem fjölskyldan hefur glímt við.

„Ég fékk símtal frá bráðamóttökunni á Landspítalanum í Fossvogi þar sem ég var spurð hvort ég ætti dóttur sem heitir Sólrún Alda Waldorff, maður glaðvaknar strax við slíka spurningu,“ segir Þórunn Alda aðspurð um fyrstu fregnir hennar af brunanum þessa örlagaríku nótt.

„Mér var tilkynnt að hún hefði orðið fyrir reykeitrun og ég var komin í fötin og út í bíl um leið og ég heyrði orðið „bráðamóttakan“ í símtalinu. Ég hringdi í Þórð pabba hennar, sem býr í Reykjavík og sagði honum að fara upp á spítala þar sem dóttir okkar hefði fengið reykeitrun. Meira vissum við ekki, við vissum ekkert, ekki einu sinni þegar við komum upp á spítala.“

Á Landspítalanum var þeim vísað inn í aðstandendaherbergi á fyrstu hæð þar sem þau biðu eftir Hafliða Breka, bróður Sólrúnar Öldu. Þaðan var þeim svo fylgt upp á gjörgæslu. „Þar tók prestur á móti okkur, ásamt lækni og

„**Við erum mjög mikið bara inni hjá henni, enda megum við það. Þetta er hátækni-sjúkrahús, þannig að við þurfum að spritta okkur, þrifa og fara í slopp.“**

hjúkrunarfræðingi. Þar fengum við svona fyrstu upplýsingar um hvað hefði gerst, en þetta eru óljósar þokuminnningar.“

Eiginmaður Þórunnar, Pétur Karlsson, var á sjó þegar eldsvoðinn varð. „Pétur var sofandi þegar ég hringdi og var vakinn um leið. Prestur var með mér þegar ég hringdi og hann tók hreinlega símann af mér og sagði Pétri stöðuna. Ég var einfaldlega ekki fær um að meta hana, enda á þeirri stundu ekki búin að hitta þau. Og þó að væri búin að segja mér stöðuna frá A til Ö, var ég ekki fær um að meta hana. Þú meðtekur ekki upplýsingar í þessari stöðu.“

Ákvörðun tekin um að flytja Sólrúnu Öldu á sjúkrahús erlendis

Sú ákvörðun var tekin fljótlega af læknameyminu á Landspítalanum að senda Sólrúnu Öldu á sjúkrahús erlendis. „Þau hafa getu hér heima til að sinna þremur brunasjúklingum í einu og þeir voru orðnir þrír. Og þau tvö með alvarlega brunaáverka,“ segir Þórunn Alda. Fyrst var haft samband við sjúkrahús í Noregi sem gat ekki tekið á móti henni, en lækna- þar vísuðu á sjúkrahúsið í Linköping í Svíþjóð.

„Þau sögðu strax já við að taka á móti henni. Á miðvikudeginum fengum við að vita að hún yrði flutt þangað klukkan átta á fimmtudagsmorgninum. Ísland er lítið land og það er ekki möguleiki á að vera með stóra brunadeild hér,“ segir Þórunn Alda.

Faðir Sólrúnar Öldu, Þórður Waldorff, starfar hjá Icelandair, fjölskyldan tók þá ákvörðun að fara utan og fóru foreldrar hennar, stjúpfaðir og bróðir. „Kolbeinn Karl Kristinsson, vinnufélagi Þórðar, bókaði far fyrir okkur út á fimmtudeginum til Kaupmannahafnar og þaðan til Stokkhólms,“ segir Þórunn Alda. „Ég og pabbi hennar höfum verið hér úti allan tímann. Hafliði og Pétur eru farnir heim. Þar þarf að sinna heimilinu og hinum börnunum. Við erum tvö hér úti og gerum okkur enga grein fyrir hvenær við komum heim.“

Hvernig er aðstaðan fyrir ykkur foreldrana? „Hér er haldið rosalega vel utan um okkur. Við komum hingað snemma á föstudagsmorgni, eftir að hafa hvílt okkur eina nótt á leiðinni enda alveg búin á því. Læknameyminu sem tók á móti Sólrúnu Öldu tók á móti okkur, hjúkrunarfræðingar og félagsráðgjafi sem stjórna í svona aðstæðum. Þegar við komum sagðist félagsráðgjafinn bóka okkur



Þórunn Alda Gylfadóttir.

á heimili Ronalds McDonalds sem McDonalds- fyrirtækið á og rekur hér fyrir aðstandendur sjúklinga. Þaðan er bara tveggja mínútna gangur yfir á sjúkrahúsið.“

Öllum dögum varið hjá dótturinni

Dagarnir eru langir hjá Þórunni Öldu og Þórði sem verja meirihluta sólarhringsins hjá dóttur sinni. „Við vöknum svona sex á morgnana, og erum mætt þegar spítalinn opnar klukkan hálf sjö. Hér erum við síðan til tíu, ellefu, tólf, eitt á kvöldin og það fer aðallega eftir hvernig dagurinn hjá Sólrúnu Öldu hefur verið. Við erum meirihluta dagsins inni á stofunni hjá henni, en einnig er hér fín setustofa þar sem við getum líka verið,“ segir Þórunn Alda.

„Við erum mjög mikið bara inni hjá henni, enda megum við það. Þetta er hátækni-sjúkrahús, þannig að við þurfum að spritta okkur, þrifa og fara í slopp. Við göngum ekki bara inn auðveldlega, fyrst þurfum við að gera þetta sem ég taldi upp, enda alltaf verið að vernda sjúklinginn fyrir smithættu. Það er mjög vel hugað að öllum svona atriðum. Öllum atriðum sem hægt er að stjórna er stjórnað.“

Fjölskylda Rahmons hjá honum hér á landi

Parið unga hefur verið saman í tæp tvö ár. Sólrún Alda er fædd árið 1997, uppalin í Grindavík og er á síðasta ári í sálfræði við Háskóla Íslands. Rahmon er fæddur árið 1992 í Tatíkistan og hefur búið hér á landi í nokkur ár þar sem hann starfar hjá tölvufyrirtæki, en hann er menntaður tölvunarfræðingur og með meistaraáráðu í alþjóðlegri hagfræði (world economics). Að sögn Þórunnar Öldu hafði parið gert plön saman. „Þau kynntust á Netinu eins og nútímafolk gerir og voru með fram- tíðarplön saman eins og ungt fólk er með. Sólrún Alda var búin að ákveða að fara í frekara nám.“

Rahmon dvelur á Landspítalanum hér heima. „Það var ákveðið að hafa hann hér heima, en flytja hana út. Fjölskylda hans kom til landsins einhverjum fjórum dögum eftir brunann. Við náðum sambandi við fjölskylduna og foreldrar hans fengu ferða- vísa í þrjá mánuði og dvelja í íbúð Þórðar heima á Íslandi,“ segir Þórunn Alda.

Einn reykskynjari hefði bjargað öllu

Bruninn varð sem fyrr segir í kjallaraíbúð í Mávahlíð í Reykjavík og var fjallað



Sólrún Alda Waldorff.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

OPNUM KL 08:00

-50%

**FYRIR 5 FYRSTU SEM
KAUPA RÚM Í DAG**

50% afsláttur af Íslensku gæða rúmum okkar.

5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa rúm frá Vogue fyrir heimilið fá rúmið með **50% afslætti**.

30% afsláttur af íslensku hágæða heilsurúmum frá Vogue í allan dag.

Komdu strax og gerðu frábær kaup.

-30%
AF RÚMUM

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Viðtal

PÓRUNN ALDA GYLFAÐÓTTIR

„Ég hef aldrei og ætla aldrei að lenda í þessu aftur. Og ég óska engu foreldri að vera í þessari stöðu.“



„Við erum öll svo tengd í litlu samfélagi“




Fjölskyldan: Pórunn Alda og Pétur ásamt börnum sínum, Haflíða Breka og Sólrúnu Öldu Waldorff, Birgittu Sif, Karli Óskari og Glódisi Köru Pétursbörnum.


Þriðjudaginn 10. desember verða haldnir styrktartónleikar fyrir Sólrúnu Öldu og fjölskyldu hennar á veitingastaðnum Bryggjunni í Grindavík. Fram kemur úrval grindvískra tónlistarmanna og Grindavíkurvina sem munu leika og syngja tónlist úr öllum áttum.

„Við erum öll svo tengd í þessu litla samfélagi hér þegar eitt-hvað kemur upp á,“ segir Sigríður María Eypórsdóttir, forsprakki styrktartónleikanna, aðspurð af hverju hún ákvað að skipuleggja þá. Sigríður tengist fjölskyldunni ekki ættarböndum, en hún starfar sem kennari við Tónlistarskóla Grindavíkur, þar sem móðir Sólrúnar Öldu, Pórunn Alda, starfar sem kennari við grunnskólann.

„Við þekkjumst lauslega en ætli þetta snúist ekki bara um þessi nánú tengsl manna á milli hér í Grindavík. Þetta var skelfilegt og mikið áfall fyrir alla bæjarbúa að heyra af brunanum og hugur allra er hjá þeim og fjölskyldum þeirra. Grindvískt tónlistarfólk mun spila, og einnig kemur fólk úr Reykjavík og Sandgerði. Svo eru jafnvel fleiri að bætast við úr Reykjanesbæ,“ segir Sigríður.



Peir sem staðfest hafa komu sína nú þegar eru Íris Kristinsdóttir, Dagbjartur Willardsson, Kirkjukór Grindavíkur, 3/4 hljómsveit, Pálmar Guðmundsson, Guðjón Sveinsson og hljómsveit, Sólný Pálsdóttir og hljómsveit, Sigga Maya ÖBÓ og Dói, Axel O og Hljómsveitin Kylja. Guðjón Sveinsson sér um uppsetningu og allar



græjur auk þess að spila á gítar og syngja.

„Aðgangur er ókeypis, en við verðum með söfnunarkassa þar sem fólk getur sett frjálss framlög eftir getu og vilja. Við ákváðum að hafa þetta svona þannig að allir geta gert það sem þeir geta, í stað þess að hafa aðgangseyri. Ef einhver getur gefið 500 kr. þá er hann jafn vel þeginn og 5.000 kallinn,“ segir Sigríður.

„Það er fyrirséð að það tekur við langur endurhæfingartími hjá henni Sólrúnu Öldu og svona áföll taka alltaf stóran toll af fólki bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Tónleikarnir eru í nafni Sólrúnar Öldu, en þau voru tvö sem slósuðust, Sólrún Alda og kærasti hennar Rahmon,“ segir Sigríður. „Við notum hennar nafn vegna tengingar hennar við Grindavík, en allt sem safnast verður í höndum fjölskyldu hennar sem mun sjá um að deila söfnunarfénu þar sem þörfin er mest. Við gleymum ekki Rahmon þó að nafn hans sé ekki í heiti tónleikanna, hann stendur líka í ströngu og fjölskylda hans.“

um hann í öllum fjölmiðlum landsins. Þar bjó Rahmon, kærasti Sólrúnar Öldu. „Hún gisti hjá honum þar þessa örlagaríku nótt,“ segir Pórunn Alda. „Hún var ýmist heima hjá sér eða hjá honum, bara eins og gengur.“

Enginn reykskynjari var á heimilinu, en eigandi íbúðarinnar komst út af sjálfsdáðum. Sólrúnu Öldu og Rahmon var bjargað út um svefnherbergisgluggann þeirra. „Við erum með reykskynjara á okkar heimili, og maður gerir bara ráð fyrir að aðrir séu með þá. Þeir kosta nú ekki svo mikið, kannski 900 krónur stykkið og ég er kannski barnaleg að halda að þetta sé fyrsta öryggistækið sem fólk myndi fjárfesta í þegar það flytur í nýja íbúð.“

Við höfum ekki fengið upplýsingar um það,“ segir Pórunn Alda aðspurð um orsök brunans. „Einu upplýsingarnar sem við höfum eru það sem við höfum lesið, að hann hafi átt upptök sín í eldhúsinu vegna potts á eldavél. Við höfum ekki fengið upplýsingar frá lögreglunni eða öðrum. Og svo sem ekki sóst eftir þeim heldur.“

Ætlar að koma heim með dóttur sinni

Vikuna eftir brunann í Mávahlíð urðu fjórir til fimm heimiliseldsvoðar víðs vegar um landið, og líkt og þar var enginn reykskynjari til staðar. Tjón varð á öllum heimilum, mikið á sumum þeirra, en enginn slasaðist í þeim eldsvoðum.

„Þessar fréttir sjökkeruðu okkur og við fengum smááfall við að fólk væri svona kærulaust. Ef þú treystir þér ekki til að bora reykskynjara upp í loftið, settu hann þá upp á skáp, finndu hæsta punkt í íbúðinni, settu hann upp á gardínustöngina. Sýndu frumkvæði,“ segir Pórunn Alda og ítrekar mikilvægi þess að fólk hugi að brunavörnum á heimilum sínum.


„Ég hef aldrei og ætla aldrei að lenda í þessu aftur. Og ég óska engu foreldri að vera í þessari stöðu. Þetta er tilgangslaust, fardu út og kaupu þér reykskynjara. Hvert einasta heimili ætti að vera með reykskynjara,“ segir Pórunn Alda þegar hún er spurð þeirrar kaldranalegu spurningar hvort aðstæðurnar nú séu ekki þær verstu sem hún hefur glímt við.

„Það á ekki að vera þannig að það séu fjórir eldsvoðar sömu vikuna



„Það á ekki að vera þannig að það séu fjórir eldsvoðar sömu vikuna og enginn með reykskynjara.“

Sólrún Alda og Rahmon.



and enginn með reykskynjara. Þetta er svo skrítið, kannski af því að við höfum alltaf verið með reykskynjara á okkar heimili og farið yfir þá,“ segir hún og bætir við að læknarnir úti hafi sagt þeim að eldsvoðar séu algengir í svefnherbergjum þar sem fólk hleður síma þar inni. „Við hjónin settum reykskynjara upp í öllum svefnherbergjum. Ég vil hvetja fólk til að setja upp reykskynjara, sérstaklega í svefnherbergjum unglinga, bara ef eitthvað gerist.“

Fjölskyldan hefur notið mikils stuðnings eftir að eldsvoðinn varð. Vinkonur Sólrúnar Öldu stóðu fyrir bænastund í Grindavíkurkirkju og styrktartónleikar eru fyrirhugaðir 10. desember. „Við höfum fundið mikinn stuðning frá fólkinu okkar og samfélaginu. Við erum þakklát öllu því fólki sem kemur fram á tónleikunum og við skipulagningu þeirra. Sigríður María Eypórsdóttir á þakkir skildar fyrir vinnu sína. Bryggjan fyrir að lána þeim húsnæði sitt þennan dag. Við finnum stuðning úr öllum áttum,“ segir Pórunn Alda.

Tíminn einn á eftir að leiða í ljós hvernig bati unga parsins verður. „Það á eftir að koma í ljós hvaða afleiðingar eldsvoðinn hefur. Við tókum bara hálfan dag í einu og höfum gert síðasta mánuð. Við gerum engin plön nema þau að við ætlum heim saman,“ segir Pórunn Alda. „Við erum staðráðin í því að koma heim með Sólrúnu Öldu, hvenær sem það verður.“

VIKAN

Vikan er fjölbreytt, fræðandi og skemmtileg.

Tryggðu þér áskrift á mannlif.is/askriftir ★ www.vikan.is



PRIMAVERA
FURNITURE

-40%

SVARTUR FÖSTUDAGUR

OPNUM KL 08:00

-20%

-50%

FYRIR 5 FYRSTU SEM
KAUPA PRIMAVERA

5 fyrstu viðskiptavinirnir sem kaupa sófa frá Primavera fá hann með **50% afslætti**.

30% afsláttur af sófum frá Primavera í allan dag. Láttu lífið leika við þig í sófa frá Primavera.

Komdu strax og gerðu frábær kaup.

-30%

AF PRIMAVERA
SÓFUM Í DAG

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Viðtal

SVERRIR NORLAND & CERISE FONTAINE

Ekki má vanmeta meðfætt fegurðarskyn barna

Líklega vilja flestir ungir foreldrar að börn þeirra kynnist heilandi heimi bóka, sérstaklega ef þeir eru sjálfir bókaunnendur. Hjónin Sverrir Norland og Cerise Fontaine falla sannarlega í þann flokk en þau ganga lengra en flestir aðrir. Þau stofnuðu eigið bókaforlag til að tryggja að barnið þeirra og önnur íslensk börn fái að kynnast eftirlætisbókunum þeirra. AM forlag býður í dag upp á nokkrar vel valdar og vandaðar bækur og útgáfan er alltaf að vaxa.

Texti / Steingerður Steinarsdóttir Myndir / Hákon Davíð Björnsson og aðsendar

Það er vel í lagt að stofna eigið forlag bara til að koma á framfæri skemmtilegustu barnabókunum sem maður þekkir. Hvernig kom það til?

„Vegna þess að við elskum bækur,“ segir Cerise.

„Bækur hafa alltaf verið miðlægur í lífi okkar beggja svo að það kom eiginlega svolítið af sjálfu sér,“ bætir Sverrir við. „Við höfum bæði alltaf lesið mikið. Mér skilst af tengdaforeldrum mínum úti í París að Cerise hafi eytt barnæskunni með nefnd í bók. Sjálfur tók ég snemma að skrifa og teikna mínar eigin sögur og fylgdi þá mjög framúrsteftulegum stafsetningarreglum. Bækur – og sögur – hafa því alltaf fylgt okkur.“

Kröfuhörð á innihald og útlit bóka

„Við löðumst líka að bókum sem áþreifanlegum hlutum, sem er mikilvægt að nefna í okkar stafrænu veröld,“ heldur Cerise áfram. „Sverrir er rit höfundur og ég hef starfað við bókaútgáfu í bæði Frakklandi og Bandaríkjunum og einnig í listasöfnum og galleríum og meðal annars komið þar að útgáfu listaverkabóka. Við erum því kröfuhörð á bæði innihald og útlit bókana.“

Þegar Alma, dóttir okkar, fæddist rann upp fyrir okkur að íslenskar bækur handa börnum voru ekki aðgengilegar í því magni og oft ekki í þeim gæðaflokki sem við hefðum kosið. Okkur langaði að geta lesið fyrir Ölmum spennandi og hugvikkandi sögur með hrífandi teikningum sem prentaðar væru á úrvalspappír – og það á íslensku ekki síður en á ensku og frönsku. Úr varð að við ákváðum að ýta sjálf úr vör forlagi sem hefði slíkt markmið. Við hefjum leik með íslenskum útgáfum af völdum eftirlætisverkum okkar. Íslensk bókaútgáfa er ótrúlega kröftug og fjölbreytt, en okkur fannst engu að síður eins og hér og þar leyndust gloppur og þar með tækifæri sem okkur langaði að kanna.“

„Við höfum viðtæka reynslu úr útgáfu og góðan hóp vina og vandamanna sem stendur við bakið á okkur og þar er til staðar öll sérþekking og rúmlega það; yfirlestur, uppsetning, hönnun, ljósmyndun, kynningarstarf, klapplið o.s.frv. Ég held að það endurspeglar í útgáfunni að við gerum þetta af metnaði og ástríðu,“ segir Sverrir með áherslu.

Löngu tímabært að Tomi Ungerer kæmi til Íslands

Alma er í dag tveggja og hálfis árs en þegar hún fæddist voru hjónin búsett í New York. Síðastliðið ár nýttu þau til

að ferðast en settust nýlega að í Reykjavík. Meðan á ferðalaginu stóð undirbjuggu þau útgáfu þriggja fallelgra bóka sem nefnast Máni, Ræningjarnir þrír og Tröllid hennar Sigríðar. Þetta eru sígildar barnabækur eftir hinn margverðlaunaða Tomi Ungerer, sem bæði semur sögurnar og teiknar myndirnar. Þetta er í fyrsta skipti sem verk eftir hann koma út á íslensku. Ykkur langaði að deila bókum Ungerer með öðrum. Hvað er svona töfrandi við þessar bækur?

„Tomi Ungerer var algjörlega magnaður listamaður og skipar í mínum huga sömu úrvalssveit og hin dáða Tove Jansson okkar hér á Norðurlöndum, Astrid Lindgren og H.C. Andersen,“ segir Sverrir. „Hann bæði teiknaði og skrifaði bækurnar og samdi um

”

„Okkur langaði að geta lesið fyrir Ölmum spennandi og hugvikkandi sögur með hrífandi teikningum sem prentaðar væru á úrvalspappír.“

hundrað og fimmtíu á löngum ferli, sumar eru reyndar enn óútgefnar. Sögurnar hans ólga ævinlega af mikilli hugmyndakynni og sköpunargleði svo að lesendur á öllum aldri – þriggja til hundrað og þriggja ára – breytast sjálfir í hugmyndaríka listamenn á meðan á lestrinum stendur og varðveita vonandi andagiftina enn þá lengur, jafnvel í slíku magni að þeir taki sjálfir að skrifa og teikna sögur.“

Fullt af sígildum sagnamínum en koma á óvart

„Tomi er mjög þekktur í Frakklandi, bækurnar hans eru sígildar þar og allir þekkjast þær,“ segir Cerise. „Þær ferðast líka auðveldlega yfir landamæri. Þær hefjast oft eins og þjóðsögur með sígildum sagnamínum – þar úir og

grúir af ræningjum, tröllum, köstulum, litlum stúlkum með ljósa lokka – en svo þróast ekkert með þeim hætti sem lesandinn sá fyrir í upphafi. Á heimsvísu hafa bækurnar hans komið út á fleiri en tuttugu tungumálum. Það var því löngu orðið tímabært að þær bærust til Íslands.“

„Ég held að Tomi hafi gjörbreytt því hvernig barnabækur 20. aldarinnar voru skrifaðar. Hann sýnir börnum aldrei dauðhreinsaðan og falskan heim, þar sem allar sögupersónur eru einfaldar, flatar og hamingjusamar. Hann ber mikla virðingu fyrir börnum, veit að þau eru miklu skynugri en hinir fullorðnu vilja oft viðurkenna, og hann er óhræddur við að draga upp mynd af flókinni veröld, takast á við myrkari hliðar tilverunnar,“ segir Sverrir.

„Hann sagði einhvern tíma að mikilvægt skapgerðareinkenni á öllum börnunum í sögunum sínum væri að þau væru alltaf óttalaus. Það finnst mér góð athugasemd og í bókunum sem við gefum út núna koma til að mynda fyrir tvær afar sterkar stelpur sem hafa úrslitaáhrif á framvindu sögunnar. Lesendur þurfa að alast upp með sterkum kvenpersónum og karlpersónum auðvitað líka. Við þurfum að trú á því að við getum haft jákvæð áhrif á heiminn og það verður sífellt mikilvægara að hafa það í huga, nú þegar ungu kynslóðirnar standa frammi fyrir svo stórum áskorunum,“ bætir Cerise við.

Vilja að bækurnar segi skemmtilegar sögur

En hvað er góð barnabók? „Það er góð spurning!“ segir Cerise. „Í góðri barnabók gegna bæði saga- og orðanotkun lykilhlutverki. Við viljum að bækurnar okkar segi skemmtilegar sögur á fallelgri íslensku. Texti í barnabók dregur oft dóm af ljóðlist; hann virðist einfaldur en hvert orð er engu að síður valið af kostgæfni og þjónar hlutverki bæði í því að ýta áfram framvindunni en einnig hljóðrænt því barnabækur eru svo oft lesnar upphátt. Þær bestu geyma því framúrskarandi sagnalist og einnig tónlist og myndlist. Við viljum að myndskreytingarnar séu örvandi og fallegar og bækurnar sjálfar fagrar á að líta, fagmannlega prentaðar á endingargóðan og vandaðan pappír.“

„Börn eru kröfuharðir lesendur,“ segir Sverrir, „og hafa meðfætt fegurðarskyn sem við ættum aldrei að vanmeta. Við viljum að það sé ánægjulegt að horfa á bækurnar okkar, handleika þær, lykta af þeim. Nú þegar skjáir eru alls staðar er sérstaklega mikilvægt að bjóða börnum upp á bækur sem eru spennandi og örvandi



Hjónin Sverrir Norland og Cerise Fontaine stofnuðu eigið bókaforlag til að tryggja að barnið þeirra og önnur íslensk börn fái að kynnast eftirlætisbókunum þeirra.

F&F

BLACK FRIDAY

25%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM F&F VÖRUM

28. NÓVEMBER - 1. DESEMBER

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP



Viðtal

SVÆRRIR NORLAND & CERISE FONTAINE

„Við höfum ólíka styrkleika og hæfileika sem nýtast vel í samvinnu. Og okkur finnst gaman að vinna saman: við höfum svipaðan smekk sem þó er nógu ólíkur til að það verði áhugaverður núningur.“



fyrir hugarflugið og sköpunarkraftinn en veita um leið kyrrð, ró, hægara tempó, áþreifanlega reynslu. Loks finnst okkur nauðsynlegt að segja fjölbreyttar sögur um fjölbreytt fólk af alls konar uppruna. Það mun endurspeglast í frekari útgáfu.“

Bókmenntir heimsins magnað samvinnuverkefni

Tomi Ungerer fæddist árið 1931 í Strassborg í Frakklandi og lést 2019. Hann var framleiðsluglaður og frumlegur listamaður. Teikningarnar hans voru í senn einfaldar – penni, svart og litað blek – og útpældar og snjallar, skreyttar óvæntum smáatriðum og hugviti. Sværrir, þú ert rithöfundur. Hefði ekki verið einfaldast að skrifa bara sjálfur þær bækur sem þú vildir að Alma fengi að njóta?

„Ég held að ég sjálfur, sem bæði höfundur og manneskja, sé bútasaums-teppi úr öllum bókunum sem ég hef lesið; sögum, ljóðum, öðrum hugmyndaríkum textum. Að kynna Ölmú höfund eins og Tomi Ungerer, sem stendur mér svo nærri að hann er einhvern veginn samanfléttaður inn í hugsunarheim minn og eins hjartastað, er að kynna sjálfan mig fyrir henni,“ svarar hann og brosir.

„Bókmenntir heimsins eru magnaðasta samvinnuverkefni mannkyns fyrr og síðar. Það eru til svo margar undursamlegar bækur sem aldrei hafa borist til Íslands, og það er yndislegt að geta snarað völdum úrvalsverkum yfir á móðurmálið okkar fallega og unnið þannig starf sem ég tel að sé mikilvægt samfélagslega. Staða þýðandans er líka á vissan hátt auðmýkri en höfundarins, sem er kærkomið. Í framtíðinni væri gaman að gefa út barnabækur frum-samdar á íslensku en til að byrja með langar okkur að sækja í þann mikla fjársjóð sem þegar er til úti í hinum stóra heimi.“

Hafið þið sem sagt hugsað ykkur að vikka út útgáfuna, þ.e. gefa út bækur fyrir fullorðna líka? „Ekki spurning,“ segir Cerise. „Við erum með augastað á nokkrum. Vonandi gerist það í náinni framtíð.“

Bæta hvort annað upp

Hverjir eru kostirnir við að vera einryrkjar og frumkvöðlar í nýsköpun og vinna saman?

„Við höfum ólíka styrkleika og hæfileika sem nýtast vel í samvinnu. Og okkur finnst gaman að vinna saman: við höfum svipaðan smekk sem þó er nógu ólíkur til að það verði áhuga-



„Við lítum svo á að barnabækur eigi ekki að vera dýr mun-aðarvara og eins viljum við að auðvelt sé að bera þær á sér í dagsins önn – og lesa uppi í rúmi á þægilegan hátt.“

verður núningur,“ segir Cerise.

„Ég get verið hvatvís, það flæðir eitt-hvað frá mér og svo er ég rokinn í næstu hugmynd; Cerise er hins vegar yfirveguð og skipulögð, listaflink í að útfæra hugmyndir á besta mögulegan hátt. Hún er líka frábær hönnuður,“ bætir Sværrir við.

„Það skemmtilega við að koma að útgáfunni á öllum stigum er að við erum með puttana í öllum smáatriðum – og þar sem við höfum sterkar skoðanir á hverju einasta þeirra, hönnun bóka, innihaldi og svo framvegis,“ skýtur Cerise inn í. „Við viljum til dæmis að bækurnar okkar séu af hóllegri stærð og að verðið sé sanngjarnt. Við lítum svo á að barnabækur eigi ekki að vera dýr munaðarvara og eins viljum við að auðvelt sé að bera þær á sér í dagsins önn – og lesa uppi í rúmi á þægilegan hátt.“

Við viljum að vandvirknin og ástríðan skíni alls staðar í gegn: Við vöndum okkur við að pakka inn bókunum, svörum öllum pöntunum sem við fáum með persónulegum hætti og höfum gaman af því að læða óvæntum glaðningi með í sendingar. Eins finnst okkur gaman að vinna í samstarfi með uppáhaldsbókabúðunum okkar.“

Föndur, bækur, kökur og krakkar

Er eitthvað á döfnni hjá ykkur á næstunni? „Já, við höfum verið að skipuleggja spennandi viðburði sem haldnir verða í nóvember og desember; þá fara fram upplestrar og við föndrum með krökkum, teiknum, borðum köku, allir velkomnir. Við verðum barnabókamessunni í Laugardalnum og víðar. Lesendur ættu endilega að fylgja okkur á Instagram og Facebook svo að viðburðirnir fari ekki fram hjá þeim og eins að skrá sig á pósthlistann okkar á heimasíðu AM forlags til að fá nýjustu fréttir af útgáfunni.“

Við erum einnig að undirbúa vorútgáfuna. Þá kemur út ein þekktasta barnabók tuttugustu aldar hjá okkur, vinsælt verk og mikill heiður að gefa það út hér. Hin bókin, sem við gefum út næsta vor, er minna þekkt en ekki síður yndisleg. Það er hrifandi saga handa ungum börnum, með fallegum teikningum, bæði skrifuð og teiknuð af japanskri listakonu sem býr í Frakklandi. Í framtíðinni langar okkur svo að opna rými í Reykjavík sem helgað yrði barnabókum og þar sem einnig yrði boðið upp á vinnustofur fyrir krakka,“ segir Cerise að lokum. Frekari upplýsingar má finna á amforlag.com.



Black Friday tilboð aðeins í dag

OPEL ASTRA

Sýningabíll á frábæru verði - ókeypis

NÝR BÍLL

- 1.4L bensín vél - túrbó
- Sjálfskiptur
- 150 hestöfl
- R4.0 Intellilink margmiðlunarkerfi m/7" skjá
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðarskynjari að framan og aftan
- Leðurklætt, upphitað, aðgerðastýri
- LED dagljós
- Aftengjanlegur loftpúði í farþegasæti
- Aksturstólva
- Armpúði á framsæti
- ESP stöðugleikastýri og ABS hemlakerfi
- 16" álfelgur
- Fjarstýrð samlæsing

- Geymsluhólf milli framsæta
- Glasahaldari fram í
- Háls-, höfuð- og bakhnykkisvörn í framsætum
- Hiti í framsætum
- Hiti í hliðarspeglum
- Hraðastillir (cruise control)
- Hraðnæmt stýri
- HSA kerfi - brekkuhjálp
- Hæðarstillanlegt stýri með aðdrætti
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Höfuðpúðar á öllum sætum
- ISOFIX barnstólsfestingar í aftursætum
- Loftþrýstingskynjari fyrir hjólabarða
- Miðstöð með loftkælingu

- Rafdrifnar rúður að framan og aftan
- Rafstýrðir, upphitaðir hliðarspeglar
- Rúðupurrka á afturrúðu
- Samlitaðir hurðahúnar, speglar og stuðarar
- Spegill í sólskyggni farþega
- Start/stopp kerfi
- Tengil fyrir ípod og MP3 spilara
- USB tengi
- Varadekk
- Vindskeið að aftan
- Öryggisþúðar í hliðum framsæta
- Öryggisþúðar í stýri og mælaborði
- Öryggisþúðatjöld í hliðum
- 40/60 niðurfellanlegt sæti



Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

-500.000
aðeins í dag

Black Friday tilboð: 3.290.000 kr. - Verð áður: 3.790.000 kr.



Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

CINTAMANI

BLACK

FRIDAY



LOGN

Fyrir ~~22.995 kr.~~
Nú **11.497 kr.**



BLÍÐA

Fyrir ~~22.995 kr.~~
Nú **11.497 kr.**



FÖNN

Fyrir ~~69.995 kr.~~
Nú **34.997 kr.**



DRÍFA

Fyrir ~~69.995 kr.~~
Nú **34.997 kr.**

BYRJUM MEÐ LÁTUM Í Í AUSTURHRAUNI

50% afsláttur frá kl 7-8.59*
40% afsláttur frá kl 9-10.59
35% afsláttur frá kl 11-12.59
30% afsláttur frá kl 13-16
25% afsláttur frá kl 16-22

*Aðeins Austurhraun opnar kl 7. Aðrar verslanir halda reglulegan opnunartíma.



Mavic Air

Mavic Air er ótrúlega meðfærilegur en um leið afkastamikill dróni fullur af möguleikum.

- 32 MP Sphere Panorama myndataka
- Hægt að brjóta saman
- Þriggja ása gimbal & 4K myndavél
- Umhverfisskynjun
- SmartCapture
- 21 mínútu flugtimi

Flymore combo **tilboð 134.990 BLACK FRIDAY***

*Taska, 2x aukarafhlöður, hleðslustöð, spaðavörn, auka spaðasett



Osmo Mobile 3

Jólatilboð
Stakur 15.990
Combo 18.990



TELLO IRON MAN™

TELLO IRON MAN

Tello Iron Man Edition er fullkominn dróni fyrir unga Marvel-aðdáendur sem langar að læra að fljúga dróna. Hægt er að forrita Tello í Scratch-umhverfinu.

Jólatilboð 19.990
Verð áður 24.990

OSMO POCKET

Osmo Pocket er minnsta 3-ása myndavél með hristivörn sem DJI hefur nokkru sinni framleitt.

- Létt og meðfærileg
- 4K 60fps myndbandsupptaka
- Vélræn hristivörn
- Fjöldi aukahluta
- 140 mínútna rafhlöðuending

Jólatilboð 49.990
Verð áður 54.990



OSMO ACTION

Með tveimur skjám og RockSteady hristivörn gerir Osmo Action þér kleift að taka hvað sem er upp.

- 2 skjáir
- 4K HDR upptaka
- Rockstady hristivörn
- Hægt að spila 8x hægar
- Raddstýring
- Vatnsheld niður á 11m dýpi

Jólatilboð 49.990
Verð áður 59.990



dji | AUTHORIZED RETAIL
STORE REYKJAVÍK

VIÐURKENNDUR SÖLUADILI

DJI Reykjavík er viðurkenndur sölu- og dreifingaraðili DJI vara á Íslandi. Við bjóðum DJI vörur á svipuðu verði og erlendis.

UM DJI

DJI er stærsti drónaframleiðandi heimsins í dag með um 70% markaðshlutdeild. DJI er þekkt fyrir gæði og góða þjónustu.

KÍKTU VIÐ

Við þekjum DJI vörur eins og handarbökin á okkur. Kíktu í heimsókn til okkar ef þig vantar aðstoð eða ráðgjöf.

BLACK FRIDAY!

Mavic 2 Pro

Mavic 2 Pro notast við Hasselblad-myndavélartækni til að tryggja hámarks myndgæði.

- Hasselblad-myndavél
- 1" CMOS myndflaga
- Stillanlegt ljósop
- 10-bit Dlog-M 4K videoupptaka
- 10-bit HDR 4K videoupptaka
- Hyperlapse
- Flugtími 31 mín

HASSELBLAD

Tilboð 194.990 BLACK FRIDAY

Jólatilboð 204.990 (frá 30/11)

Verð áður 219.990

FLEIRI TILBOÐ Á DJIREYKAJVIK.IS



Jólagjafir sem gefa hugmyndafluginu lausan tauminn!

DJI Mavic Mini

Mavic Mini er lítill dróni útbúinn DJI tækni. Mavic Mini gerir þér kleift að grípa augnablikin hvenær sem er.

- Flugtími: allt að 30 mínútur
- Hraði: 47 km/klst.
- Gimbal: þriggja ása
- Drægni: allt að 2 km
- Þyngd: Aðeins 249gr
- Myndupplausn: 12 MP ljósm. 2.7K video

Mavic Mini 62.990

Mavic Mini Flymore combo 76.990*

*2 aukabatterí, spaðavörn, hleðsludokka, taska, auka spaðasett.



Lækjargata 2a, 101 Reykjavík, djireykjavik.is

Birt með fyrirvara um villur



REYKJAVÍK

AUTHORIZED RETAIL STORE

„Ég byrja oftast að skreyta eftir afmælið mitt í nóvember en þá veit ég að jólin eru næst á dagskrá.“



Verkið er eftir NORR og sómir sér vel í fallega skreyttri stofunni.

Látlausar skreytingar fyrir jólin

Íris Tanja, leikkona og flugfreyja, Valur Hrafn, deildarstjóri og forritari hjá Vodafone, og börnin þeirra, Aron Þór og Kolbrá Saga, búa í fallegri íbúð í Laugardalnum. Stíllinn á heimilinu minimalískur og skreytingarnar í takt við það; ilmandi greinar og greni, ljós og fagurlega dekkað hátíðarborð.

Texti / María Erla Kjartansdóttir Myndir / Aldís Pálsdóttir

Íris segist leggja mikið upp úr notalegri stemningu á heimilinu og í því samhengi skiptir lýsingin hana miklu máli. „Ég er alltaf með tver seríur uppi allan ársins hring en ég mjög hrifin af notalegri stemningu, ekki með neinum krúsíðullum heldur með lýsingu. Ég kveiki mikið á kertum og þá mörgum í einu. Valur segir stundum að hann sé í bráðri lífs-hættu hérna á heimilinu,“ segir hún og hlær.

Íbúðin er rúmir 120 fermetrar að stærð með bílskúr og hafa Íris og Valur gert töluvert mikið fyrir hana, en íbúðin er nær óþekkjanleg frá því að þau keyptu hana fyrir rúmum þremur árum. Hvað var það við hana sem heillaði? „Frönsku hurðirnar, fiskibeina-

parketið og listarnir fönguðu okkur fyrst,“ segir hún. „Svo eru stórir gluggar hérna og við sáum svolítið möguleikana út frá því, en íbúðin var ekki í góðu standi. Við máluðum allt upp á nýtt og lökkuðum lista, tókum út næstum alla fataskápa og fínþussuðum allt. Eldhúsið var upphaflega hinum megin við vegginn en við sáum strax að við gætum fært það yfir og bætt við herbergi sem varð herbergið hans Arons.“

Heldur upp á jólasveinana frá ömmu

Stíllinn á heimilinu er nokkuð minimalískur og stílhreinn þar sem falleg form og látlausir litir eru allsráðandi. Hvíti og græni liturinn eru áberandi sem gefur

íbúðinni léttan og notalegan brag. „Ég heillast af því sem er klassískt og stenst tímans tönn,“ segir Íris. „Hér er því bæði að finna gamla hluti og nýja – hönnun í bland við ódýrari muni.“

Spurð hvenær hún byrji að skreyta fyrir jólin, segir hún: „Ég byrja oftast að skreyta eftir afmælið mitt í nóvember en þá veit ég að jólin eru næst á dagskrá og byrja að bæta við seríum til að það birtir meira. Ég er ekki fyrir of mikið skraut; stytur, jólakarla og þess háttar, og kaupir frekar eitthvað sem endist. Eina undantekningin er jólasveinalengjan sem var síðasta jólagjöfin sem amma gaf mér en hún dó nokkrum dögum síðar. Ég hengi hana alltaf upp 4. desember sem var afmælisdagurinn hennar



Íris Tanja, leikkona og flugfreyja.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL um jólin

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LUR.IS

Dönsk
gæði



Lama[®]
Danskt handverk
síðan 1939

 <p>Öll sæti og bak stillanlegt</p> <p>RICCARDO rafstillanlegur tungusófi</p>	 <p>BRUNSTAD LITAVIRKI EMBRYL</p> <p>Brunstad hvíldarstóll</p>	 <p>Öll sæti stillanleg</p> <p>ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is</p>	 <p>SITTING VISION hvíldarstóll</p>
 <p>Stillanlegur rúm</p>	 <p>Svefnsofar í miklu úrvali.</p> <p>Margar stærðir</p>	 <p>BUGATTI[®] ITALY</p>	 <p>SITTING VISION hvíldarstóll</p>
 <p>Öll sæti stillanleg</p> <p>ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is</p>	 <p>Stillanlegur höfuðpúði</p> <p>GRACE hægindastóll</p>	 <p>GENIUS LOCI tungusófi</p>	 <p>CALIA ITALIA</p> <p>JACOB stóll frá Calia Italia</p>

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is



h

Hús & hýbýli

INNLIÐ



Íris lagði fallega á hátíðarborðið. Vasinn er úr versluninni Bisou.is, diskar úr Söstrene Grene og hnifapör frá Pier.

og er örugglega eina „jólaskrautið“ sem ég nota alltaf. Amma átti sjálf svona og það dóttur konunnar sem bjó til hennar lengju að búa til eins fyrir mig rétt áður en hún lést. Mér þótti afar vænt um það en þetta er án efa dýrmætasta jólaskreytingin mín.“

Íris segist annars leyfa sér að kaupa eitt og eitt jólskraut á hverju ári en þá helst á útsöllumum. „Ég á svona grunn sem eru sérúr og svo skreyti ég mína hluti sem fyrir eru með greni, eins og kertastjaka og

set greinar í vasa. Ég kaupi grenið frekar snemma og skipti út yfir aðventuna til að fá góðu grenilyktina inn. Ég vil hafa látlausar skreytingar og hafa þær frekar lengur uppi og lýsa upp skammdegið. Jólátréð er alltaf komið upp 20. desember sem er afmælisdagurinn hennar mómmu, en hún er mikið jólabarn og hefur alltaf verið. Síðan er ég yfirleitt búin að taka allt niður 2. janúar,“ segir hún, en Íris og mamma hennar gerðu allar skreytingarnar á heimilinu sjálfar.



Gefðu ástvinum þínum ógleymanlega upplifun með lúxus gjafabréfi ION Hótela.

ION Hótelin hafa skapað sé sess sem ein flottustu og mest spennandi hótél landsins. Á skömmum tíma hafa þau öðlast gríðarmikla frægð fyrir sína stórfenglegu hönnun og í kjölfarið fengið lofsamlega umfjöllun um allan heim. Móðurhótelið, ION Adventure Hótel, er staðsett á Nesjavöllum við Þingvallavatn í einungis 40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík en hið nýja og glæsilega ION City Hótel er staðsett á Laugaveginum, í miðborg Reykjavíkur.

Gjafabréfið má nota á báðum hótélum en innifalið er gisting fyrir tvo í Deluxe herbergi ásamt þriggja rétta kvöldverði og morgunmat.

Fullt verð: 69.900 kr – Jóltilboð: 59.900 kr.

Pantanir berast í gegnum heimasíðu okkar á: ionice.land.is eða í tölvupósti á: sales@ionice.land.is merkt "gjafabréf".

ion hotels



SVARTUR FÖSTUÐAGUR

BRAUN
25%

bodum
25%

15%

OFN



944 188 169

AEG

SAMSUNG

110.000
kr. afsl.

VERÐ ÁÐUR 359.900,-
NÚ 249.900,-

Q70
QLED
2019

65"

SAGE65Q70RATXXC

25%

AEG
HELLUBORÐ

949 597 378

SAMSUNG
ÞVOTTAVÉLAR

EGO BUBBLE 7KG
VERÐ ÁÐUR 74.900,-
NÚ 59.920,-



SAWW80J5426EW/EE

55"

VERÐ ÁÐUR 259.900,-
NÚ 179.910,-

75"

VERÐ ÁÐUR 519.900,-
NÚ 415.920,-

SAMSUNG
KÆLISKÁPAR



USA HVITUR
VERÐ ÁÐUR 189.900,-
NÚ 149.641,-

21,20%

SARB3VRS100SA/EE

SARS50N8403WW/EE

SARB3VRS100WW/EE

STÁL
VERÐ ÁÐUR 104.900,-
NÚ 73.430,-

HVITUR
VERÐ ÁÐUR 99.900,-
NÚ 69.930,-

AEG
ÞVOTTAVÉL

AEG
ÞURRKARI

VERÐ ÁÐUR 109.900,-
NÚ 93.415,-



HT914 913 404

7KG 1200SN
VERÐ ÁÐUR 99.900,-
NÚ 84.915,-

HT916 098 539

SAMSUNG
HÁFUR
VERÐ ÁÐUR 119.900,-
NÚ 79.900,-



SARB3VRS100SA/EE

30%

30%

AEG
SKAFT RYKSUGA



NIVONA
BAUNA 20%
KAFFIVÉLAR

Tefal
POTTAR 30%
OG PÖNNUR

staub
ELDFÖST MÓT
40%

25%

brabantia
20%

SAHW-Q96R/XE

SOUNDBAR Q96R ATMOS

SOUNDBAR
VERÐ ÁÐUR 199.900,-
NÚ 149.925,-

EKKI MISSA AF STÆRSTU TILBOÐSVEISLU ÁRSINS !



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á

ORMSSON.IS



ORMSSON

Greiðslukjör



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Black

TILBOÐ GILDA TIL OG MEÐ MÁNUDAGSINS 2. DESEMBER



Apple Watch 4 | 20% afsláttur

Fjórða kynslóð af Watch frá Apple.
Vinsælasta úri í heimi.

Apple Watch 4 - 40mm Verð: 59.992
Apple Watch 4 - 44mm Verð: 63.992



VIFA Reykjavík | 30% afsláttur

Kynnstu Reykjavík, minnsti Bluetooth hátalarinn frá Vifa.

VIFA Reykjavík Verð: 18.893



MacBook Pro 15" | 25% afsláttur

Sú besta fyrir atvinnumenn og þá sem vilja alvöru hraða í léttari og kraftmikilli vél.
2019 árgerð.

MacBook Pro 15" Verð frá: 322.493



Blirt með fyrirvara um prent- og verðvillur.

**Vaxtalaus greiðsludreifing.

Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslun Epli í allt að 6 mánuði. Við kaupverð bætist 3,5% lántökugjald og færslugjald nú 405 kr. við hvern gjalddaga.

Vinsælustu jólagjafirnar finnur
þú á nýrri heimasíðu Epli

epli.is

Friday



Twinkly jólaseríur 25% afsláttur

Jólaseríur sem þú stjórnar með símanum eða spjaldtölvunni. Allar Twinkly vörur á tilboði.

Twinkly 150L	Tilboð: 11.243
Twinkly 190L	Tilboð: 14.993
Twinkly 150L	Tilboð: 14.993
Twinkly 150L	Tilboð: 21.743



Bower & Wilkins heyrnartól 40% afsláttur

Hágæða heyrnartól sem gefa þér náttúrulegan og nákvæman hljóm ásamt noise cancelling.

Bowers & Wilkins PX	Tilboð: 29.994
---------------------	----------------



Jays heyrnartól og hátalarar 25% afsláttur

Vandaðar vörur á góðu verði. Allar Jays vörur á tilboði.

Heyrnartól	Tilboð frá: 5.243
Hátalarar	Tilboð frá: 8.243



Netatmo | 20% afsláttur

Vertu öruggur heima og að heiman með Netatmo öryggisbúnaði fyrir heimilið.

Ófnastýring	Tilboð: 9.592
Reykskynjari	Tilboð: 11.992
Heimilis veðurstöð	Tilboð: 11.992
Inni öryggismyndavél	Tilboð: 26.392
Úti öryggismyndavél	Tilboð: 31.992



Knomo töskur | 40% afsláttur

Barbican vörulínan á tilboði.

Knomo Barbican Sleeve	Tilboð: 6.594
Knomo Foster	Tilboð: 11.994
Knomo Dalston	Tilboð: 13.794
Knomo Budapest	Tilboð: 13.794
Knomo Albion	Tilboð: 14.994
Knomo Roscoe	Tilboð: 17.994



Osmo | 25% afsláttur

Frábær jólagjöf fyrir yngri kynslóðina. Allar Osmo vörur á tilboði.

Osmo Base iPhone	Tilboð: 4.493
Osmo Numbers	Tilboð: 5.243
Osmo Coding Jam	Tilboð: 8.993
Osmo Genius Kit	Tilboð: 12.743



Hélt það þyrfti náðargáfu til að skrifa

Þórunn Guðmundsdóttir hefur verið virkur meðlimur í áhugamannaleikfélaginu Hugleik í tuttugu ár. Leikið á sviði, verið í hljómsveitum sýninga og samið nokkur verk í fullri lengd sem félagið hefur sýnt, bæði texta og tónlist, auk margra styttri verka. Sýning Hugleiks, Gestagangur, sem er á fjölonum þessa dagana í Smiðjunni við Sölvhólsgötu, er nýjasta verk hennar og auk þess að vera höfundur þess spilar hún einnig með hljómsveitinni í sýningunni. Hún segir starfið með Hugleik hafa gefið sér ótrúlega mikið og að hinir meðlimir félagsins séu eiginlega orðnir nokkurs konar fjölskylda hennar.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir Mynd / Unnur Magna

En hvernig stóð á því að hún byrjaði að starfa með leikfélaginu á sínum tíma? „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á leikhúsi,“ segir Þórunn. „Pabbi og mamma fóru mikið með okkur systkinin í leikhús þegar við vorum krakkar og sá áhugi slokknaði aldrei. Fyrir tuttugu árum ákvað ég því að fá útrás fyrir leikhúsáhugann og ganga til liðs við Hugleik, sem þá hafði starfað við góðan orðstír í fimmtán ár, og eftir það varð ekki aftur snúið.“

Þórunn er nokkuð einstakur leikritahöfundur því hún lætur sér ekki nægja að skrifa texta verkanna heldur semur hún líka þá tónlist sem flutt er í sumum sýningunum og söngtextana við þá, auk þess að hafa samið nokkrar óperur. Flestar óperurnar hefur hún samið fyrir nemendur Tónlistarskólans í Reykjavík og síðar MÍT. Hún hefur iðulega leikstýrt þeim sjálf og jafnvel séð um búninga og leikmynd, enda hefur hún áhuga á flestum þáttum leikhússins og hefur sótt margs konar námskeið á vegum Bandalags íslenskra leikfélaga. Hún segir það eiginlega hafa verið óvart sem hún fór að skrifa.

„Ég hélt alltaf að ég gæti ekki skrifað,“ segir hún og hlær. „Hélt að það væri bara fyrir mjög sérstakt fólk sem hefði náðargáfu. Ég lærði söng og fór í framhaldsnám til Bandaríkjanna þar sem ég lauk doktorsprófi í söng og söngfræðum og þar kviknaði líka áhugi minn á óperum. Þegar ég fór að semja leikrit fannst mér stundum bráðnaudsýnlegt að hafa tónlist í þeim, ég er ægilega veik fyrir orðaleikjum, rími og útúrnsnúningum og það er auðveldara að leika sér með slíkt í söngtextum en mæltu máli. Þannig þróaðist þetta áfram.“

Margvísleg samsömun við okkar tíma

Gestagangur gerist á hernámsárunum og er sjálfstætt framhald sýningarinnar Stund milli stríða, eftir Þórunni sem Hugleikur sýndi fyrir fimm árum og gerist á kreppearunum. Er þetta tímabil í íslenskri sögu henni sérstaklega hugleikið?

„Ekki beint,“ segir hún eftir dálitla umhugsun. „En þegar ég var að skrifa Stund milli stríða grúskaði ég mikið í gömlum heimildum frá miðri síðustu öld og fannst mjög áhugavert hversu margt af því sem þá einkenndi þjóðfélagið er enn við lýði. Mannlegt eðli hefur ekkert breyst á þessum tíma og það eru margs konar samsvaranir á milli okkar tíma og þess tíma sem

verkið gerist á. Það er töluverð spilling í gangi í verkinu, margir að nýta sér ástandið, en það er þarna líka ást og vinátta og allt þetta sem gerir okkur mannleg.“

Vildi skapa pláss fyrir skriftirnar

Þórunn starfar sem söngkennari við Menntaskóla í tónlist sem varð til við samruna Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH haustið 2017. Hún hafði áður verið aðstoðarskóllestjóri Tónlistarskólans í Reykjavík en ákvað að hætta til að fá meiri tíma fyrir áhugamálin.

„Þetta var bara orðið allt of mikið hjá mér,“ segir hún. „Eitthvað varð að víkja og ég ákvað sem sagt að það skyldi verða aðstoðarskóllestjórastarfið. Ég sé ekki eftir því.“

Það starf er þó ekki það eina sem Þórunn hefur lagt á hilluna til að fá meira rúm fyrir skriftir og starfsemi í leikfélaginu. Þrátt fyrir að vera með doktorspróf í söng hætti hún að mestu að syngja opinberlega fyrir tíu árum.

„Ég kom töluvert fram hér áður fyrr,“ útskýrir hún. „Hélt bæði ein-söngstónleika og söng með kammersveitum og kórum, en það var sem sagt kominn tími til að draga úr því eftir að skriftirnar fóru að kalla meira á mig.“

En hvað er það við leikhúsið sem heillar svona miklu meira en allt annað?

„Það er bara allt,“ segir hún eftir smávegis umhugsun. „Ég gleymi aldrei tilfinningunni sem greip mig á fyrstu sýningu á verki eftir mig og ég upplifði hlátur áhorfenda og önnur viðbrögð úr salnum við því sem ég hafði samið. Það er bara alveg ólýsanleg tilfinning. Svo er samstarfið í hópnum líka svo gefandi. Þarna er fólk sem hefur starfað með Hugleik í yfir þrjátíu ár og svo alltaf nýir og nýir meðlimir sem koma með nýtt blóð og nýjar hugmyndir.“

Leikararnir þekkja persónurnar betur

Rúmlega þrjátíu manns koma að sýningum á Gestagangi og Þórunn á vart orð til að lýsa því hvað þau hafi lagt mikið til sýningarinnar, sérstaklega leikstjórnin, Þorgeir Tryggvason sem fleiri þekkja sem einn af bókmenntagagnrýnendum Kiljunnar.

„Það var stórkostlegt að vinna þetta með Þorgeiri,“ segir Þórunn. „Hann hefur svo ferska sýn og kom með margar gagnlegar ábendingar um margt sem betur mætti fara, bæði í texta og áherslum. Mér var auðvitað frjálst að hafna þessum tillögum hans,

”

„Þegar ég fór að semja leikrit fannst mér stundum bráðnaudsýnlegt að hafa tónlist í þeim.“

en ég gerði það yfirleitt ekki því ég fann að þær gerðu verkið betra. Það er líka alveg óskaplega gaman að upplifa það að þegar leikararnir fara að kynast persónunum sem þeir leika þá eru þeir oft með ýmsar vangaveltur um það hvort þessi persóna myndi virkilega segja eitthvað á þennan hátt eða gera eitthvað svona. Þau fara alveg á bólakaf í persónurnar og sjá kannski í þeim eitthvað sem ég sá ekki þegar ég var að skrifa þær.“

Það er auðheyrt að skrifa og starfið með Hugleik er líf Þórunnar og yndi,

en hefur henni aldrei dottið í hug að skrifa eitthvað annað? Er kannski hálfkláruð skáldsaga í skúffunni?

„Ekkert sem hægt er að tala um á þessu stigi,“ segir hún varfærin. „Ég á langauðveldast með að skrifa samtöl og hef, eins og ég sagði áðan, óskaplega gaman af orðaleikjum, útúrnsnúningum og rími sem nýtur sín best í söngtextum. Jú, ég hef skrifað svolítið af ljóðum sem ekki hafa ratað í sýningarnar, en aldrei gefið neitt út. Það kemur kannski að því einhvern tíma, hver veit.“



Þórunn segir starfið með Hugleik hafa gefið sér ótrúlega mikið.



PBO silkiblússa verð ~~32.980 kr.~~
verð nú: 23.086 kr.

BLACK FRIDAY TILBOÐ

30-50%

afsláttur af völdum vörum

Gildir til 2.12.19



Mos Mosh verð ~~11.980 kr.~~
verð nú: 8.386 kr.



Mos Mosh verð ~~29.980 kr.~~
verð nú: 20.986 kr.



Depeche leðurjakkí verð ~~54.980 kr.~~
verð nú 38.486 kr.



Bitte Kai Rand pilsverð: ~~29.980~~
verð nú: 20.986



Mos Mosh verð ~~25.980 kr.~~
verð nú: 12.990 kr.



Engjateigi 5 // 581 2141 // hjagrafrhildi.is



Nero Giardini verð ~~25.980 kr.~~
verð nú: 18.186 kr.

Laugarnar
í Reykjavík




Fyrir
líkama
og sál



a

Afþreying

KROSSGÁTA

		MORKNA	SETJA	FRÁ	BÚA UM		UPP- HRÓPUN	BÆTUR	GJALD- MIDILL	OFBRÚKA	NES
	MISRÆÐI										
	RANGLA					SLÓÐA- DRAGA					
	POT			FUGLA- HLJÓÐ		DVALDIST			TVEIR EINS		
	VESKI			BLÁÐUR			ÍLÁT		LETURTÁKN		
	GERSIGRA		BIT				TULDRA		UTAN- HÚSS		
			HARMA						SELLA		
	↓	ENDAST	RÁS	BLADRA		SANKA SAMAN					LEIKUR
						RAKI					
HREKJA					KEYRSLA					SKVETTA	KVK NAFN
					FISKUR						
SKJÖGUR			HEPPNI				MUNNBITI				
			BOR				BRUGG				
HVORT		HEITI				SKRÓLT					
		HVÍLD				SEGI UPP					
VÍÐSKIPTI				MARG- NUGGA				AUSTUR- ÁLFA			
				LINNA				SEINNA			
	FREKJA				JAFNT				ERGJA		
	MÆLING				KAPÍTULI				NÍÐUR		
ORÐ- RÓMUR					TVEIR EINS		GÝÐJA			STRÍÐNI	
					DRYKKUR		EFLA			PILA	
LEYFIST		FÚI				HÁLFNADUR					
		TOTA				AFKVÆMI				BEIN	SVELGUR
SVIFDÝR			SPILA					ÞÁTT- TAKANDI			
			LOFT					Í VIÐBÓT			
LÍFFÆRI					BLANDAR				ÁSAMT		
					Í RÖÐ				FÆDDI		
NÝJA				PYNNU				ÆSINGUR			
LJÓSOEN						AFTUR- KIPPUR					

Létt					Miðlungs					Erfið				
7					8	4	1		6				4	
8	9		6	7 5	4	1			3			5	1	9
			4 8	6					5	8	9	6		
6			7			9	3 4		7	1	6 7		5	
9 7		8 2 5		4 6			6 8			6				4
		3		7	5		2 7	3		4		3 5		9
9	1 8				4						9	8		3
2 1 9			5 8		1			8 5		3		7 6		
				1		2	8 9	1			1			

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.




1 Ólafur Arnalds lauk nýlega lengsta tónleikaferðalagi sínu. Hvað hélt Ólafur marga tónleika á ferðalaginu og hvað tók það marga mánuði?



2 Samkvæmt bók Frjálsrar verslunar, 300 stærstu, sem kom út í vikunni er Icelandair Group stærsta fyrirtæki landsins. Hver var velta félagsins árið 2018 samkvæmt lista Frjálsrar verslunar?



3 Þróunarverkefnið BRÚIN hefur verið tilnefnt til verðlauna af European Social Services Awards (ESSA) í flokki „samvinnu“ (Collaborative Practice Award Nominees). Hvað er Brúin?



4 Matthías Imslund athafnamaður og Eva Björg Bragadóttir eru nýtt par. Við hvað starfar Eva?



5 Tónlistarmaðurinn Auður hélt nýverið tónleika til styrktar málstað sem stendur honum nærri. Hvaða málstaður er það?

JÓLAGJÖFIN HENNAR, LAXDAL DRAUMAKÁPAN



DÚNÚLPUR - GLÆSIKJÓLAR

LOÐSKINNSKRAGAR - SPARIBOLIR - SILKISLÆÐUR - GJAFAKORT



LAXDAL SKIPHOLTI
- DÁSAMLEG DÖMUBÚÐ -



TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

h

Hús & hóbýli
VERSLAÐ

Létt og ferskt
Fallegir hlutir
á heimilið



1. Flip-spegill frá Louise Roe Copenhagen, 70x40 cm. Móðern, verð frá 69.900 kr. 2. Veglegt bretti úr hnotu, 19x78 cm. Brettin eru fánleg í þremur stærðum. Dúka, verð 17.990 kr. 3. Töff blaðarekki. Húsgagnahöllin, 11.990 kr. 4. Barvagn úr stáli og reykliðuð gler. Esja Dekor, 32.990 kr. 5. Einstakur blómavasi. Eftirtekt.is, 2.850 kr. 6. Smart burstar til að dusta af með. Heimahúsið, 19.200 kr. 7. Fallegur teketill frá Broste Copenhagen. Húsgagnahöllin, 5.690 kr. 8. Handgerð skál með flottu mynstri, 23 cm. Bast, 7.995 kr. 9. Tilvalið sem hliðar- eða plöntuborð. Húsgagnahöllin, 10.990 kr. 10. Þriggja sæta sófi í fallegum djúpum lit, 230x95 cm. Heimili og hugmyndir, 219.000 kr.

MATHÚS
GARÐABÆJAR

Ísland 2016

GLÆSILEGT JÓLAHLAÐBORD OG HUGLJÚF STEMMNING
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.MATHUS.IS



ÖLL FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD FRÁ OG MEÐ 29. NÓVEMBER
PÁLL RÓSINKRANZ VIÐ UNDIRLEIK ÓSKARS EINARSSONAR.

BÓKIÐ TÍMANLEGA ÞVÍ ÞETTA ER VEISLA SEM ÞÚ VILT EKKI MISSA AF
Í SÍMA 571-3775 EÐA Á MATHUS@MATHUS.IS

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



**GRANÍT
STEINAR**

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

APOTEK
KITCHEN+BAR

JÓLIN Á APOTEKINU



FRÁ KL. 17

7 rétta jólaveisla

FORRÉTTIR

ÍSLENSKT LANDSLAG – Lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, graslauks-mayo, ediksnjör

GRAFINN LAX – Fennelkrem, dill-mæjó, stokkrósar-trönuberjum, hrogn, rúgbrauði

DÁDÝRA TATAKI – Pikklaður rauðlaukur, enoki sveppir, "crispy" kartöflur, trufflu & yuzu- mayo

PÖNNUSTEIKT RISAHÖRPUSKEL – Jólátré, beurre noisette og skyr

ADALRÉTTIR

ANDABRINGA – Eplapurée, epli, pikklað fennel og kirsuberjasósa

GRILLUÐ NAUTALUND – Steiktar næpur með trönuberjum og heslihnetum, jarðskokka og hvítsúkkulaði-purée, kaffi-hollandaise

EFTIRRÉTTUR

JÓLAKÚLA – Saltkaramellu- hvítsúkkulaðimús, epla- og engiferfylling, kryddkex

10.900 kr.

Borðapantanir á apotek.is

Aðeins framreitt fyrir allt borðið.

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // Sími 551 0011

h

Hús & hóbýli

LIST

Grunaður um að hafa stolið MONU LISU

Picasso (1881 - 1973) er meðal þekktari listamanna í listasögunni. Þótt flestir tengi hann við myndlist þá fékkst hann við ýmislegt annað á sviði lista eins og höggmyndir, leirlist, hönnun, ljóðagerð og fleira. Hann var einn af brautryðjendum í kúbisma en það var framúrstefnustíll sem braut sundur myndefni og setti þau saman aftur í abstrakt form. Picasso vann stutt og stöðugt í því að fara á móti gildandi reglum og hefðum í listsköpun sinni.




7 ATHYGLISVERÐAR STAÐREYNDIR UM PABLO PICASSO

Nafnið Picasso fékk listamaðurinn frá móður sinni en hann var skírður fremur löngu nafni

eða: Pablo Diego José Francisco de Puala Juan Nepomuceno María de los Remedios Cipriano de la Santísima Trinidad

Martyr Patricio Clito Ruíz y Picasso og því nokkuð augljóst að þörf var á styttingu og þjálfa listamannsnaflni.



Fyrsta orðið sem sagt er að Picasso hafi lært var „piz“ sem er stytting á spænska orðinu lápiz og þýðir pensill.

Picasso lauk við sína fyrstu mynd, le picador, níu ára gamall en hóf formlegt nám í listaskóla 13 ára eftir að hafa verið í læri hjá föður sínum en hann taldi að hann gæti ekki kennt honum meira í listum, enda þótti Picasso einstaklega efnilegur á sínu sviði.

Röndóttu peysan sem var svo einkennandi fyrir listamanninn var hönnuð af sjálfri Coco Chanel. Rendurnar í henni voru 21 talsins en hver þeirra átti að tákna sigur Napóleons.

Stal ekki Monu Lisu en var samt undir grun þegar málverkinu var stolið af Louvre-safninu árið 1911.

Ástæðan var sú að vinur hans, skáldið Apollinaire, var handtekinn fyrir verknaðinn og benti hann lögreglunni á Picasso.

Þeim var síðar báðum sleppt og Mona Lisa rataði aftur á vegg Louvre-safnsins.



Picasso var einstaklega afkastamikill um ævina en eftir hann liggja u.þ.b. 147.800 verk, 13.500 málverk, u.þ.b. 100.000 prentanir og grafíkmyndir ásamt 300 höggmyndum og 34.000 myndskreytingum.

Þrátt fyrir að enginn vafi hafi leikið á snilligáfum Picasso á sviði lista þá var hann baldinn í skóla og átti erfitt með að taka leiðsögn. Hann var því oft látinn sitja eftir í hvítum klefa en hann sagði að sér hefði líkað það einstaklega vel því þangað tók hann skissubókina með og teiknaði af miklum eldmód svo tímunum skipti. Síðar sagði hann að Paul Cézanne hefði verið sinn eini lærifaðir.



**„Allt sem þú getur ímyndað þér er raunverulegt.“
(Everything you can imagine is real) Pablo Picasso.**



FÆTUR TOGA

LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Sími: 55 77 100 www.faeturtoga.is

Opið mán-fös 10-18, lau 11-16

Við höfum opnað nýja og glæsilega verslun á Heilsuhæð Kringlunnar.

20% opnunarafsláttur vikuna

2.- 7. desember aðeins í Kringlunni.



Þú finnur heilsujólaggjöfina hjá okkur.





Fært í rúmið

Fátt er yndislegra en að vakna við dýrindis matarilm á jóladagsmorgun og enn betra er að fá matinn færðan í rúmið á fallegum bakka af sínum nánustu. Jólin eru tíminn til að nostra við sína nánustu, leyfa þeim að sofa út á meðan sparilegur morgunmatur er útbúinn. Hér eru nokkrar uppskriftir að einföldum og gómsætum morgunverðaréttum.

Umsjón / Guðrún Ýr Eðvaldsdóttir Stílisti / Ólöf Jakobína Ernudóttir Myndir / Hákon Davíð Björnsson

Ofnbökuð egg með parmesan fyrir 1

Dásamlegur morgunverður með lítilli fyrirhöfn.


- handfylli af spínati
- ½ lárpera
- 2 egg
- 1 msk.
- feta-ostur
- salt
- pipar

Hitið ofn í 180°C. Setjið spínat í botninn á litlu eldföstu móti, skerið lárperuna í þunnar sneiðar og leggið ofan á spínatið. Brjótið eggin ofan í mótið og sáldrið feta-osti yfir. Kryddið með salti og pipar eftir smekk. Bakið í 25-30 mín. Berið fram heitt.

Appelsínu-anishristingur fyrir 1

- safi úr einni appelsínu
- börkur af ½ appelsínu
- 2 dl mangó, frosið
- 1 banani
- ¼ tsk. anís, mulinn

Setjið allt í blandara og maukið þar til allt er orðið vel samlagað.



„Lítið þarf til að breyta til í þessum rétti, ólíkir ostar eða krydd geta gefið réttinum algjörlega nýtt bragð, um að gera að prófa sig áfram og aðlaga að sínum bragðlaukum.“



Egg eru ofurfæða

Egg eru fyrirtaks uppspretta B-vítamína sem eru nauðsynleg fyrir margs konar starfsemi líkamans. Egg búa einnig yfir góðum skammti af A-vítamíni sem er mikilvægt fyrir vöxt og þroska. E-vítamínið sem finnst í eggjum er einnig vörn gegn hjartasjúkdómum og sumum tegundum krabbameins. Í eggjum er einnig D-vítamín sem hjálpar til við upptöku steinefna og styrkir bein. Þá eru egg rík af jöði sem þarf til myndunar skjaldkirtilhormóna og fosfórs sem er nauðsynlegt fyrir bein og tennur.



Holl og góð

Lárpera er einstaklega holl og er notuð víða um heim sem meðlæti í stað þess að nota olíu eða smjör. Lárpera inniheldur mikið kalíummagn, eða um þrisvar sinnum meira en finnst í bönunum. Hún er einnig rík af B-, E- og K-vítamínum og inniheldur svo gott sem engan sykurl. Lárpera er líka trefjarík. Rannsóknir hafa bent til þess að neysla á lárperu lækki blóðsykur og lækki einnig magn kólesteróls í blóði.



Epli og appelsínur

Ávextir í nesti í skólann eða vinnuna eru góður kostur og hluti af því að borða 5 skammta af ávöxtum og grænmeti á dag. Það hjálpar okkur að fá fjölbreytt úrval af vítamínum, steinefnum og öðrum næringarefnum beint úr fæðunni. Einn ávaxtaskammtur er einfaldlega 1 heill ávöxtur, eins og til dæmis epli, appelsína eða banani hins vegar þarf 2 mandarínur og 2 kíví til að búa til einn skammt, og um 120 g af vínberjum og melónum svo fleiri dæmi séu tekin. 120 g af vínberjum er um 17-24 stk af vínberjum háð stærð þeirra.

Heimild: Doktor.is

Heslihnetuhafragrautur með sveskjum

- 70 g heslihnetur
- 30 g pekanhnetur
- ½ msk. kakó
- 100 g sveskjur
- 200 g tröllahafrar
- 1 tsk. vanillukorn



Ristið hneturnar á pönnu og færið yfir í matvinnsluvél. Maukið í 30 sek. og bætið við kakói, sveskjum, höfrum og vanillukornum. Maukið vel saman. Takið 60 g af hafrablöndunni og setjið í pott ásamt 1 dl af vatni og 1 dl af mjólk, sjóðið þar til blandan hefur þykknað. Berið fram heitt ásamt smávegis af mjólk, ávöxtum og sáldrið kakódufti yfir.



„Jólin eru tíminn til að nostra við sína nánustu, leyfa þeim að sofa út á meðan sparilegur morgunmatur er útbúinn.“

Listmunaupboð nr. 117

Fold uppboðshús kynnir

JÓLAUPPBOÐ

mánudaginn 2. desember og þriðjudaginn 3. desember,
kl. 18, báða dagana



Jóhannes S. Kjarval



Jóhannes Jóhannesson



Hafsteinn Austmann




Georg Guðni



Bragi Ásgeirsson



Gunnella



Trygvi Ólafsson

Forsýning á verkunum í Gallerí Fold

laugardag kl. 11–16, sunnudag kl. 12–16,
mánudag og þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á uppbod.is



Rauðarárstígur 14–16, sími 551 0400 · www.uppbod.is



Gestgjafinn
OSTAR

Takið ostinn úr ísskápnum a.m.k. einum klukkutíma áður en hann er borinn fram. Bragð ostanna nær ekki að njóta sín ef þeir eru kaldir, ostar eru bestir við stofuhita.

Þegar búið er að velja ostana á bakkann þá er gott að hugsa um hvað parast vel með þeim.

Ostar í veisluna

Ostabakkar eru löngu orðnir sígildir í veisluna og geta þeir verið mikil þrúði á borðinu. Úrval osta, bæði innlendra og erlendra, fer vaxandi á Íslandi og því verður auðveldara fyrir fólk að fara út í búð og velja skemmtilega og ólíka osta til að bera fram í boðinu.



Á mínu heimili tíðkast að búa til veglegan ostabakka með ýmsu meðlæti eftir morgunmatinn á aðfangadag. Bakkinn er síðan settur á borðstofuborðið og fær að sitja þar fyrir heimilismenn og gesti og gangandi til að narta í. Þannig er alltaf eitthvert góðgæti fyrir þá sem koma óvænt í heimsókn og við getum verið róleg í undirbúningi jólanna.

Það er tími og staður fyrir bragðbætta osta en ég hvet ykkur til að reyna að velja hreina osta þar sem bragð þeirra fær að njóta sín. Auðvitað eru engar reglur varðandi valið en gott er að miða við að vera með a.m.k. einn ost í hverjum flokki af eftirfarandi:

- **Þroskaður ostur** – t.d. gouda, port salut eða cheddar
- **Mjúkur ostur** – t.d. geitaostur, brie eða camembert
- **Harður ostur** – t.d. manchego, prima donna eða parmesan
- **Gráðostur** – gorgonzola, stilton eða roquefort

Þegar búið er að velja ostana á bakkann þá er gott að hugsa um hvað parast vel með þeim. Hunang er frábært með gráðosti og geitaosti og fíkjusulta passar með langflestum ostum. Þæklað grænmeti er gott til að hreinsa bragðlaukana á milli þess að naslað er á ólíkum ostum. Ferskir og þurrkaðir ávextir, ásamt

ólífum og hnetum, er fallett að setja á bakkann og þetta hráefni gerir alla osta betri. Einnig er gott að vera með dökkt súkkulaði, sterkt sinnep og ólífuolíu á bakkannum.

Vínber eru löngu orðin klassísk á ostabakkann en gaman er að breyta frá þeirri venju og reyna að velja aðra ferska ávexti, t.d. mandarínur, fíkjur og sneiddar perur. Best er að velja þá ávexti í búðinni sem líta vel út og eru ferskir.

Þegar raðað er á ostabakkann er gott að fylgja eftirfarandi röð: raðið ostinum á bakkann fyrst, setjið síðan skálar á bakkann með ólífum, þækluðu grænmeti og hunangi, næst er kjótálegginn raðað á bakkann, látið síðan ferska og þurrkaða ávexti og dreifið að lokum hnetum í bilin sem eftir eru.

Leggið hníf fyrir hvern ost svo ostarnir smitist ekki þegar þeir eru skornir niður.

Ólífur í chili- og appelsínulegi

Ólífnar eru bestar ef þær fá svolítinn tíma til að marinerast. Gott er að miða við u.þ.b. viku en þó má skella í þetta meðlæti kvöldinu áður og geyma í kæli yfir nótt. Einnig má setja þetta í fallega krukku, skreyta með borða og gefa í jólagjöf.

- 200 g ólífur
- 10 cm löng lengja appelsínubörkur, skorinn í mjóar ræmur
- 1 tsk. fersk tímíanlauf
- 10 sneiðar af þunnt sneidnum rauðum chili-aldin
- 1 dl góð ólífuolíu

Setjið allt hráefni í krukku og hellið síðan ólífuolíunni yfir. Geymið í kæli í a.m.k. sólarhring. Látið ná stofuhita áður en borið er fram.

Rauðvín og hvítvín hafa lengi verið þeir drykkir sem boðið er upp á með ostum en í þessum efnum má einnig færa út kvíarnar og prófa að bjóða upp á aðra drykki. Gerjaðir drykkir passa einstaklega vel með ostum og ríma við framleiðsluferli þeirra. Hin mikla gróska í bjórframleiðslu býður upp á mörg tækifæri til að prófa sig áfram með ólíkar bjórtegundir með ostunum. Fyrir þá sem ekki vilja drekka getur verið sniðugt að bjóða upp á te með ostunum. Svört te passa vel við geita- og sauðaosta, blómjurtate (eins og kamillu- og sífruste) parast vel við rjómakenna osta, eins og brie, og græn te parast vel við marga milda harða osta.



Eftirréttir



Jóla ostakaka

Ostakakan okkar með blönduðum skógarberjum
er dásemd á diskum og himnesk í munni

– Fáðu þér bragð af jólnunum

„Ég er vön að baka mikið fyrir jólin og fylli heimilið af kertum og jólaljósum þar sem mér finnst svo notalegt að lýsa upp skammdegið.“



Texti / Steingerður Steinarsdóttir Myndir / Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir



Ástríðufullur bakari

Hulda Viktorsdóttir hjúkrunarfræðingur á sér mörg áhugamál, meðal annars hönnun og förðun. Hún er líka ástríðufullur bakari og nýtur þess að skreyta kökur og bera þær fallega fram.

Ég byrjaði frekar ung að baka og fékk oft að baka þegar ég kom heim úr skólanum á daginn. Mómmu til lítillar ánægju þurfti hún þá að byrja á því að þrifa eldhúsið þegar hún kom heim úr vinnunni. Hennar mælikvarði á þrif í eldhúsinu var ekki sá sami og minn á þeim tíma en hún sýndi mér þó mikla þolinmæði,“ segir Hulda, spurð hvort hún hafi lengi haft áhuga á bakstri.

Hvernig er jólaundirbúningnum annars háttað hjá þér?

„Ég er vön að baka mikið fyrir jólin og fylli heimilið af kertum og jólaljósum þar sem mér finnst svo notalegt að lýsa upp skammdegið.“

Hvað finnst þér skemmtilegast við jólin?

„Mér finnst skemmtilegast að verja tímanum með fjölskyldu og vinum og borða góðan mat,“ segir Hulda. „Uppáhaldsjólakvöldin mín eru þegar við spilum spil langt fram eftir nóttu.“

Er einhver ómissandi jólasíður á þínu heimili?

„Við erum alls ekki föst í ákveðnum hefðum en síðastliðin sjö ár höfum við alltaf farið á tónleika með Baggalút í desember og gætum varla hugsað okkur að sleppa því,“ segir Hulda.

Hér gefur hún uppskrift að súkkulaðiköku með smjörkreminni og einnig uppskrift að smákökum með pekanhnetum og saltkaramellu.

Pekanhnetu- og saltkaramellu-smákökur

½ bolli ósaltað smjör
½ bolli sykur
½ bolli púðursykur
1 stk. eggjarauða
1 ½ tsk. vanilludropar
2 msk. súrmjólki
1 bolli hveiti
½ bolli kakó
½ tsk. salt



150 g pekanhnetur
15 stk. Walker's Salted Caramel Toffees
2 ½ msk. rjómi
saltflögur, ef vill
100 g suðusúkkulaði

Þeytið saman smjör, sykur og púðursykur þar til blandan verður létt og ljós, í u.þ.b. 2 mín. á miðlungshraða. Bætið eggjarauðu við og geymið eggjahvítuna þar til síðar. Bætið vanilludropum og súrmjólk saman við. Sigtíð þurrefnin og bætið þeim rólega saman við blönduna. Setjið deigið í plastfilnu og geymið í ísskáp í a.m.k. 45 mín.

Saxið pekanhneturnar smátt eða setjið í matvinnsluvél. Þeytið eggjahvítuna aðeins í höndunum með þeytara þar til hún verður að froðu. Gerið þá 18 g kúlur úr deiginu,



Pekanhnetu- og saltkaramellusmákökur.

veltíð þeim upp úr eggjahvítunum og síðan pekanhnetumulningnum og setjið á ofnplötuna. Gerið holu í miðju hveirrar köku með fingri. Bakið kökurnar í 10–12 mín. við 175°C blástur.

Geríð gatið í miðjunni örllítið stærra þegar kökurnar koma úr ofninum, til að búa til pláss fyrir karamelluna. Hægt að nota teskeið eða annað hentugt áhald.

Setjið karamellur og rjóma saman í skál og inn í örbylgjuofn. Best er að stilla á háan hita og hræra svo í skálinni með 30 sekúndna millibili þar til allt er brætt saman. Hellið þá karamellunni ofan í götin á smákökunum og stráðið örllitlu af saltflögum yfir, ef vill.

Bræðið suðusúkkulaði í örbylgjuofni eða yfir vatnsbaði og dreifið því síðan yfir hverja köku fyrir sig.



Súkkulaðikaka með smjörkreminni.

Súkkulaðikaka með smjörkreminni

Súkkulaðibotnar

670 g sykur
350 g smjör
4 egg
750 g hveiti
2 tsk. matarsódi
95 g kakó
6 tsk. vanillussykur
2 tsk. salt
300 ml vatn
400 ml súrmjólki



Þeytið saman smjör og sykur. Bætið eggjum síðan saman við. Blandið þurrefnum saman í eina skál og sigtið. Blandið súrmjólk og vatni saman í aðra skál. Blandið til skiptis þurrefnum og súrmjólkurblöndunni við eggjablönduna. Mikilvægt er að blanda öllu varlega saman. Setjið deigið síðan í form. Best er að nota tvö 24 cm form, og bakið við 180°C á blæstri í u.þ.b. 50–60 mínútur. Þetta er stór uppskrift en auð-

velt er að helminga hana og gera einn botn eða tvo þunna botna.

Smjörkrem

500 g smjör, við stofuhita
1 pakki flórsykur
2 tsk. vanillussykur
hvítur matarlitir

Þeytið smjör og flórsykur vel þar til kremið er orðið ljóst. Bætið svo vanillussykri og matarlit við.

Súkkulaðiþráð til skrauts

100 g súkkulaðihjúpur
1/4 bolli rjómi

Bræðið súkkulaðihjúpin og rjómann saman í skál í örbylgju á háum hita. Gott er að hræra í skálinni með 30 sekúndna millibili þar til súkkulaðið er alveg bráðið. Hægt er að bæta við meira súkkulaði eða rjóma til þess að fá rétta þykkt. Setjið súkkulaðið síðan í sprautupoka með litlum stút en einnig er hægt klippa aðeins af horninu á pokanum. Skreytið kökuna eftir smekk.



Black Friday
20% afsláttur
af öllum sundfötum í dag.



Selena

Bláu húsunum við Faxafen.S: 553 7355 www.selena.is

ILMUR JÓLANNA

og jólagjafir sem hlýja

HÁTÍÐARTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



CITIZ SINGLE

Vinsælasta kaffivélin
okkar árið 2019

*Finndu glinnu
innra með þér*



ESSENZA MINI SILVER

Nýr litur í takmörkuðu
upplagi



HÁTÍÐARKAFFI NESPRESSO 2019

Í ár er hátíðarkaffið með
sætum tónum og sækir innblástur
í norræna menningu



AEROCCINO 4

Mjólkurflóari fyrir
silkimjúka froðu

NESPRESSO®



2 ÁR A

GLÆÐNINGUR
FYRIR **FYRSTU**
100 GESTINA

Glæsileg afmælistilboð í Nespresso Kringlunni, Smáralind og í vefverslun.
20% afsláttur af kaffivélum, mjólkurflórum og fylgihlutum alla helgina.
Nældu þér í hátíðarkaffið 2019 – kaffibarþjónar okkar taka vel á móti þér.

what else?

TILBOÐIN GILDA FRÁ 29. NÓVEMBER - 2. DESEMBER



„Það er ævintýri að gerast túristi í eigin landi og upplifa norðurljósin, heitu pottana, nútíma íslenska matargerð og gestrisnina.“



Texti / Steingerður Steinarsdóttir



Sumar í sálina á miðjum vetri

Á veturna hefur fólk meiri þörf fyrir afþreyingu en á sumrin. Litríkur gróður, hlýrra veður og birtan dregur flesta út meðan á síðarnefndu árstíðinni stendur en myrkrið, kuldinn og lægðirnar sem ganga yfir landið kalla á einhverja skemmtun þegar sú fyrrnefnda er allsráðandi. Í vetur gæti verið gaman að nýta sér eitthvað af eftirfarandi.



Gleði og léttleiki

Shakespeare verður ástfanginn er léttur og rómantískur gamanleikur sem sýndur er í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir. Verkið er spunnið út frá ævi skáldsins án þess þó að nokkrar traustar heimildir liggja þar að baki. Hinn ungi Will Shakespeare glímur við ritstíflu og ekkert er almennt betra til að blása mönnum nýjum hugmyndum og sagnaranda í brjóst en einmitt ástin. Þetta er flott sýning og vel til þess fallin að senda áhorfandann glaðan heim að henni lokinni.



Jólin nálgast

Jólaævintýri Þorra og Þuru í Tjarnarbíói er góð leið til að koma sér í aðventustemningu. Þorri og Þura eru beðin um að

passa jólakristalinn, uppsprettu allrar jólagleði í heiminum meðan afi Þorra bregður sér af bæ. Þau slökkva hins vegar óvart á honum og þurfa að leggja upp í erfitt og tvísýnt ferðalag til að finna leið til að kveikja á honum að nýju.



Eitur

Þau **Nína Dögg Filippusdóttir** og **Hilmir Snær Guðnason** sýna stjórnuleik í sýningunni Eitur í Borgarleikhúsinu. Þau urðu fyrir áfalli sem sprengdi hjónabandið

og hann hélt utan til að hefja nýtt líf. Hún varð eftir í húsinu þeirra og reyndi að takast á við sorgina. Tíu árum síðar hittast þau aftur og þurfa að gera upp fortíðina. Þetta er mannleg og hlý sýning, oft nístandi sár en algjörlega frábær.



Gestagangur

Leikfélagið Hugleikur frumsýndi nýlega nýjan söngleik eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Verkið heitir **Gestagangur** og gerist á stríðsárum seinni heimstyrjaldarinnar í Reykjavík. Styrjöldin er hafin og Íslendingar reyna eftir bestu getu að haga seglum eftir vindi. Þegar Bretar hernema landið finna ráðamenn leiðir til að maka krókinn og breskir hermenn reyna að vingast við heimamenn, ekki síst stúlkurnar. Nýr fangavörður hefur tekið við Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og það kemur í hans hlut að hýsa óheppnar stúlkur, bæði þær sem komast í kast við ástandslögin og aðrar sem eiga einfaldlega ekki í önnur hús að vanda. Sýnt er í fyrrum nemendaleikhúsinu við Sölvhólsgötu.



Matur og drykkur með þínum allra bestu

Fátt er skemmtilegra en að elda og njóta matar með sínum nánustu. Salt eldhús gefur fólki færi á að læra eitthvað nýtt sem síðan má kynna fjölskyldunni eða hreinlega fara saman nokkur og takast á við nýjar áskoranir í matargerð. Í nóvember og desember eru mörg mjög spennandi námskeið í boði hjá þeim og Jóla-Galdrar er námskeið sem einmitt er tilvalið til að koma mönnum af stað í jólaundirbúningnum. Sigríður Björk Bragadóttir, einn eiganda Salt eldhúss, kennir hvernig búa má til kjúklingalifrarpaté, biscotti, karamellusósu og fleira gómsætt á jólaborðið. En þetta eru einnig fallegar og skemmtilegar jólagjafir.

Út að borða

Ómissandi hluti af aðventunni hjá mörgum er að fara út að borða. Velja sér flottasta, nýstárlegasta eða gómsætasta jólahlaðborðið og smala svo saman vinahópnum eða fjölskyldunni og fá sér eitthvað verulega gott. Veitingamenn mæla með að fólk panti tímanlega því staðirnir eru fljótir að fyllast í desember.



Helgarferðir

Vetrarfergurð er mikil víða á Íslandi og finna má ótal notalega og þægilega gististaði allt í kringum landið. Það er ævintýri að gerast túristi í eigin landi og upplifa norðurljósin, heitu pottana, nútíma íslenska matargerð og gestrisnina. Oft eru mjög hagstæð tilboð á kvöldverði og gistingu í vefverslunum og sniðugt að hafa augun opin fyrir slíku og halda svo af stað.

Jólatónleikar

Árlega bætist í hóp þeirra tónlistarmanna sem kjósa að halda jólatónleika. Tónlist er órjúfanlegur hluti af jólahaldi og það er bæði hátíðlegt og skemmtilegt að fara á tónleika fyrir jólin. Hvort menn kjósa að fara á stóran viðburð með tilheyrandi glysi og glamúr í einhverri tónleikahöll eða ganga inn í litla kirkju og hlusta á tvo tónlistarmenn miðla anda jólaanna er smekksatriði en hvort sem fyrri eða síðari kosturinn hjómar betur er nauðsynlegt að kaupa miða fljótt því eftirspurnin er mikil og margir viðburðir seljast upp um leið.



NÚ ER ÞAÐ

RAUÐTT

20%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
29.-30. NÓV.

FULLT AF TILBOÐUM

Á ALLT AÐ

60% AFSLÆTTI



Sendum frítt á næsta pósthús eða póstbox
ef pantað er fyrir 6.000 kr eða meira

 Marmot

 ARC'TERYX

patagonia

 SCARPA

Smartwool
Go far. Feel good.

 Black Diamond

Lifestykkjabúðin
Fákafeni 9 | 108 Reykjavík



FÖSTUDAGUR
TIL FJÁR

15% AFSLÁTTUR AF
BAMBUS NÁTTFATNAÐI
Í DAG 29.NÓVEMBER

Texti / Roald Eyvindsson



m

Menning

AFPREYING

Gaman að breyta eigin efni fyrir sjónvarp

Palomar Pictures, fyrirtæki Sigurjóns Sighvatssonar, hefur í hyggju að gera míniseriur upp úr glæpaþrífum Lilju Sigurðardóttur, Gildrunni, Netinu og Búrinu. Lilja hefur sem kunnugt er hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir bækurnar sem hafa notið alþjóðlegrar hylli. Hún segir tíðindin afar ánægjuleg.

Þetta hefur verið í farvatninu ansi lengi, sem er svolítið erfitt því við rithöfundarnir erum svo vanir þessum ársþring sem fylgir bóka-skrifum, útgáfu og eftirfylgni, en kvik-mynda- og sjónvarpsþáttagerð tekur mun lengri tíma. Ég var orðin hálfúrkula vonar á tímabili að það yrði eitthvað meira úr þessu en nú er þetta loksins að fara í gang. Handritaskrifin byrja á næsta ári og þá verða allar sögurnar aðlagðar að sjónvarpi.

Að sögn Lilju stendur til að gera míniseriur upp úr hverri bók, líklega þrjár sex þátta seríur, en upphaflega var ráðgert að kvikmynda eingöngu Gildruna, fyrstu bókina í þrífum. „Reyndar stóð fyrst til að vinna handrit upp úr henni fyrir sjónvarp,“ áreittar hún, „svo var þælingin að gera hana að bíómynd og nú hefur verið ákveðið að gera þætti upp úr öllum bókunum. Þannig að við erum komin í hring með þetta,“ segir hún og hlær.

Spurð hvort hún komi sjálf til með að taka þátt í skrifunum segir hún að í augnablikinu sé allt útlit fyrir það, já. „Ég hafði nú ekki ætlað mér það,“ tekur hún fram, „því sumir segja að það sé ekki gott að rithöfundar taki þátt í að aðlagja eigin skáldskap að kvikmyndum og sjónvarpi, en framleiðandi þáttanna, Sigurjón Sighvatsson, óskaði eftir því. Þannig að það verður bara gaman að breyta eigin efni fyrir sjónvarp.“

Upphafið að nýrri seríu

Óhætt er að segja að Lilja sé með mörg járn í eldinum um þessar mundir því hún og Baltasar Kormákur hafa undanfarið verið að skrifa sjónvarpsþáttaseríu upp úr upphaldsbók þeirra beggja, Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness, og segir Lilja að þau séu komin langleiðina með að klára verkið. Ekki nóg með það því Lilja kemur einnig að gerð annarra þátta úr smíðju Baltasars, vísindaskáldskaparseríunni Kötlu sem hefur verið lengi í þróun hjá



fyrirtæki Baltasars, RVK Studios, og verður framleidd af bandarísku efnisveitunni Netflix. Það eru þau Sigurjón Kjartansson, Davíð Már Stefánsson og Lilja sem skrifa handrit þáttanna.

„Þannig að ég er mikið í sjónvarpskrifunum núna,“ segir Lilja og hlær.

Sigurjón Sighvatsson. Mynd / BB

Vinsæll þrífur

Óhætt er að segja að þrífur Lilju hafi notið alþjóðlegrar hylli, en bækurnar hafa verið vinsælar meðal lesenda víða um heim og sömuleiðis unnið til ýmissa viðurkenninga og verðlauna. Fyrsta bókina, *Gildran*, var m.a. tilnefnd til hinna eftirsóttu alþjóðlegru glæpasagnaverðlauna *Gullna rýtingsins*, *The CWA International Dagger*, í flokki þýddra bóka árið 2018, og einnig tilnefnd til franska glæpasagnaverðlauna, *Prix Meilleur Polar*, hjá Points sama ár. Bækurnar þrjár eru komnar út á ýmsum tungumálum s.s. ensku, frönsku, dönsku og pólsku og eru síðan væntanlegar á enn fleiri tungumálum á komandi ári, s.s. makedónsku, þýsku, sænsku og arabísku.



Lilja Sigurðardóttir rithöfundur. Mynd / Hákon Davíð Björnsson



Þrífurinn *Gildran*, *Netið* og *Búrið fjallar í stuttu máli um Sonju, lesbíu og einstætt foreldri sem leiddist út í eiturlyfjasmýgl með óhugnanlegum afleiðingum.*

Þrátt fyrir annríki segist hún þó engu að síður ætla að halda sig við þá hefð að skrifa eina glæpasögu á ári. „Þannig býst ég fastlega við að nýjasta bókina mín, *Helköld sól* sem kom út núna í ár, sé upphafið að nýrri seríu. Sagan er sjálfstæð en ég reikna með að persónurnar muni koma fyrir í fleiri bókum, enda spennandi karakter,“ segir hún og hvetur sem flesta að kíkja á árlegt glæpasagnakvöld, sem verður haldið í Iðnó miðvikudaginn 4. desember í næstu viku, en þar ætla hún og fleiri rithöfundar einmitt að ræða nýjustu verk sín. „Þetta verða sem sagt ég, Yrsa Sigurðardóttir, Óskar Guðmundsson, Ragnar Jónasson og svo heiðursgesturinn, hin sænska Lina Bengtsdotter sem er stórt nafn í þessum glæpasagnaheimi. Rithöfundurinn Sjón stýrir svo umræðunum. Þannig að þetta á eftir að verða létt og skemmtilegt kvöld fyrir unnendur glæpasagna. Ég lofa því.“

En aðeins aftur að þrífum, hvað er þetta stór framleiðsla og hvenær reiknarðu með að tökur hefjist. „Ég hugsa að þetta verði nú framleitt í alþjóðlegu samhengi, mestmegnis tekið upp á íslensku en eitthvað á ensku líka, því söguvið bókanna teygir anga sína út í heim. Annað er of snemma að ræða, enda allt á frumstigi,“ segir hún hress.

Baltasar Kormákur. Mynd / Bragi Þór Jósefsson



SVARTUR FÖSTUDAGUR Í REKKJUNNI 20-40% AFSLÁTTUR

VERÐÆMI

KING KOIL

ALPINE PLUSH KING SIZE



-40%

VERÐ 213.459 KR.
VERÐ ÁÐUR 355.765 KR.

-20%
AF 2020 LÍNUNNI
AF KING KOIL

-30%

AF ÖLLUM AUKAHLUTUM.
KODDUM | SÆNGUM | LÖKUM
HLÍÐARLÖKUM | O.S.FRV.

-40%

AF ELDRI GERÐUM
KING KOIL

rekkjan

HEILSURÚM

Albumm

TÓNLIST

Tók upp í herberginu sínu

Tónlistarkonan **Matthildur** gaf út sína fyrstu stuttskífu, **My Own**, á dögunum. Lögin á plötunni eru sjö talsins og eru öll samin af henni sjálfri, en í flestum tilvikum eru þau tekin upp inni í herbergi hjá henni. Matthildur nálgast tónsmíðarnar eins og dagbók.



Tónlistarkonan Matthildur var að gefa út sína fyrstu stuttskífu.

Það hefur eiginlega alltaf verið þannig að ég prófa mig áfram í því sem ég hef áhuga á, ég er svolítill grúskari í mér. Um leið og ég fékk mína fyrstu tölvu fór ég til dæmis að prófa mig áfram í forritum sem tengdust tónlist eða annarri listsköpun. Það varð til þess að ég fór að nálgast tónlistina mína eins og eins konar

og flutning. Í fyrri vann hún líka með vini sínum, tónlistarmanninum Auði, sem hún kynntist í gegnum tónlistina en þau syngja saman lagið Jákvaður á plötu hans Afsakanir, sem hefur fengið frábæra dóma. „Lagið er um að taka einn dag í einu og horfa fram á við með bjarsýnisaugum,“ segir hún um lagið og bætir við að hún

sé blanda af því,“ segir hún og getur þess að hún líti mikið upp til tónlistarfólks eins og James Blake, Kehlani og Emiliönu Torrini.

En hvað er fram undan? „Fyrsta breiðskífan kemur út á næsta ári. Þetta verður góð blanda af glænýju efni sem ég hef unnið á árinu og eldra efni sem hefur ekki heyrst. Mikið af spennandi efni sem ég hlakka til að deila með fólki. Svo er von á nokkrum tónlistarmyndböndum og ég er þar að auki að fara að vinna með tónlistarfólki að alls konar verk efnum.“

„Um leið og ég fékk mína fyrstu tölvu fór ég til dæmis að prófa mig áfram í forritum sem tengdust tónlist eða annarri listsköpun. Það varð til þess að ég fór að nálgast tónlistina mína eins og eins konar dagbók eða skissubók.“

dagbók eða skissubók, þar sem ég prófa eitthvað á hverjum degi og sé hvert það leiðir mig,“ útskýrir Matthildur, sem semur, flytur, tekur upp og hljóðblander sjálf öll lögin á plötunni.

„Vinnuferlið byrjar oftast fyrir framan píanóið heima. Ég finn einhverja hljóma og máta saman mögulega laglínuna og texta. Svo fer ég með þetta í tölvuna og vinn með grunninn sem varð til við píanóið.“ Hún segist fá hugmyndir á öllum tímum sólarhrings. „Oftast vinn ég tónlistina mína inni í herbergi og fer síðan í bíltúr og hlusta á hana nokkrum sinnum. Það getur verið algjört lykilatriði að skipta um umhverfi í smástund.“

Frábært að vinna með Auði

Matthildur kom fyrst fram opinberlega á Iceland Airwaves 2018 og vakti þar athygli fyrir söng

se þakklát fyrir að vera hluti af plötunni og fyrir að fá að vera í kringum svona yndislegt tónlistarfólk. Hún segir að það hafi sömuleiðis verið frábær upplifun að koma fram í annað sinn á Airwaves, en þar tróð hún upp í ár ásamt þeim Bergi Einari, Magnúsi Jóhanni og Pétri Jónssyni.

Breiðskífa væntanleg á næsta ári

Spurð hvort hún aðhyllist einhverja tiltekna tónlistarstefnu í sinni listsköpun segist hún sækja innblástur úr ýmsum áttum. „Ég hlusta mest á „RnB“, „soul“ og popp, það má kannski segja að þetta

Sandi tónlist við heimildarmynd um síðustu snjóhúsin

Tónlistarmaðurinn **Birgir Hilmarsson**, sem sló á sínum tíma í gegn með hljómsveit sinni **Ampop**, hefur svo sannarlega komið víða við á ferlinum.

Nýverið samdi hann alla tónlistina fyrir heimildarmyndina **The Last Igloo**, sem fjallar um veiðimann á Grænlandi og snjóhús (igloo) sem hann býr til. Í myndinni er sjónum beint að snjóhúsunum sem eru talin vera með elstu byggingarformum heims, en vegna hlýnandi veðurfarfars hefur ísinn á Grænlandi og snjóhúsin bráðnað hraðar en nokkru sinni fyrir. Hægt er að nálgast tónlistina úr myndinni á öllum helstu streymisveitum.



Texti / Steinar Fjeldsted

DIAGRAM SENDIR FRÁ SÉR NÝTT MYNDBAND

Nýlega kom út myndband með hljómsveitinni **Diagram** við lagið **All Night**. Lagið er hluti af rokk og ról plötu sveitarinnar **Transmission Response**, sem kom út fyrr á árinu á vegum **Fuzz Club Record**. Myndband við annað lag af plötunni, **In My Heart, In My Soul**, leit áður dagsins ljós.

Diagram hófst sem sólóverkefni **Hákonar Aðalsteinssonar** (The Third Sound, Gunman & The Holy Ghost, The Brian Jonestown Massacre) sem hann vann að í hléum milli annarra verkefna,

en varð að tveggja manna hljómsveit þeirra Hákonar og **Fred Sunesen** þegar kom að því að flytja tónlistina á tónleikum. Hljómsveitin er einmitt á leið í tónleikaferðalag í Þýskalandi, Sviss og Frakklandi.

Myndbandið við **All Night** er unnið úr myndefni frá fyrstu tónleikum sveitarinnar sem fóru fram í Berlín í sumar en það er unnið af **Daisy Rickman** og **Theo Taylor**.

Hægt er að sjá myndbandið á albumm.is.

HEFUR ENGU GLEYMT

Fyrir skömmu sendi tónlistarmaðurinn **Pröstur Elvar Óskarsson** frá sér raf/danslagið **Flam Bang Money Scam**. Pröstur vakti fyrst athygli á tíunda áratugnum þegar danstónlist sveita eins og **Daft Punk**, **Chemical Brothers** og **The Prodigy** tröllriðu heimsbyggðinni. Þar var Ísland engin undantekning en ein þeirra mörgu raf/danssveita sem komu hér fram á sjónarsviðið hét **Súrefni** og hana skipuðu umræddur Pröstur og félagi hans **Páll Arnar Sveinbjörnsson**.



Pröstur Elvar Óskarsson.

Lag sveitarinnar **Disco** naut mikilla vinsælda á sínum tíma. Fyrirnefnt lag Prastar, **Flam Bang Money Scam**, þykir vera virkilega þétt og sýnir að kappinn hefur engu gleymt.

Hægt er að hlusta á það á albumm.is.

Albumm mælir með



Babies-ball á Hressingarskálanum

Annað kvöld, laugardaginn 30. nóvember verður haldið **Babies-ball** á Hressingarskálanum. Tilvalið tækifæri til að hrista úr sér vetrarhrollinn og hafa gaman. **DJ KGB** heldur mannskapnum við efnið strax á eftir. Ballið byrjar klukkan 22 og er enginn aðgangseyrir.



Sveimhugar í Stúdentakjallaranum

Hljómsveitin **Sveimhugar** stígur á stökk í Stúdentakjallaranum annað kvöld, laugardagskvöld og spilar ljúfa tóna. Vinur Sveimhuga, **Stefán Þór Friðriksson**, byrjar fjórið klukkan 21 og svo stíga Sveimhugar á svið klukkan 21.45. Ókeypís er inn á tónleikana.

Auður og Hljómsveit í Gamla bíói

Tónlistarmaðurinn **Auður** gaf út sína aðra breiðskífu, **Afsakanir**, í nóvember í fyrri en hún hlaut góðar viðtökur og var valin plata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2019. Auður ætlar að enda árið með stæl á **Græna Hattinum** 28. og 29. desember og í **Gamla bíói** 27. desember klukkan 19.30 og klukkan 22, en hann hélt einmitt eftirminnilega og vel heppnaða útgáfutónleika í Gamla bíói. Nánari upplýsingar á Facebook-síðu tónlistarmannsins, albumm.is og á tix.is.



Útgáfutónleikar Une Misère

Hljómsveitin **Une Misère**, sem hefur vakið athygli fyrir góða tónlist og líflega sviðsframkomu, heldur tónleika í tengslum við útgáfu sinnar fyrstu plötu, **Sermon**, í lönd þann 14. desember. Tónleikarnir hefjast klukkan 21. Miða er hægt að nálgast á [Tix.is](http://tix.is).



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Hitum
upp

Svartur föstudagur

30-50% afsláttur

fatboy



-50%

Pupillow Velvet

Púðinn sem er einstaklega gott að flatmaga á og láta fara vel um sig.

Verð 18.250 kr.

Verð áður 36.500 kr.



-30%

Klaid

Teppið sem verður besti nýji vinur þinn við fyrstu snertingu.

Verð 10.430 kr.

Verð áður 14.900 kr.



-30%

Doggielounge

Besti vinur heimilishundsins.

Verð 8.190 kr.

Verð áður 11.700 kr.



-30%

Lampie On

Hlaðanlega ljósið í myrkrinu.
(allt að 24 tíma ending á rafhlöðu)

Verð 6.923 kr.

Verð áður 9.890 kr.



-50%

Non-Flying Carpet

Hefur þig dreymt um að fljúga á teppi?

Verð 11.350 kr.

Verð áður 22.700 kr.



-40%

Rockcoco

Lýsir lífið skemmtilegum ljóma.

Verð 55.320 kr.

Verð áður 95.200 kr.

Komdu í verslun Fatboy Ármúla 44
og Gerðu frábær kaup

1

Lífsstíll
TÍSKA

Þessi kjóll er frá kanadíska merkinu Nonie en Meghan klæðist gjarnan kjólum í þessu sniði.

Meghan klæddist dökkblárrí kápu og bar hatt frá Philip Treacy fyrir í mán- uðinum.

Fljótlega eftir að Meghan klæddist þessum fjólubláa kjól frá Aritzia seldist hann upp.

Meghan klæddist þessum maxi-kjól úr smíðju ástralska hönnuðarins Martin Grant einn daginn meðan á heimsókn hennar til Suður-Afríku stóð nú í september.



Meghan klæddist þessum flotta kjól frá Parosh í október og bar tösku frá Montunas.

Þessi samfestingur sem Meghan klæddist er frá merkinu Everlane.

Hér má sjá Meghan í Club Monaco-kjól.



MEGHAN MARKLE MESTI TÍSKUÁHRIFA- VALDURINN

Meghan Markle hertogaynja er sögð áhrifamesta konan 2019 hvað klæðaburð og tísku varðar.

Breskir fréttamiðlar segja frá því að tölur úr tískuleitarvélinni Lyst hafi leitt í ljós að klæðnaður Meghan veiti mörgum innblástur. Niðurstöður Lyst sýndu að fjöldi kvenna keypti sér alveg eins eða samskonar flíkur og Meghan klæddist á þessu ári.

Hér sjáum við nokkur dress sem hún hefur klæðst undanfarið.



„Niðurstöður Lyst sýndu að fjöldi kvenna keypti sér alveg eins eða samskonar flíkur og Meghan klæddist á þessu ári.“

GÆÐASKÓR
UNDIR
JÓLATRÉÐ



LYTOS

LE FLORIAN
4 SEASONS

Vatnsheldir

Vibram sóli

Verð: **19.995**

Stærðir: 36-47



LE FLORIAN
HIGH

Vatnsheldir

Vibram sóli

Verð: **24.995**

Stærðir: 36-47

TITLIS JAB

Vatnsheldir

Verð: **19.995**

Stærðir: 36-47



ARCO TRAIL
OG OSLO

Kuldaskór með

innbyggðum

broddum í sóla

Vatnsheldir

Verð: **17.995**

Stærðir: 36-47



sh

Séð og Heyrt
ALLIR GETA DANSað

GETA ALLIR DANSað?

Önnur þáttaröð Allir geta dansað, hefst í sjónvarpi í kvöld, föstudaginn 29. nóvember. Sú fyrri sló í gegn og má búast við að margir aðdáendur dans og/eða fræga fólksins muni sitja límdir við skjáinn. Það er einvala lið 10 þekktra einstaklinga sem mun keppa með dansfélögum sínum. Öll eru þau þekkt fyrir annað en danstakta en flest þeirra eiga sameiginlegt að hafa keppt í öðrum greinum áður og farið með sigur af hólmi og því er líklegt að keppnisskapið verði mikið á dansgólfinu.



Eyjólfur Kristjánsson (58)

Eyfi er alvanur sviðsljósinu. Hann hefur um árabíl verið einn ástsælasti söngvari og lagahöfundur þjóðarinnar. Hann hefur rúllað inn lögum í Söngvakeppni sjónvarpsins og einu sinni staðið á stóra sviðinu í keppninni þegar hann flutti vinsælasta íslenska lag keppinnar, Draumur um Nínu, ásamt Stefáni Hilmarssyni á Ítalíu árið 1991. Lagið sigraði ekki Evrópu en hefur síðan þá verið ódauðlegt á mannamótum þjóðarinnar. Eyfi hefur brallað margt á ævinni, hann lauk ekki stúdentsprófi enda heillaði tónlistin meira en allt en hann lærði á píanó í tónlistarskóla FÍH. Flugnámið heillaði líka og byrjaði Eyfi að læra en móðir hans sem var hrædd um þetta nám sonarins og þverneitaði að greiða fyrir frekara nám. Eyfi kenndi líka á skíði í mörg ár í Kerlingarþverneitaði að greiða fyrir frekara nám. Eyfi kenndi líka á skíði í mörg ár í Kerlingarþverneitaði að greiða fyrir frekara nám. Eyfi kenndi líka á skíði í mörg ár í Kerlingarþverneitaði að greiða fyrir frekara nám. Eyfi kenndi líka á skíði í mörg ár í Kerlingarþverneitaði að greiða fyrir frekara nám.



Hafsteinn Þór Guðjónsson (35)

Haffi Haff er fæddur og uppalinn í Bandaríkjunum. Hann er menntaður förðunarfræðingur og fatahönnuður en hefur þó vakið mesta athygli fyrir tónlistina. Hann hefur meðal annars tekið þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins nokkrum sinnum þar sem hann hefur vakið athygli fyrir lífliga sviðsframkomu og útgeislun. Haffi hefur einnig unnið sem plötusnúður og útsetjari. Hann tók þátt í Wipeout Ísland árið 2009, þar sem hann kom flestum á óvart og vann með yfirburðum. En þó að Haffi sé ekki þekktastur fyrir afrek á íþróttasviðinu, þá hefur hann hlaupið maraþon, enda hugsar hann vel um heilsuna. Haffi hefur sagt foreldra sína það mikilvægasta í lífi sínu. Hann fór snemma til sjós með föður sínum, sem er skipstjóri í Alaska, og segir sjómenskuna hafa þroskað sig hratt og þakkar hana getunni til að takast á við ólík og krefjandi verkefni.

Sólveig Eiríksdóttir (59)

Solla heilsufrömuður er landsþekkt sem Solla á Gló, veitingastaðir sem hún stofnaði og starfrækti þar til í haust þegar hún og eiginmaður hennar seldu eignarhlut sinn og sögðu að kominn væri tími til að njóta og gera aðra hluti. Solla mun þó starfa þar sem ráðgjafi til ársins 2021. Hafa þau látið hafa eftir sér að það standi ekki til að opna fleiri veitingastaði. Stuttu fyrir sóluna gifti Solla sig, eftir að hafa verið í sambandi með unnusta sínum, Elfasi Guðmundssyni, í tæpa tvo áratugi. Solla rekur einnig Himneskt ehf. sem framleiðir og selur heilsuvörur og hún hélt upp á 55 ára afmælið með útgáfu bókarinnar Himneskt að njóta, ásamt dóttur sinni. Velgengni Solla í veitingabransanum byggðist á dugnaði og því að hún lagði hjarta sitt og sál í verk. Það verður því spennandi að fylgjast með henni á dansgólfinu og einnig að sjá hvað hún tekur sér fyrir hendur þegar hún leggur dansskóna á hilluna.



„ÞAD ER ENGINN AÐ FARA AÐ VINNA ÞETTA NEMA ÉG.“

Ólafur Örn Ólafsson (50)

Ólafur Örn framreiðslumeistari er best þekktur fyrir hæfileika sína sem vínþjónn og kokkur. Hann ferðaðist vítt og breitt og heimsótti matreiðslumeistara erlendis í sjónvarpsþáttunum Kokkafلاك, var dómari í Masterchef Ísland, rak veitingastaðinn Dill, sem seinna hlaut fyrstur íslenskra staða Michelin-stjörnu, ásamt því að hafa rekið fleiri veitingastaði, en sá nýjasti er Hagavagninn í Vesturbænum sem er feikilega vinsæll. Ólafur Örn er ekki bara smekkmaður á mat og vín, heldur líka á fatnað. Hann verslar aðallega í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og gengur alltaf með bindi. Ólafur Örn situr nú hinum megin við borðið og lætur aðra dæma sig, en hann hefur látið frá sér eftirfarandi: „Ég hef aldrei keppt í neinu, var aldrei í íþróttum og spila sjaldan en það er enginn að fara að vinna þetta nema ég.“



Jón Viðar Arnþórsson (36)

Jón Viðar bardagakappi hefur langa reynslu að baki í hreyfingu, þó ekki þeim töktum sem dansgólfið krefst, þó að hann sé alvanur að dansa í kringum andstæðinga sína í bardaga. Jón Viðar er einn af stofnendum og eigendum ISR Matrix Iceland og Mjólnis, en hefur selt eignarhlut sinn í Mjólni. Hann hefur starfað í lögreglunni og hefur farið í gegnum sérsveitarþjálfun. Í dag starfar hann við að þjálfa fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga í neyðarvörn og þryggistöku. Jón Viðar hefur einnig séð um stjórnun slagsmálaatriða og áhættuatriða í íslenskum vikmyndum og þáttum. Jón Viðar er forfallinn aðdáandi Bruce Lee og varði meiri tíma í menntaskóla að kynna sér hann en námsbækurnar. „Ég veit allavega að Bruce Lee var Cha cha cha-meistarinn í Hong Kong,“ segir Jón Viðar og gaman verður að sjá hvort hann verði jafnoki átrúnaðargoðs síns. Jón Viðar safnar fornritum og þá helst fyrstu prentunum af Íslendingasögum, frá 17. og 18. öld. Hann er einnig félagi í Ásatrúarfélaginu en þó ekki virkur. Jón Viðar er mikill keppnismaður og mun væntanlega mæta með keppnisskap sitt til þátttöku.

footner®



Eins og að dýfa fótunum í ís!

Nýtt!



PICK-ME-UP Endurnærandi Sorbet

- Mýkjandi og rakagefandi fótakrem með A, E & F vítamíni og extrakt úr rauðvínslaufum
- Kælandi áhrif vegna mentýl laktats
- Ekkert klístur – frásogast hratt inn í húðina
 - Ferskur og mildur ilmur

Fæst í næsta apóteki!

Alvogen

Vilborg Arna Gissurardóttir (39)

Vilborg Arna er lærður ferðamálafræðingur, ævintýrakona og pólfari. Hún gekk ein síns liðs á suðurpólinn árið 2012 og tókst það á 60 dögum. Fimm árum seinna komst hún á topp Everest fyrst íslenskra kvenna. Árið 2014 reyndi hún við toppinn en tókst ekki í það sinn en vann við hjálparstörf eftir að mannskæðasta snjóflóð í sögu Everest skall á 500 metrum fyrir ofan grunnbúðirnar, þar sem hún aðsmálum, hefur starfað sem stundakennari og unnið að fjölbreyttum ráðgjafaverkefnum. Hún starfaði meðal annars hjá Saga film sem sölu- og markaðsstjóri en í dag starfar hún hjá Tindar Travel, sem er ævintýraklúbbur útivistarfólksins. Síðasta fjall sem Vilborg kleif er Ama Dablam í Nepal, þar sem hún frumsýndi um leið kærastann á samfélagsmiðlum.



Valdís Eiríksdóttir (27)

Vala er dagskrárgerðarkona á útvarpsstöðinni FM957, þar sem hún er með þátt alla virka daga. Vala hefur sagt bransann erfiðan og að þeir sem í honum starfi þurfi að þola allskonar umtal. Hún segist ekki hafa fundið fyrir því að vera kona, frekar aldrinum, en Vala var 22 ára þegar hún byrjaði á FM957 og segist hafa þroskast heilmikið í bransanum. Vala dundar sér við að semja tónlist í frítímanum. Hún æfir pole fitness af kappi en hún féll fyrir íþróttinni árið 2016 þegar hún var kynnr á Pole Fit Open-móti í Gamla bíói. Segir hún pole fitness vera fallega, sársaukafulla og krefjandi íþrótt. Sömu orð má nota um dansinn sem Vala reynir nú við.



Regína Ósk Óskarsdóttir (41)

Regína Ósk söngkona er ein af Eurovision-stjörnum landsins, hún hefur farið út nokkrum sinnum sem bakraddarsöngkona og einu sinni með vinningslag ásamt Friðriki Ómari, This Is My Life. Ástríða þeirra á keppninni varð kveikjan að Eurobandinu en þau troða reglulega upp og á programminu eru aðeins Eurovision-lög sem þau syngja á fjölda tungumála. Regína Ósk er ein af bakraddarsöngkonum landsins, en hún hefur einnig verið ein af ABBA-skvísunum í vinsælum sýningum í Hörpu, auk þess að syngja ein á sviði og gefa út plötur undir eigin nafni. Hún er einnig vinsæll veislustjóri í félagi við Selmu Björns, þar sem hún stóllur stýra veislunni og skella svo í allsherjar sýningu og ball á eftir, enda báðar alvanar að koma fram á sviði. Regína lét einu sinni hafa eftir sér í viðtali að hún horfði á The Bachelor og The Biggest Loser, og stæði sig stundum að því að vera með snakk þegar fólkíð væri að púla og púla. Fastlega má gera ráð fyrir að sjónvarpsáhorfendur verði með snakk á kósíkvöldi þegar Allir geta dansað verður á skjánum.

Veigar Páll Gunnarsson (39)

Veigar Páll, þjálfari hjá Stjörnunni og fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu, lék með liðum í Noregi og Frakklandi, áður en hann flutti alfarið heim í draumahúsið í Garðabæ með fjölskylduna. Að sögn Veigars segja foreldrar hans endurtekið söguna af honum þegar leið yfir hann af frekju þegar móðir hans bannaði honum að fara út í fótbolta því að klukkan var orðin of margt. Veigar Páll fær sér allt nema hratt á pylsuna og segir að titill ævisögu hans verði Ein með öllu. Hann missti bróður sinn fyrir nokkrum árum sem var hans dyggasti stuðningsmaður í boltanum. Veigar Páll sagði í viðtali eftir bróðurmissinn að hann fyndi fyrir nærveru hans á vellinum.

**UNGFRÚ
REYKJAVÍK &
UNGFRÚ ÍSLAND
ÁRIÐ 2002**

Manuela Ósk Harðardóttir (36)

Manuela Ósk hefur verið undir smásjá þjóðarinnar síðan hún var krýnd ungrú Reykjavík og ungrú Ísland árið 2002. Eins og frægt varð klæddist hún rauðum kjól sem var gjöf frá hnefaleikakappanum Mike Tyson, sem Manuela Ósk hitti þegar hún var í verslunarferð í Bandaríkjunum. Manuela Ósk bjó lengi í Bandaríkjunum en býr núna á Íslandi. Hún hefur nýtt sér reynsluna úr fegurðarbransanum og er annar eigandi Miss Universe Iceland en keppnin hefur verið haldin fjögur ár í röð við góðan orðstír. Manuela Ósk lauk námi við Fatahönnunardeild LHÍ og hefur mikinn áhuga á tísku og hönnun, sem er lykilatriði í hennar bransa. Manuela Ósk er ein af samfélagsmiðlastjörnum landsins og hefur meðal annars verið ófeimin við að segja fylgjendum sínum á Instagram frá þeim fegurðaræðgerðum sem hún hefur farið í. Hún skellti einnig í leik þar sem slík aðgerð var í verðlaun. Hún stofnaði nýlega ásamt öðrum heilsumiðstöðina Even Labs og langar að verða hundrað ára gömul og líta vel út. Gott útlit getur Manuela Ósk að hluta til þakkað þeirri staðreynd að hún hefur aldrei bragðað áfengi.



BLACK FRIDAY FÖSTUDAGINN 29. NÓVEMBER

20% afsláttur af öllum vörum og
40-50% afsáttur af völdum vörum
á sérstöku BLACK FRIDAY TILBOÐI

* ATH! Afsláttur er aðeins þennan eina dag hefst á miðnætti og er til miðnættis.



Active Bolur
2.495 kr
~~4.990 kr~~



Midi kjóll
6.594 kr
~~10.990 kr~~



Toppur
2.495 kr
~~4.990 kr~~



Joggers
2.495 kr
~~4.990 kr~~



Blúndukjóll
4.495 kr
~~8.990 kr~~



Gallabuxur
4.192 kr
~~6.990 kr~~

Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

sh

Séð og Heyrt
FRÆGA FÓLKIDHERRA
HNETUSMJÖR
& BÓ

... að rapparinn Herra Hnetusmjör hafi „droppað“ nýjasta lagi sínu á miðnætti. Þar fær hann engan annan en sjálfan konunginn Björgvin Halldórsson sér til liðs. Lagið heitir Þegar þú blíkkar og mun líklega fara vel ofan í tónlistaraðdáendur á aðventunni.

... að nýjasta bók Óskars Magnússonar, rithöfundar og lögfræðings með meiru, tróni í fyrsta sæti metsölulista kilja. Þar skákar hún engum öðrum en konungi spennusagnanna á heimsvísu, sjálfum Stephen King. Óskar nær ekki ekki að skáka íslenska spennusagnakonunginum, Arnaldi Indriðasyni, sem alla jafna á fyrsta sætið víst í jólabókaflóðinu.

... að einhver hafi orðið á undan hljómsveitar-meðlimum DIMMU að fá sér einkanúmerið Dimma á bíl sinn. Ingólfur H. Geirdal, gítarleikari DIMMU, rak augun í bílinn í umferðinni og vakti athygli á þessu á gamansaman hátt á Facebook. Það er kannski aukaatriði að Ingó á ekki bíl til að setja númerið á, en hann á hins vegar nóg af gíturum, sem er mun mikilvægara fyrir hann.

... að Karen Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, hafi gert góð kaup á Netinu. Eiríkur Jónsson segir frá því á vefsíðu sinni að Karen, sem er mikill göngugarpur, hafi keypt „mjög gagnlegt tæki sem gerir konum kleift að pissa standandi. Mikilvægt á vetrarferðum á fjöllum og jöklum. Svokallað þarfapung!“ Það vita flestir að konum er jafnnaðsynlegt að pissa af og til standandi eins og karlmönnum er hollast að pissa sitjandi.

... að dansarinn Javi Valiño sem mun stíga á svið í kvöld með dansfélaganum Vilborgu Örnú Harðardóttur fjallagarpi í Allir geta dansað, hafi orðið 28 ára gamall í vikunni. Javi keypti sér nýlega nýjan bíl, gullfallegan Ford Mustang, sem er, eins og kvikmyndaaðdáendur vita, sama tegund og kappinn John Wick keyrir um á.

VERÐLAUNA
LEIKURHVER ER
KAPPINN?

Í síðustu viku brugðum við á leik og spurðum hvaða viðburð forsetahjónin fyrirverandi Ólafur og Dorrit hefðu mætt á. Réttu svarið er Innra líf heysátu, sýning Gabrielu Friðriksdóttur í listasal Gamma á Listahátíð árið 2016. Greinilegt var að spurningin vafðist fyrir fólk, þrátt fyrir að svarið „Listahátíð“ hefði dugað. David Park var dreginn úr hópi þeirra sem sendu inn rétt svar og fær hann eintak af kökublaði Vikunnar.

Núna spyrjum við: Hver er kappinn sem hér sést í ræktinni og fyrir hvað er hann þekktastur?

VÍSBENDINGU VERÐUR AÐ FINNA Á MANNLÍF.IS.

Sendið svarið á ragna@birtingur.is eða í bréfpósti til: Birtingur, Síðumúla 28, 108 Reykjavík, fyrir fimmtudaginn 5. desember. Heppinn vinningshafi fær eintak af jólablaði Gestgjafans.

DRÍFANDI DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er afmælisbarn helgarinnar, en hún verður 29 ára á laugardag, 30. nóvember. Áslaug Arna tók við embætti dómsmálaráðherra þann 6. september og sagðist fara inn í ráðuneytið með tvö gildi að leiðarljósi: **Að auka frelsi og einfalda líf fólks.**



Mynd / Heiðis Guðbjörg Gunnarsdóttir

Áslaug Arna er yngsti ráðherra ríkisstjórnarinnar og býr að fjölbreyttri starfsreynslu fyrir stjórnmalabrásið, hún starfaði meðal annars sem blaðamaður á Morgunblaðinu og lögreglumaður hjá lögreglunni á Suðurlandi. Hún lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2017, á sama tíma og hún var ritari Sjálfstæðisflokksins (2015-2019). Hún hefur verið alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður síðan 2016 og setið í fjölda nefnda að auki.

Ætlaði sér stóra hluti

Sumarið 2016 var Áslaug Arna í forsíðuvíðtali Nýs lífs, þar sem hún ræddi markmið sín í lífinu, sigra og sorgir. Þar kom fram

að hún ætlaði sér stóra hluti í framtíðinni, stefndi á þing og vildi leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Það má því segja að Áslaug Arna sé vel á veg komin með að uppfylla markmið sín frá sumrinu 2016.

Þú vekur eftirtekt hvar sem þú ferð og í mannfjölda hvíla allra augu á þér. Þú ert skörp og hreinskiptin persóna og frjálseg og stórbrotin í fasi og háttalagi, segir í Nýju afmælisdagabókinni um afmælisbörndagsins, sem segir einnig starf við hæfi afmælisbarnsins vera stjórnmalamaður, íþróttamaður eða stjórnandi fyrirtækis.

Auk þess að sinna erfiðu og krefjandi starfi sinnir Áslaug Arna einnig félagslífinu, hún

er vinamörg, mætir í göngur, ferðast til útlanda og fleira. Og deilir hluta af lífi sínu á samfélagsmiðlum, svona eins og stjórnmalamenn nútímans gera.

Áslaug Arna deilir afmælisdegi með merkjum þjóðarleiddoga, Winston Churchill (1874), fyrrum forsætisráðherra Bretlands, og einnig rithöfundinum Mark Twain (1835).

„Það sem drífur mig helst áfram er trúin á íslenskt samfélag, á samfélag sem getur verið yfirburða á svo marga vegu og á sama tíma hlúð að þeim sem þurfa á því að halda,“ sagði Áslaug Arna í Auði, blaði Sjálfstæðiskennda. Einnig drífur hana áfram trúin á framtaksmátt einstaklingsins og jöfn tækifæri.

Fylgst með foringjanum fækka hárum.



Hornstrandir með Magnúsi bróður.



Brúðkaup hjá vinahjónum á Seyðisfirði.

SYSTKININ
MAGNÚS OG
NÍNAMeð pabba í
útgáfubóði
Ragnar
Jónas-
sonar.

Krúttleg í Qatar.



Veislustjóri í brúðkaupi pabba síns.



Vinkonur og samráðherrar Þórdís Kolbrún.

Læra menn
kókugærdarlistina í
Sjálfstæðisflokknunum.Ljósafossgangan
nóvember.

**SVARTUR
FÖSTUDAGUR**

**laugardagur
og sunnudagur**

3

**FRÁBÆRIR
VERSLUNAR-
DAGAR**

**-20% af öllum vörum
og jafnvel meira af sumum vörum**

habitat 



TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



Stór pizza m/ 2 áleggjum

Large pizza with 2 toppings.

2.290 kr.

Velkomin! Fjölbreytt úrval af pizzum og meðlæti.



Castello - Pizzeria | Dalvegi 2, 201 Kópavogur | Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður | Sími 577 3333

castello.is

MANNLÍF

BIRTINGUR EHF

ÚTGÁFUFLAG

SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK

S: 5 15 5500

44. TÖLUBLAÐ 3. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 29. NÓVEMBER 2019

mannlíf.is

Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Elísabetu Yri Atladóttur

Börn sem ljúga

■ Karlmaður kom fram í fjölmiðlum og hélt því fram að barnið hans hefði logið upp á hann kynferðisofbeldi. Hann heldur því fram að ásökunin sé tálmunarvopn barnsmóður hans.

Annar karl stofnaði samtök sem kenna sig við jafnrétti foreldra, eftir viðtal þar sem hann sagði dætur sínar ljúga upp á hann andlegu ofbeldi. Aftur, allt eitthvað sem barnsmóðir hans átti að eiga upptökin að.

Systkini sögðu að faðir þeirra hafi beitt þau ofbeldi en var aldrei trúað, og móðir þeirra var máluð sem tálmunarmóðir á opinberum vettvangi fyrir að reyna að vernda þau. Þau fengu ekki uppreist æru fyrir en þau voru nógu gömul til að koma fram sjálf og segja frá. Enginn trúði þeim fyrr, og enn eru sumir sem reyna að mála allt sem heilapvott frá móður þeirra.

Kennari í áhrifastöðu skrifaði greinar um hvernig vernda þarf kennara, því börn ljúgi svo mikið upp á þá.

Starfsfólk sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu sagði í viðtali nýlega að ekkert væri að ferlum í umgengnis- og forsjármálum hjá því, þrátt fyrir skýr gögn um annað.

Þetta er brot af þeim dæmum sem til eru um hvernig börn eru sögð lygarar af fólkinu sem á að vernda þau. Rauði þráðurinn er að börn séu alltaf að ljúga upp á saklausa menn alls konar ofbeldi, að auðvelt sé að heilapvo þau. Fólk fyllist reiði þegar það heyrir af ofbeldi gegn börnum. Fólk vill vernda börn. Allt of stór hluti barna er beittur ofbeldi, oftast af fólkinu sem stendur þeim næst. Kynferðisofbeldi gegn börnum er langoftast framið af föður þeirra. Börn sem eru vitni að ofbeldi föður þeirra gegn móður upplifa það sem ofbeldi gegn þeim sjálfum. Við vitum hversu hryllileg áhrif ofbeldi hefur á börn. Samt er því haldið fram að börn séu alltaf að ljúga um ofbeldi. Af hverju fá þau aldrei að njóta vafans?



RISA TILBOÐ Á SVÖRTUM FÖSTUDEGI Í NETTÓ!

FLEIRI TILBOÐ Í VERSLUN!

Nautalund

Danish Crown

2.999 KR/KG

ÁÐUR: 4.999 KR/KG

-40%



Hangigrís

úr hnakka

-58%

1.175 KR/KG

ÁÐUR: 2.798 KR/KG



Lambabógur

899 KR/KG

ÁÐUR: 1.199 KR/KG

-25%



Tilboðin gilda 29. nóv - 1. des

Gerðu gæða- og verðsamanburð

FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

10% afsl. af öllu í versluninni

25% afsl. af allri mjúkvöru

30-70% af völdum vörum



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150 | Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00
Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

MARGT & MIKIÐ

HOLTASMÁRA 1 • MARGTOGMIKID.IS



BRJÁLADA BRAUÐRISTIN

Skemmtilegt og fjörugt spil þar sem reynir á hraða, skerpu og samhæfingu augna og handa. Hver leikmaður fær pönnu og disk. Á disknum eru brauðsneiðar með mismunandi áleggi, s.s. osti, sultu og eggj. Brauðristin er hlaðin með brauðsneiðum sem er skotið á loft. Leikmenn nota pönnurnar til að reyna að ná sneiðum með áleggi sem samsvarar því sem er á disknum þeirra. En varist brauðsneiðar með úldnum fiski! Ef þær lenda á pönnunni verður leikmaður að skila brauðsneið.



BRJÁLADA BRAUÐRISTIN

2-4 • ±10 • 4+
kr. 4.790

FRÁBÆRT ÚRVAL AF SPILUM FYRIR ALLAN ALDUR



SKAMMTAÐU, LEIRAÐU, GISKAÐU!

Spilað er í liðum þar sem leikmenn skiptast á að leira og giska hvað verið er að leira á undan andstæðingunum. Frábært spil sem kemur fjölskyldunni til að skemmta sér saman og hleypa út sínum innri listamönnum.

RAPIDOUGH

4 • ±40 • 8+
kr. 4.950

PANTAÐU Á
margtogmikid.is
OG FÁÐU SENT

OPIÐ
ALLA DAGA
VIRKA DAGA
11-18
HELGAR
11-17

PANTADU Á
margtogmikid.is
OG FÁDU SENT


WACACO[®]
nanopresso

VERTU ÞINN EIGIN KAFFIBARÞJÓN

verð frá kr. 9.990



MARGT & MIKIÐ

HOLTASMÁRA 1 • MARGTOGMIKID.IS